

FRÉTTABLAÐIÐ

256. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

LAUGARDAGUR 29. OKTÓBER 2016



Þitt er valið!


Hvaða áhrif hafa útstrikanir á listum í alþingiskosningum?
Geta einstakir frambjóðendur orðið af þingsæti? ➔24



Smyglaði
læknadópi á
Litla-Hraun ➔32



Leitaði skjóls í
jökulsprungu ➔26



Fleiri keppendur
niðurlægðir ➔34

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK
• VERKFRÆÐI OG ARKITEKTÚR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið
Fréttablaðið í heild
sinni á Vísí og í
Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á vísir, ís/ísl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
...allt sem þú þarft

Yogasmiðjan

Notaleg yogastöð með
opnum tímum og
námskeiðum - sem
geta hugsanlega bætt
þína líðan

yogasmidjan.is

Fylgstu með okkur á
Facebook: Yogasmiðjan



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Veður



Gengur í austan hvassviðri eða storm sunnan- og suðvestanlands með talsverðri rigningu, en dregur úr vindi eftir hádegis. Síðdegis bætir í vindinn norðan- og austantil með slyddu eða rigningu. Hlýnar eftir því sem liður á daginn.

SJÁ SÍÐU 48



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Segir Pírata varla stjórn-málaflokk

Leiðtogar þeirra flokka sem bjóða fram til Alþingis mættust í umræðuþætti á RÚV í gær. Leiðtogar flokka sem mælast inni á þingi mættust í fyrri hluta þáttar en aðrir í seinni hlutanum.

Til skörpustu deilnanna kom þegar Bjarni Benediktsson, Sjálfstæðisflokkurinn, spurður um hvaða möguleika flokkurinn ætti þegar kæmi að stjórnarsamstarfi eftir kosningar.

Bjarni sagði samstarf við Pírata ólíklegast. „Mér finnst þetta varla vera stjórn-málaflokkur, meira hreyfing sem hefur hrist upp í hlutunum.“ Þá vék myndavél RÚV að Birgittu sem hélt á lofti fjólubláum miða sem á stóð „#Panama“.

Bjarni hélt áfram og sagði: „Mér finnst flokkurinn hvorki tilbúinn með alvöru stefnumál né hafi komið þannig fram og hegðað sér þannig að hann sé tilbúinn að taka ábyrgð.“

Birgitta skaut inn í stuttu síðar og svaraði: „Hvaða vitleysa er þetta?“

Stuttu síðar vék umræðunni að fjármögnun stefnumála framboða, en öll framboð eiga það sameiginlegt að vilja innviðaupbyggingu í landinu. „Það er ekkert eins hættulegt og stjórnmalamaður í kosningaham,“ sagði Benedikt Jóhannesson, Viðreisn, og vísaði til þess að Viðreisn vilji ekki lofa öllu fögru gegn atkvæðum heldur treysta á varanlegar lausnir, til að mynda með því að festa gengi krónu við erlendan gjaldmiðil. – þea

Myndir með forseta og rektor



Nemendum Menntaskólans í Reykjavík stóð til boða að fá mynd af sér með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, og Yngva Péturssyni rektor gegn því að styrkja Einstök börn, stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða skerðingar. Myndatakan var liður í árlegri góðgerðavíku Framtíðarinnar, annars nemendafélaga skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Már gagnrýnir Iceland Watch

Morgunblaðið birti á heilsíðu auglýsingu erlenda þrústíðsins Iceland Watch í gær. Sama auglýsing var einnig birt á fimmtudag.

Í auglýsingu er flennistór mynd af Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og spurt er hver greiði fyrir opinbera spillingu og mismununarreglur á Íslandi. Í samtali við fréttastofu segir Már að auglýsingin hafi ekki raskað ró sinni því hann sé ýmsu vanur.

Staðhæfing um háttsettan starfsmann Seðlabankans hefur vakið athygli en í auglýsingu segir: „Við höfum nú komist að því að verið er að rannsaka innanhúss Sturlu Pálsson, háttsettan aðila í Seðlabanka Íslands, fyrir meintar innherjaupplýsingar.“ Már segir þetta ekki eiga við nein rök að styðjast.

„Þeir eru hér með þessari auglýsingu að henda stríðshanska inn í íslenska kosningabaráttu,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra. – þea, þþ

Náðu neyðarsendinum úr brimhvítu hafrótinu

Neyðarsendir frá franskri skútu var sóttur í kolniðamyrkri og mikilli öldu. Sendirinn er ekki miklu stærri en epli. Hann gaf frá sér ljós sem þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar kom auga á og var sigmaður sendur að sækja hann.

SAMFÉLAG „Neyðarsendirinn fer í gang um leið og hann snertir sjóinn. Við fundum hann þrátt fyrir hafrótið því merkið sem kemur frá sendinum er mjög nákvæmt,“ segir Sigurður Ásgeirsson, þyrluflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, en áhöfn hans fór að Selatanga, rétt hjá Grindavík, til að sækja neyðarsendi sem þar var í gangi.

Áhöfnin sá brátt ljóstýru frá neyðarsendinum og seig Teitur Gunnarsson sigmaður niður eftir honum. Komíð hefur í ljós að sendirinn var af erlendri skútu, Red Heol, sem ætlaði að koma til Asoreyja 16. júlí í sumar. Einn maður var um borð en líklega varð hann bráðkvaddur um borð og hefur skútuna rekið um hafíð. Líkið af manninum fannst svo daginn eftir.

„Neyðarsendirinn gefur út ótrúlega nákvæmt merki og hver sé skráður eigandi. Við fljúgum þannig lagað séð beint á hann og notumst við sérstakar miðunargræjur til að sjá hann nákvæmlega. Tilkynningin kom um fimm leytið um nóttina og við notuðumst við neyðarsendina. Neyðarsendirinn er með litlu ljósi sem nætursjónaukinn magnar mjög mikið upp. Þannig lagað séð var þetta litlið mál,“ segir Sigurður hógvæ. Skútan hafði brotnað í spón þegar hana rak upp á klettana og dreifðist hún víða um fjórurnar.

„Við vildum ekki að sendirinn væri í gangi því hann gæti truflað önnur merki þannig það þurfti að sækja hann og slökkva á honum.“

Neyðarsendirinn er ekki miklu stærri en epli að sögn Sigurðar og hægt er að fá enn minni sendi sem gæti nýst fólki í vanda. „Það er hægt að fá svona neyðarsenda fyrir fólk og þetta er mjög sniðug græja eins og til dæmis fyrir rjúpnaskyttur. Þetta spar-



Aðstæður við Selatanga voru erfiðar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Tilkynningin kom um fimm leytið um nóttina og við notuðumst við nætursjónauka. Neyðarsendirinn er með litlu ljósi sem nætursjónaukinn magnar mjög mikið upp. Þannig lagað séð var þetta litlið mál.

Sigurður Ásgeirsson, þyrluflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni



ar tíma við leit því staðsetningin sem hann sendir er svo nákvæm. Ef fólk er að verða úti eða drukkna eða hvað sem er þá þarf ekki að leita lengi og gætu þeir bjargað mannlífum. Þeir eru með litlu ljósi og við sjáum ljós langt frá.“

Áhöfnin

Sigurður Ásgeirsson flugstjóri
Jóhannes Jóhannesson flugmaður
Teitur Gunnarsson sigmaður
Jón Tómas Vilhjálmsson spilmáður
Jón Örvar Kristjánsson læknir

Ferðalag Red Helo

7. júlí Skútan fer frá portúgölsku borginni Porto í vikusiglingu til Asoreyja.
11. júlí Leit hefst.
18. ágúst Leit hætt og skútan talin af.
28. ágúst Flutningaskip sér skútuna um eitt þúsund mílur suðsuðvestur af Reykjanesi.
26. október Neyðarsendirinn sendir merki.
27. október Líkamsleifar skipstjórans, Josephs Le Goff, finnast.

Dublin

Flug og hótél | 3. nóv. | 3 nætur

Frábært verð frá: 49.900 kr.
og 12.500 Vildarpunktur.

Á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði á O'Callaghan Mont Clare.
Verð án Vildarpunkta: 59.900 kr.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA
1956 - 2016

Kosninga loforð



25%
afsláttur

af allri málningu
alla kosningahelgina
þú velur litinn!



PARKET ÚTSALA

20-40% afsláttur af ÖLLU parketi

1.373 kr/m²

~~2.289~~ kr/m²

Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

40%
afsláttur

20% afsláttur
af ÖLLUM verkfærum



STANLEY

HITACHI
Inspire the Next

BLACK &
DECKER

DEWALT

Jólabandið í Skútuvogi

Jólabandið hefur glatt börn
og fullorðna í áratugi



MUNIÐ AÐ
SKODA
FUGLANA
Í BLÓMAVALI

Helgartilboð Blómavals



RÓSIR 10 STK.
FERSKAR OG FLOTTAR
1.990
~~2.490~~

JÓLASTJARNNA
STÓR OG FLOTT
1.490
~~1.990~~

**ALLIR
FÁ ÍS**
Á LAUGARDAG
Í SKÚTUVOGI
KL. 12-16

blómaval



Byggjum á betra verði

www.husa.is

TÖLUR VIKUNNAR 23.10.2016 – 29.10.2016



131 nauðgun var tilkynnt til lög-reglu árið 2014.



365

daga getur sá þurft að bíða sem þarf á endurhæfingu á Reykjalundi að halda.



5% hælisleitenda á þessu ári eru Sýrlendingar.

500

milljónum minna fær lögreglan í landinu en hún fékk árið 2007.



876

störf verða til á Keflavíkurflugvelli, gangi spár eftir.



15.743

Íslendingar mega kjósa í fyrsta skipti í alþingiskosningum í dag.


31.812

innflytjendur voru á Íslandi í upphafi þessa árs.



Þrjú í fréttum Fegurð, endurhæfing og hvalur

Arna Ýr Jónsdóttir, fegurðardrottning Íslands, hætti þátttöku í fegurðarkeppninni Miss Grand International í Las Vegas í kjölfar þess að stjórnendur keppinnar sögðu henni að grenna sig. Ákvörðun hennar vakti athygli víða um heim. Eftir að hafa séð skilaboð Örnú á Snapchat um að henni liði ekki vel ytra ákvað blaðakonan og feminístinna María Lilja Þrastardóttir að bóka flug heim fyrir fegurðardrottninguna.



Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir að nú berist 60-70% fleiri beiðnir um meðferð á Reykjalundi en þjónustusamningurinn við ríkið leyfi. Frá hrúni hefur fjármagn til starfsmanna verið skert um 25 til 30%. Heilsuhagfræðileg úttekt sýndi að sex vikna meðferð, sem kostaði 1,2 milljónir fyrir hvern einstakling, skilaði að meðaltali 9,7 milljónum til samfélagsins.



Pamela Anderson, leikkona og dýravínur, lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið að hún hefði farið til Rússlands til að reyna að stöðva ferðir skips með íslenskt hvalkjöt. Pamela, sem er stjórnarmaður í samtökunum Sea Sheperd, segir Kristján Loftsson, eiganda Hvals hf., kalla mikla skómm yfir alla íslensku þjóðina.



Vitlausasti tíminn til að kjósa

Nýtt Alþingi hefur einungis tvo mánuði til þess að samþykkja fjárlagafrumvarp næsta árs. Varaforseti Alþingis segir stöðuna alvarlega. Ráðuneytin eru langt komin í undirbúningi sínum við gerð frumvarpsins.



Þótt ekkert liggi fyrir um það hvaða flokkar mynda næstu ríkisstjórn eða hversu langan tíma stjórnarmyndunarviðræður munu taka, er ljóst að eftir einungis tvo mánuði þarf að samþykkja fjárlagafrumvarp næsta árs.

Kristján Möller, fyrsti varaforseti Alþingis, segir að sú ákvörðun að kjósa að hausti til sé sú vitlausasta sem hefði verið hægt að taka. „Ég hefði annað hvort viljað vera búinn að því, til dæmis strax eftir forsetakosningar, eða gera það um miðjan febrúar. Sérstaklega út af fjárlögum en líka út af undirbúningi flokkanna og þar með talið prófkjörum,“ segir Kristján. Hann minnr á að ef í hönd fer heilt kjörtímabil þá verður aftur kosið á þessum tíma eftir fjögur ár.

Kristján segir að vanda þurfi vinnuna við fjárlagafrumvarpið, eins og önnur lög. „Fjárlög eru lög frá Alþingi. Þetta er ekki eitthvað stefnumótunarplagg. Þetta eru lög sem þurfa að fara í þrjár umræður og nefndarvinnu. Fjárlaganefnd þarf að senda málið út til umsagnar og kalla til sín fullt af aðilum, eins og venja er,“ segir Kristján. Hann segir stöðuna grafalvarlega. Kristján bendir að sama skapi á að það verði að samþykkja fjárlagafrumvarpið fyrir áramót, annars megi ríkið í rauninni til dæmis ekki greiða út laun.

Fjármálaráðuneytið hefur alla jafna verið að leggja síðustu hönd á fjárlagafrumvarpið í síðasta hluta ágúst-mánaðar og það síðan verði lagt fyrir þing þegar það kemur saman fyrir miðjan september. Alþingi hefur þá rúma þrjú mánuði til þess að fjalla um fjárlagafrumvarpið og samþykkja það sem lög. Núna er liðið undir lok október.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, segir að hefðbundnum undirbúningi



Bjarni Benediktsson fjármálaráðgjafi kynnir fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015. Fjárlagafrumvarpið í ár verður lagt fram mun seinna en áður hefur tíðkast. Ráðuneytisstjórinn segir þó undirbúning ganga vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

●● **Þetta er ekki eitthvað stefnumótunarplagg. Þetta eru lög sem þarf að fara í þrjár umræður.**

Kristján Möller
1. varaforseti Alþingis



ingi við fjárlagafrumvarpið miði vel fram. „Okkar vinna miðast við það að ný ríkisstjórn geti af skilvirkni lokið umfjöllun um frumvarpið og komið því fyrir þingið sem allra fyrst. Þannig að þingið hafi þá sem mest

●● **Það er alveg ljóst að það verður að samþykkja fjárlög fyrir áramót með einhverjum hætti.**

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri



ráðrúm til þess að fjalla um frumvarpið og afgreiða það. Það er þó ljóst að það verður með óhefðbundnum hætti einfaldlega vegna þess að tímaramminn er allt annar en verið hefur,“ segir hann.

Guðmundur segir að vinna ráðuneytisins miðist við að ný ríkisstjórn myndi hafa svigrúm til að setja sínar eigin pólitísku áherslur inn í frumvarpið.

Guðmundur segir enga varaáætlun vera til ef Alþingi næði ekki að ljúka fjárlagafrumvarpinu í tæka tíð. „Það má ekkert gjald greiða nema með heimild í fjárlögum, þannig að það er alveg ljóst að það verður að samþykkja fjárlög fyrir áramót með einhverjum hætti.“

Guðmundur bendir jafnframt á að Alþingi hafi samþykkt fjármálaáætlun til fimm ára í ágúst. Á þeim grunni sé byggt í fjárlagafrumvarpinu. jonhakon@frettabladid.is



Rödd alltaf rödd bakatil í draumunum

Rödd sem heyrst varla
Rödd sem hverfur ekki
Skrýtið

Rödd sem er líf
Ég finn fyrir henni
bakatil í draumunum

Alltaf

1.

Metsölulisti Eymundsson

Ljóðabækur vika 42



Ljóð muna rödd er ein persónulegasta og áhrifamesta ljóðabók sem Sigurður Pálsson hefur sent frá sér.

GILDIR 28.10.16 - 31.10.16

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19,35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

Vilja ekki að skurður sé fylltur

UMHVERFISMÁL Eigendur Akkrakots á Álftanesi mótmæla fyllingu skurðar á mörkum jarðarinnar. Sú framkvæmd er hluti af endurheimt votlendis Kasthúsatjarnar að því er segir í bréfi landeigendanna til Garðabæjar.

„Samkvæmt upprætti Landgræðslunnar á að fylla alla skurði í landi bæjarfélagsins, sem tilheyrðu Landakoti. Einnig er fyrirhuguð fylling í landamerkjaskurð Landakots og Akkrakots,“ segir í bréfi landeigendanna. „Það kom landeigendum Akkrakots í opna skjöldu þegar í ljós kom að votlendisvinna og undirbúningur hafi farið fram með þeim hætti að land okkar kæmi þar ekki inn. Við eigum stóran hlut í tjörninni. Við mótmælum framkvæmdum á landamerkjaskurði og óskum eindregið eftir því að við okkur verði rætt,“ skrifa Akkrakotsmenn. – gar



Menn gera vel við sig í mat og drykk þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Smásöluverslun eykst mikið

VERSLUN Mikil veltuaukning var í smásöluverslun í septembermánuði, samkvæmt samantekt Rannsóknaseturs verslunarinnar (RV). Þetta er til marks um greinilega kaupmáttaraukningu frá sama mánuði í fyrra, segir í frétt RV.

Í sumum vöruflokkum jókst veltan um fjórðung frá því í fyrra, má þar nefna húsgögn, byggingavörur og snjallsíma. Velta dagvöruslana var 9,1 prósent meiri en í september í fyrra og sala áfengis í september, í líturum talið, um 15,7 prósentum meiri á milli ára.

Kíppur varð í fataverslun í september, sem var 8,3 prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra. Að magni til jókst sala á fötum um 14,8 prósent. Magnaukningin orsakast af því að verð á fötum var 5,7 prósentum lægra en í samanburðarmánuðinum í fyrra. Þetta skýrist væntanlega aðallega af afnámi tolla á fót um síðustu áramót, er mat RV. – shá

Haldið upp á Diwali



Indverskir verslunareigendur sitja innan um ýmsan varning sem þeir selja hindúum nú þegar haldið er upp á ljóshátíðina Diwali. Hátíðin er ein sú stærsta innan hindúasiðar og er hún haldin til að fagna sigri ljóssins á myrkrinu, sigri góðs á illu, þekkingar á vanþekkingu og vonar á ótta. Einn Diwalisiða er að tendra ljós á húspökum, hurðum og í gluggum og má sjá milljónir slíkra ljósa í borginni Kolkata þar sem myndin er tekin. NORDICPHOTOS/AFP

Oftast spurt hvern eigi að kjósa

Ef marka má niðurstöður leitarvélar Google hafa Íslendingar margir hverjir áhuga á að kynna sér Pírata og Bjarta framtíð betur. Í síðastliðinni viku leituðu flestir kjósendur að spurningunni Hvern ætti ég að kjósa?

Kosningar 2016


Á síðustu sjö dögum hafa Íslendingar sem eru að fletta upp stjórnmálaflokkum með leitarvél Google oftast leitað að Pírötum.

Samkvæmt nýjum tölum frá Google leituðu 33 prósent þeirra sem voru að fletta upp stjórnmálaflokkum að Pírötum. Næstflestir, eða 25 prósent, flettu upp Bjartri

framtíð. Þriðji vinsælasti leitar-kosturinn var Sjálfstæðisflokkurinn, sem 19 prósent flettu upp, en 13 prósent leituðu að leitarorðinu Samfylkingin.

Þegar kemur að frósum tengdum kosningunum er vinsælasti leitarfrásinn „hvern á ég að kjósa?“ Í öðru sæti er það svo „hvernig virka alþingiskosningar?“ og í því þriðja „í hvaða kjördæmi er ég?“ Íslendingar vilja einnig vita hvar kjörstaðir eru í Reykjavík og klukkan hvað þeir verða opnaðir. saeunn@frettabladid.is

Stjórnmálaflokkar sem leitað er að



Algengustu kosningaspurningar

1. Hvern ætti ég að kjósa?
2. Hvernig virka alþingiskosningar?
3. Í hvaða kjördæmi er ég?
4. Hvar get ég kosið í Reykjavík?
5. Hvenær opna kjörstaðir?

Heimild: Google Trends



DAGLEGAR VÖRUFERÐIR

Flúðir - Uppsveitir Árnassýslu - Reykjavík

Á milli Flúða, uppsveita Árnassýslu og Reykjavíkur

Brottför virka daga

Frá Flúðum kl. 8:00
Frá Reykjavík kl. 12:00

Vörum keyrt heim að dyrum á Suðurlandi

Tökum einnig að okkur

Gámaflutninga
Sendibílaþjónustu
Vörudreifingu
Vélaflutninga
Vöruflytninga

fraktlausnir.is | fraktlausnir@fraktlausnir.is

FRAKTLAUSNIR

FBI rannsakar tölvupósta Clinton á ný

BANDARÍKIN Alríkislögregla Bandaríkjanna (FBI) hefur á ný tekið upp rannsókn á notkun Hillary Clinton, forsetaframbjóðanda Demókrata, á einkatölvupóstþjóni meðan hún gegndi embætti utanríkisráðherra. Í júlí var tilkynnt um lok rannsóknarinnar og mælti FBI þá ekki með ákæru, en fram hefur komið að gögn er varða þjóðaröryggi hafi farið um pósthjóninn.

Hefð er fyrir því að ráðherrar styðjist við opinbera pósthjóna sem eru öruggari fyrir netárásam. Þá eyddi starfslið Clinton 33 þúsund tölvupóstum áður en pósthjóninum var skilað til FBI fyrir fyrri rannsókn. Clinton hefur sagt þá óvinnutengda en FBI hefur sagt að á meðal endurheimtra tölvupósta hafi allnokkrir verið vinnutengdir.

„Í fyrri vitnisburði mínum fyrir nefndum þingsins sagði ég að FBI hefði lokið rannsókn sinni á pósthjóni Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra. Vegna nýrra vendinga skrifa ég þetta bréf til að breyta þeim vitnisburði,“ segir í bréfi sem James Comey alríkislögreglustjóri sendi á formenn þingnefnda sem fjölluðu um mál Clinton.

Comey segir í bréfinu að fleiri

Í tengslum við annað mál uppgötvaði FBI nýja tölvupósta sem tengjast rannsókninni.

James Comey alríkislögreglustjóri




andi Repúblikana, tjáði sig um fregnirnar á kosningafundi í New Hampshire í gær. „Ég er mjög stoltur af FBI fyrir að taka þetta skref í áttina að því að leiðrétta hryllileg mistök sín,“ sagði Trump sem hefur gagnrýnt FBI fyrir að „sleppa“ Clinton. Þá sagði hann kosningastjóra sinn hafa grínast með það að nú gæti hann hætt við kosningafundinn, málið væri svo stórt að kosningabaráttan væri á enda. – þea

tölvupóstar hafi nú verið endurheimtir af pósthjóni Clinton við vinnu á ótengdu máli. Þeir komi málinu við og því verði þeir tölvupóstar rannsakaðir. Hann segir ekki víst hversu langan tíma hin nýja rannsókn muni taka en tíu dagar eru til forsetakosninga.

Donald Trump, forsetaframbjóð-

Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi Demókrata.



Gleðilegan kjördag!

Kosningavaka VG verður í kosningamiðstöðinni,
Laugavegi 170. Húsið opnar kl. 21.
DJ Andrea Jóns þeytir skífum á milli talna.

Reykjavíkurborg Kosningakaffi

Kosningamiðstöðin á Laugavegi
170, frá kl. 13-17.

Sigga Eyrún syngur og hljómsveitin **Eva** leikur nokkur lög, heitt á könnunni og ljúfar veitingar.

Akstur á kjörstað í síma
862 8031.

Suðvesturkjördæmi Kosningakaffi

Kópavogur: Auðbrekku 16, frá
kl. 11-19.

Hafnarfjörður: Strandgötu 11,
frá kl. 11-19.

Akstur á kjörstað í síma
862 8031.

Suðurkjördæmi Kosningakaffi

Selfoss: Selinu, Engjavegi 48,
frá kl. 12-20.

Höfn: Miklagarði (gömlu
verbúðunum), frá kl. 12-20.

Keflavík:

Kosningaskrifstofunni,
Hafnargötu 31, frá kl. 12-20.

Vestmannaeyjar: Arnardranga,
Hilmisgötu 11, frá kl. 13-17.

Akstur á kjörstað í síma
770 0218.

Norðvesturkjördæmi Kosningakaffi

Blönduós: Í Samstöðusalnum,
Þverbraut 1, frá kl. 12-18.

Borgarnes: Á Dússabar,
Brákarbraut 3, frá kl. 12-18.

Akstur á kjörstað í síma
865 4232.

Sauðárkrúkur: Á Kaffi Krók,
Aðalgötu 16, frá kl. 14 - 17.

Ísafjörður: Í Bræðraborg frá
kl. 12-18.

Akstur á kjörstað í síma
858 0805.

Norðausturkjördæmi Kosningakaffi

Akureyri: Í Brekkukoti frá kl. 10.

Kosningavaka í Brekkukoti frá
kl. 21 og inn í nóttina.

Akstur á kjörstað í síma
842 0601.

Húsavík: Garðarsbraut frá
kl. 14-18.

Kosningavaka í kosninga-
miðstöðinni frá kl. 21.30 og
inn í nóttina.

Akstur á kjörstað í síma
864 0759.

Austurland

Djúpivogur: Kosningamiðstöðin
frá kl. 13-20.

Akstur á kjörstað í síma
899 5899.

Neskaupstaður: Í Mýrinni frá
kl. 12-18.

Akstur á kjörstað í síma
847 8208.



„Ég hvet þig til að nýta atkvæðisréttinn
og hafa þannig áhrif á samfélagið!“

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, 1. sæti Reykjavíkurborgar kjördæmi norður

Hverjum treystir þú?





Kosningavökur stjórnmálaflokkanna í kvöld

Kosningavökurnar hefjast flestar á milli átta og níu í kvöld



Leið flokkaklakkans um kosningarvökur

Flestar kosningavökur næturinnar fara fram í miðbænum og eru öllum opnar. Víða er boðið upp á drykki og skemmtiatriði á meðan beðið er eftir tölum. Mikilvægt að fylgjast með gangi mála til að finna út hvar mesta stuðið verður.



Snaerós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Það er af nægu að taka fyrir skemmtanaglaða kjósendur í kvöld og fram á nótt. Flokkarnir bjóða allir upp á kosningavökur og leggja allt í sölurnar til að halda sínum kjósendum ánægðum á þessari uppskeruhátíð eftir kosningarnar. Fylgi flokkanna í könnunum síðustu daga bendir þó til þess að ekki muni allir geta fagnað og líklegt að botninn detti snemma úr hjá nokkrum þessara flokka.

Fari svo að Samfylkingin komi jafn illa eða verr út í kosningum en hún hefur verið að mælast og detti jafnvel af þingi er hægur leikur fyrir stuðningsmenn flokksins að skjótast yfir í kosningavöku Pírata sem er aðeins þremur húsum frá, í stóru húsnæði Bryggjunnar við Grandagarð. Píratar hafa verið að mælast vel í könnunum allt síðasta ár og eru líklegir til að

Það verður auðvitað rifandi stemning, lifandi tónlist og plötusnúður fram eftir kvöldi. Allir velkomnir.

Bryndis Ísfold
Hlöðversdóttir,
kosningastjóri Samfylkingarinnar



geta lýst sig sigurvegara kvöldsins, að minnsta kosti í einhverjum skilningi. Það má bóka að hjá Pírötum verða líka flestir nýir þingmenn, blautir á bak við eyrun, og kjörrið tækifæri fyrir kjósendur til að spyrja þá spjörum úr á mest taugatrekkjandi kvöldi ársins.

Samfylkingarfólk er þó bjartsýnt á kvöldið. „Það verður auðvitað rifandi stemning, lifandi tónlist og plötusnúður fram eftir kvöldi. Allir velkomnir,“ segir Bryndis Ísfold

Hlöðversdóttir, kosningastjóri Samfylkingarinnar.

Allar kosningavökur flokkanna eru í miðbænum ef frá eru taldar vökur Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins. Fréttablaðið reiknaði út að tæpa klukkustund tæki að ganga á milli allra kosningavakanna, allt frá Samfylkingu við Grandagarð að Sjálfstæðisflokki á Grand Hótel. Það borgar sig að taka leigubíl eða láta skutla sér á kosningavökur Viðreisnar og Flokks fólksins.

Kosningastjóri Viðreisnar, Stefánía Sigurðardóttir, hefur engar áhyggjur af fjarlægðinni frá miðbænum. „Það verður bara parti. Ég stefni á að dansa af mér skóna. Það hefur verið það mikil gleði í framboðinu að við verðum að halda því áfram.“

Flestar kosningavökurnar hefjast upp úr klukkan níu en kjörstöðum verður lokað klukkan tíu og búast má við fyrstu tölum tiltölulega fljótlega upp úr því, á ellefta tímanum. Tölurnar verða kynntar í beinni útsendingu á Stöð 2.

snaeros@frettabladid.is

KORPUTORG

TAX
FREE
HELGI

28. - 30. OKTÓBER



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA EVERYDAY LOW PRICE
OG ÁÐURLÆKKUÐUM VÖRUM

the
PIER



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM SEM EKKI
ERU ÞEGAR Á TILBOÐI EÐA
LÆKKUÐU VERÐI.



TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM SEM EKKI
ERU ÞEGAR Á TILBOÐI EÐA
LÆKKUÐU VERÐI.



TAX FREE AF ÖLLUM
NEMA FÓÐRI



KORPUTORG



Guðjón Brjánsson
1. sæti í Norðvestur

Össur Skarphéðinsson
1. sæti í Reykjavík suður

Ólafur Þór Ólafsson
2. sæti í Suður

Eva H. Baldursdóttir
2. sæti í Reykjavík suður

Margrét Gauja
2. sæti í Suðvestur

Inga Björk Bjarnadóttir
2. sæti í Norðvestur

Erla Björg Guðmundsdóttir
2. sæti í Norðaustur

Logi Einarsson
1. sæti í Norðaustur

Árni Páll Árnason
1. sæti í Suðvestur

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
1. sæti í Reykjavík norður

Oddný G. Harðardóttir
1. sæti í Suður

Helgi Hjörvar
2. sæti í Reykjavík norður

Kjósum heilbrigðara samfélag. Kjósum Samfylkinguna.

Við viljum skapa samfélag þar sem við njótum öll sömu tækifæra til að mennta okkur og koma þaki yfir höfuðið. Réttlátt samfélag þar sem sameiginlegar auðlindir okkar gagnast öllum, veikir fá ókeypis þjónustu og aldraðir lifa góðu lífi. Samfélag þar sem fólk hjálpast að og stendur saman.

Það er mikilvægt að kjósa Samfylkinguna í nýja umbótastjórn. Kjölfestu sem hefur reynslu, þekkingu og þor til að takast á við framtíðina. Afl sem tekur jafnrétti kynjanna alvarlega og sýnir það í verki. Flokk sem hefur jöfnuð og sanngirni að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Við erum með hjartað á réttum stað.

Kostnaður borgarinnar vegna ferðar yfir milljón

SAMFÉLAG Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) greiddu kostnað vegna ferðar Dags B. Eggertssonar borgarstjóra til Strassborgar, Kaupmannahafnar og Vancouver þar sem hann kynnti sér rekstur sporvagna. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þátttöku aðstoðarmanns borgarstjóra, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og samgöngustjóra nam um 1,3 milljónum. Þetta kom fram á borgarráðsfundi Reykjavíkurborgar á fimmtudag. Kostnaðurinn var um 300 þúsund vegna dagpeninga, 640 þúsund fyrir flug og rútu og 370 þúsund vegna gistikostnaðar. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks spurðu hvers vegna ákveðið hefði verið að fara til borganna og um kostnaðinn.

Í svari borgarstjóra segir að ferðin hafi verið sérstaklega farin með það í huga að skoða utnumhald og umgjörð utan um uppbyggingu hágæðakerfis almenningsamgangna, léttlestar- eða hraðvagnakerfi sem kallað hefur verið Borgarlínan. Í samræmi við tillögu skrifstofu samtakanna fór borgarstjóri Reykjavíkur ásamt bæjarstjórum sveitarfélaganna á höfuð-



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

1,3

milljónir fóru í skoðunarferð Dags B. Eggertssonar.

borgarsvæðinu og fulltrúum innanríkisráðuneytisins, Vegagerðarinnar og Strætó til borganna til að kynna sér reynsluna af uppbyggingunni. Kaupmannahöfn var valin vegna létt- og neðanjarðarlestakerfis borgarinnar sem hannað var af dönsku verkfræðistofunni COWI en sú stofa mun aðstoða SSH í skipulagsvinnu í kringum Borgarlínu, Strassborg vegna árangursríks samstarfs sveitarfélaga þar sem tekist var á við að byggja upp almenningsamgöngukerfi og breyta ferðavenjum íbúa og Vancouver vegna samstarfs ríkis og sveitarfélaga sem hefur skilað af sér PPP-módeli við uppbyggingu hágæðakerfis sem hefur orðið fyrirmynd margra slíkra verkefna. – bbh



Þyrlla Landhelgisgæslunnar sótti kjörgögn til Dalvíkur í gær og flaug með þau áleiðis til Grimseyjar. Ófært hefur verið í eyna síðustu daga vegna veðurs. MYND/HAUKUR SNORRASON

Veður gæti haft áhrif á úrslitin í kosningunum

Fjórflokkurinn gæti hagnast á slæmu veðri á kjördag að sögn stjórnmálafræðings. Kjørsókn ungs fólks gæti haft úrslitaáhrif á niðurstöðu alþingiskosninganna. Kjørsókn hefur farið minnkandi í síðustu fernum alþingiskosningum.

KOSNINGAR Veður gæti tafið talningu atkvæða í Norðausturkjördæmi en ætti ekki að hafa áhrif í öðrum kjördæmum. Ókyrrt loft í kvöld og fjallabylgjur gætu hamlað flugferðum milli Egilsstaða og Akureyrar og því gæti þurft að aka með kjörkassa frá Austurlandi til Akureyrar í nótt sem tefði talningu atkvæða.

1.302 Íslendingar bjóða fram í alþingiskosningunum í dag og eru rúmlega 246 þúsund manns á kjörskrá að þessu sinni. Stjórnmálafræðingar eru á einu máli um að kosningarnar í dag séu þær tvísýnustu í háa herrans tíð og engin leið að spá um úrslitin. Skoðanakannanir hafa gefið mismunandi niðurstöður. Því er líklegt að í vændum sé löng kosninganótt og erfiðar stjórnarmyndunarviðræður að loknum kosningum.

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir kosningaveðrið í dag ekki vera mjög gott en þó skaplegt. „Í kortunum er stormur með talsverðri rigningu fyrst sunnan- og vestanlands. Svo dregur úr úrkomu og vindur upp úr hádegi en þá á eftir að versna norðan og austan til. Þar mun rigna með hvassviðri og leiðinlegu veðri,“ segir Birta Líf. „Ef ég ætti að ráðleggja kjósendum þá hentar fyrri partur dagsins fyrir íbúa á Norður- og Austurlandi en íbúar sunnan og vestan til ættu að kjósa seinni partinn.“

Það er þannig að ef unga fólkið fer ekki á kjörstað munu Píratar lækka flugið og gamalgrönu flokkarnir sem eldra fólkið kys frekar vinna á.

Grétar Þór Eypórs-son, stjórnmálafræðingur



Grétar Þór Eypórs-son, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir kjørsókn geta ráðið úrslitum í kosningunum í dag. „Það er þannig að ef unga fólkið fer ekki á kjörstað munu Píratar lækka flugið og gamalgrönu flokkarnir sem eldra fólkið kys frekar vinna á. Það getur því ráðið miklu um kjørsókn ungs fólksins,“ segir Grétar. Kjørsókn hefur farið dvínandi á Íslandi í síðustu fernum þingkosningum og vill Grétar ekki spá neinu um kjørsókn nú. „Þetta er rosalega tvísýnt og ekki hægt að spá um kjørsókn. Mun hún fara niður áfram eða mun þessi spennan valda því að smölun yrði meiri á kjörstað?“

Kjörkassar frá Austurlandi verða fluttir til Akureyrar þar sem talið er úr Norðausturkjördæmi. Birta Líf segir veðurspána ekki hliðholla flugsamgöngum. „Það eru nokkrir hlutir sem spila inn í. Við sjáum ókyrrð í lofti og fjallabylgjur sem



Kosið í tvo daga

Trausti Jónsson veðurfræðingur man vel eftir alþingiskosningunum í desember árið 1979. Landskjörstjórn bað þá Veðurstofu Íslands um álit á því að kjósa ætti svo seint á árinu. „Á endanum var ákveðið að kjörstaðir yrðu opnir í tvo daga til að menn gætu kosið. Það gerði slæmt veður á þessum tíma en allt gekk þetta að óskum,“ segir Trausti. „Veturinn 1979 var óvenjuhlýr eins og októbermánuður í ár og því eru nokkur líkindi með þessari atburðarás hvað varðar veðrið. Einhverjir fjallvegir lokuðust á þessum tíma en við þurfum nú ekki að óttast það í þessum kosningum.“

eru óheppilegar fyrir farþegaflug en svo er spurning hvort þeir láti kjörkassana hafa það og fljúga með þá, það verður bara að koma í ljós. Hins vegar þyrfti í versta falli að aka með þá til Akureyrar,“ segir Birta Líf. sveinn@frettabladid.is

ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI



zendium
STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS



LYFJA
- Lífið heil

Fyrir þig í Lyfju

lyfja.is

20%
afsláttur



Decubal fyrir húðina! Afsláttur af völdum Decubal vörum út október.

Deutsche hagnast þrátt fyrir erfiðleika

VIÐSKIPTI Þýski bankarisinn Deutsche Bank hagnaðist um 278 milljónir evra, jafnvirði 34,6 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Um var að ræða verulegan viðsnúning en á sama tímabili í fyrra tapaði bankinn 6 milljörðum evra, 746 milljörðum króna.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Deutsche Bank átt í miklum rekstrarerfiðleikum síðastliðið árið. Forsvarsmenn Deutsche Bank segja að erfitt vaxtaumhverfi og áhrif af himinhárrí sekt bandarískra stjórnvalda á hendur bankanum hafi haft áhrif á reksturinn. Enn á eftir að semja um endanlega upphæð sektarinnar, en fyrst var til-



Viðsnúningur var í rekstri Deutsche Bank milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

kynnt um 14 milljarða dollara sekt, jafnvirði 1.600 milljarða króna.

Bankinn hefur verið að skera niður rekstrarkostnað sem og að selja eignir til að róa fjárfesta. Sala jókst um 2 pró-

sent hjá Deutsche á fjórðungi og nam 7,6 milljörðum evra, jafnvirði 944 milljarða íslenskra króna, á fjórðungi. Þetta var betra en fjárfestar áttu von á. – sg



Nichole Leigh Mosty
leikskólastjóri
1. sæti
Reykjavík suður



Óttarr Proppé
þingmaður
1. sæti
Suðvestur



Theodóra S. Þorsteinsdóttir
formaður bæjarráðs
í Kópavogi
2. sæti
Suðvestur



Þórunn Pétursdóttir
landgræðsluvistfræðingur
2. sæti
Suðurlkjördæmi



KJÓSTU BJARTA FRAMTÍÐ

Ef þú vilt **eina framboðið** sem þiggur ekki styrki frá fyrirtækjum

Ef þú vilt ekki einblína á vinstri eða hægri heldur á **bestu lausnirnar**

Ef þú vilt **almannahagsmunni** frammar sérhagsmunum

Ef þú þolir **ekki spillingu**, soun og vond vinnubrögð

Ef þú vilt **heiðarlega og skynsama** leiðtoga til forystu



Björt Ólafsdóttir
þingkona
1. sæti
Reykjavík norður



Páll Valur Björnsson
þingmaður
1. sæti
Suðurlkjördæmi



Eva Einarsdóttir
varaborgarfulltrúi
og varaformaður ÍTR
2. sæti
Reykjavík suður



Sigrún Gunnarsdóttir
formaður Krabbameinsfélags
Íslands og hjúkrunarfræðingur
2. sæti
Reykjavík norður

Eins og á fjölmiðlum í alræðisríkjum

Flemming Rose, sem var menningarritstjóri á Jyllandsposten þegar Múhameðsteikningarnar voru birtar, segir yfirmenn sína hafa þaggað niður í sér. Hann hafi ekki mátt tjá sig um trúmál og ekki mæta í útvarps- eða sjónvarpsþætti. Bók hans um málið er komin út.

DANMÖRK Fyrrverandi menningarritstjóri danska dagblaðsins Jyllandsposten segir að sér hafi verið bannað að tjá sig opinberlega um Múhameðsteikningar blaðsins eða um trúmál almennt auk þess sem hann mátti ekki koma fram í útvarps- eða sjónvarpsþáttum.

Þetta hafi yfirmenn hans komið sér saman um, bæði yfirritstjóri blaðsins og stjórnarformaður útgáfufyrirtækisins, eftir að reynt var að fremja hryðjuverk inni á ritstjórn blaðsins árið 2010.

Flemming Rose, sem var menningarritstjóri danska dagblaðsins Jyllandsposten þegar þar voru birtar hinar umdeildu skopteikningar af Múhameð spámanni í september árið 2005, segir frá þessu í bók sem kom út í gær. Þar lýsir hann því hvaða áhrif andrúmsloft óttans hafði á ritstjórn blaðsins.

Bókina nefnir hann De besatte eða Hin hernumdu.

„Þetta er bók um edli ógnarinnar,“ sagði Rose í viðtali á fréttavef danska blaðsins Information.

Sjálfur segist hann vel geta skilið þær ákvarðanir sem yfirmenn hans tóku. Þeir hafi hins vegar gengið of langt.

„Þeir ættu að minnsta kosti ekki að veifa þessum fjölmiðlafrelsisfána við öll möguleg tilefni. Það er viss hræsní í því,“ segir hann í viðtalinu við Information.

Hann segir ástandið á Jyllandsposten ekkert hafa verið skárra en á þeim fjölmiðlum, sem starfa í einræðisþjóðfélögum.



Danski blaðamaðurinn Flemming Rose hefur sent frá sér bók um ástandið á Jyllandsposten eftir að hryðjuverkamenn reyndu að gera árás á ritstjórn blaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

posten ekkert hafa verið skárra en á þeim fjölmiðlum, sem starfa í einræðisþjóðfélögum.

„Það er vel hægt að vera með allar skálaræðurnar og meginreglurnar, en þegar hættan gerir vart við sig, hvað gera menn þá? Byrja að banna, taka til við að stjórna fólki og segja því að halda kjafti,“ segir hann.

Hann hefur áður gefið út bók um Múhameðsteikningamálið. Sú bók hét Tavshedens tyranni, eða Harðstjórn þagnarinnar, og kom út árið 2010.

●● Það er vel hægt að vera með allar skálaræðurnar og meginreglurnar, en þegar hættan gerir vart við sig, hvað gera menn þá?

Flemming Rose, fyrrverandi menningarritstjóri á Jyllandsposten

Hann segist hins vegar hafa vitað lengi að hann myndi líka þurfa að skrifa þessa bók, sem nú er komin út. Lengi vel taldi hann rétt að biða með það til elliáranna, en ákvað biða ekki lengur eftir að hann las grein í dagblaðinu Politiken síðastliðið haust.

Þar sagðist Jørgen Ejbøl, sem árið 2008 var stjórnarformaður fyrirtækisins JP/Politikens Hus, útgefanda Jótlandspóstsins og fleiri dagblaða, ekki lengur þeirrar skoðunar að birting Múhameðsteikninganna hafi snúist um tjáningarfrelsið: „Þetta eru algrelega dæmalaugar aðstæður þar sem okkur er ógnað af agnarlitlum hópi herskárna islamista. Blaðamenn og ritstjórar geta ekki tekist á við þann vanda. Einungis leyniþjónusturnar og herinn geta það.“
gudsteinn@frettabladid.is

UPPÁHALD BARNANNA – ALLT Á EINUM STAÐ

SPARAÐU AF ÖLLU*

25%

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

*Gildir ekki um gjafakort og vörur sem eru þegar á afslætti. Þetta tilboð gildir 29.-30.10 2016. Ath. lengri opnunartíma. Smára- og Korputorg 09:00-18:00 laugardag og 10:00-18:00 sunnudag. Glerártorg 10:00-18:00 báða dagana.

TOYS R US

> „Nú er tækifæri til kerfisbreytinga. Missum ekki af því“

Benedikt Jóhannesson
Oddviti, Norðaustur



> „Virkjum tækifærin í landbúnaði“

Jóna Sólveig Elínardóttir
Oddviti, Suður



> „Viðreisn er alvöru hreyfiafl í íslensku samfélagi“

Þorsteinn Víglundsson
Oddviti, Reykjavík norður



> „Viðreisn þorir, getur og vill - breyta í þágu allra í samfélaginu“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Oddviti, Suðvestur



> „Það er komið að því að forgangsraða í þágu heilbrigðis“

Hanna Katrín Friðriksson
Oddviti, Reykjavík suður



VIÐREISN

Viðreisn óskar Íslendingum góðs gengis og lægri vaxta!

✧ **Lægri vextir**

✧ **Betra heilbrigðiskerfi**

✧ **Sterkara menntakerfi**

> „Ég vil að samfélagið sé réttlátt og að þar sé frjálslýndi til framtíðar“

Gylfi Ólafsson
Oddviti, Norðvestur



> „Með nýsköpun er hægt að ráðast í róttækar kerfisbreytingar. Ég er til en þú?“

Jón Steindór Valdimarsson
2. sæti, Suðvestur




> „Hlýðum ákalli háskólanna, þar er framtíðin“

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
2. sæti, Reykjavík norður



> „Raunhæfar lausnir og kjarkur til að framkvæma“

Dóra Sif Tynes
3. sæti, Reykjavík suður



> „Framtíðarsýn sem byggir á sanngirni og frjálslýndi, setur raunhæf markmið um jákvæðar breytingar“

Páll Rafnar Þorsteinsson
3. sæti, Reykjavík norður



> „Ég vil að Ísland verði opið, frjálslýnt og jafnréttissinnað samfélag - land tækifæranna“

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir
3. sæti, Suðvestur



> „Frjáls viðskipti - frjálst fólk“

Pawel Bartoszek
2. sæti, Reykjavík suður



XC





UMBRIA

Tungusófi XL, hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 x 163 x 78 cm
Aukahlutir á mynd: Hnakka- og armpúði.

188.990 kr. ~~-269.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR

VALIN GLÖS MEÐ FRÁBÆRUM AFSLÆTTI UM HELGINA



MARGAR GERÐIR Á AFSLÆTTI

Dæmi: Lítuð glerglös frá IVV
6 stk. í kassa. Tvær stærðir

◀ **Lítill 4.193 kr.** ~~-5.990 kr.~~
◀ **Stór 4.753 kr.** ~~-6.790 kr.~~

Lítill 3.773 kr. ~~-5.390 kr.~~ ▶
Stór 4.473 kr. ~~-6.390 kr.~~ ▶



BRADFORD

Priggja sæta bogasófi.
Ljósgrátt eða brúnt
slitsterkt áklæði.
Stærð: 237 x 100 x 90 cm.

50%
AFSLÁTTUR



129.995 kr. ~~-259.990 kr.~~

MAGAN

Borðstofus-
tóll. Burgundi
rauður eða
grár og vengi.
Grátt og olíub.
viður.



18.990 kr.
~~-27.990 kr.~~

32%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

KENYA

Hægindastóll. Grábrúnt
slitsterkt áklæði.
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm

29.990 kr. ~~-59.990 kr.~~



NORA

Skemmtilegur
bekkur t.d. við
eldhúsbörð eða
stakur. Svart
PU leður og
viðarfætur. Stærð:
159 x 56 x 86 cm.

59.990 kr.
~~-89.990 kr.~~



33%
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



RAYNA

Nettur hægindastóll með Camel-brúnu slitsterku áklæði.
Stærð: 70 x 88 x 104 cm

29.990 kr. ~~89.990 kr.~~

50 STK.

66%
AFSLÁTTUR

HELGAR SPRENGJA



26%
AFSLÁTTUR

CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

139.990 kr.
~~189.990 kr.~~



70%
AFSLÁTTUR

BELINA

Borðstofustóll. Svartur með viðarfótum.

5.997 kr. ~~19.990 kr.~~



53%
AFSLÁTTUR

DIMA

Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.

6.990 kr. ~~14.990 kr.~~



40%
AFSLÁTTUR

PARIS

Borðstofustóll, rauður, svartur, dökkgrár eða hvítur með viðarfótum.

8.990 kr. ~~14.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

SALLY

Hægindastóll. Koníaksbrúnt eða svart PU-leður og viðarfætur.

27.990 kr. ~~39.990 kr.~~



26%
AFSLÁTTUR

NAPOLI

Barstóll, dökkgrár og svartur. Hæð 71 cm. í sessu

18.490 kr. ~~24.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

CARINA

Borðstofuborð, hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

89.990 kr. ~~129.990 kr.~~



26%
AFSLÁTTUR

NAPOLI

Counterstóll, dökkgrár og svartur. Hæð 61 cm. í sessu

14.990 kr. ~~19.990 kr.~~

Vandratað einstigi



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Kosið er til Alþingis í dag. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum er fylgi flokkanna á fullri ferð, og raunar ógerningur að spá um það að morgni hvernig kosningarnar fara að kvöldi.

Þó virðist sem stjórnarflokkarnir séu að einhverju leyti að ná vopnum sínum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki mælst hærrí í nokkurn tíma, og Framsókn gælir við tíu prósentin eftir erfiða daga.

Ekki er ólíklegt að það sé útspil stjórnarandstöðuflokkanna að hefja vísi að stjórnarmyndunarviðræðum fyrir kosningar sem valdi hreyfingu á fylgi. Með því eru valkostirnir skýrðir; vinstri eða hægri stjórn. Sennilegt er að óttinn við svo róttækar breytingar sé raunverulegur hjá mörgum kjósendum nú þegar vel hefur gengið í efnahagslegu tilliti. Ekki kæmi á óvart þótt útkoma stjórnarflokkanna yrði enn betri þegar talið verður upp úr kössunum.

Eftir sem áður virðist ríkisstjórnin kolfallin.

Margt bendir til þess að stjórnarmyndunarviðræðurnar hafi verið afleikur, að minnsta kosti af hálfu Samfylkingar og Bjartrar framtíðar. Fólk getur haft aðra ástæðu en þá að vilja vinstri stjórn til að kjósa þá flokka. Það á sérstaklega við um Bjarta framtíð sem skapað hefur sér sérstöðu um mörg mál, til að mynda í andstöðu við búvörusamningana umdeildu. Framgangi þeirra í því máli vakti flokkinn upp frá dauðum.

Nú telja margir kjósendur að atkvæði greitt þessum flokkum sé atkvæði með vinstri stjórn. Bæði Samfylkingin og Björt framtíð þurfa víðari skírskotun en svo.

Viðreisn einn flokka valdi þann kostinn að hafna boði um þátttöku í viðræðunum, og stendur sterkari eftir.

Staðan á pólitiska sviðinu er því flóknari en dæmi eru um á seinni tímum. Viðreisn kann að lenda í lykilstöðu, en hefur þó verið afdráttarlaus um að ekki komi til greina að gerast þriðja hjólið í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi. Þá er raunar allt opið. Viðreisn getur hallað sér á hvora hliðina sem er.

Staðan gæti orðið snúin fyrir nýjan forseta þegar niðurstaða liggur fyrir. Það yrði hans fyrsta stóra verkefni, og mögulega eitt það flóknasta sem forseta hefur verið falið í lýðveldissögunni. Vonandi ferst honum það jafn vel úr hendi og önnur léttvægari embættisverk til þessa.

Hver sem niðurstaðan verður er ljóst að núverandi stjórnarflokkar geta ekki bara yppt öxlum og sagst ekki skilja hvernig stjórnin getur fallið við þær góðu efnahagslegu aðstæður sem nú ríkir. Þeir hafa leyst efnahagsleg verkefni, en klúðrað samtalinu við fólk í landinu.

Krafan um breytingar er raunveruleg, en breytingarnar mega ekki hafa í för með sér efnahagslegar kollsteypur. Í því felst hið vandrataða einstigi kjósenda í þessum kosningum.



Staðan á pólitiska sviðinu er því flóknari en dæmi eru um á seinni tímum.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Prófdagur

Ég þekkti einu sinni mann sem tók ekki mark á skoðanakönnunum af því að hann var aldrei með í þeim. Hann hafði að vísu þá reglu að svara ekki í símann á kvöldin, en sá ekkert samhengi þarna á milli. Allar skoðanakannanir sem féllu ekki að skoðunum hans voru bara bull. Ég veit ekki hvort ég þarf að taka það fram að þessi maður er vitleysingur. En hann er ekki einn.

Ef eitthvað væri að marka skoðanakannanir á útvarpi Sögu þá væri Flokkur heimilanna í góðum málum að ljúka fyrsta kjörtímabili sínu með hreinan meirihluta. Og Sturla Jónsson, réttkjörinn forseti, væri langt kominn með að banna verðtryggingu og fella niður tolla á vörubílum.

Þessar kannanir eru eins og upphitun fyrir landsleik. Jújú, vóða áhugavert, en nú erum við hætt að nenna að hlusta á einhverja sérfræðinga spá í spilin og viljum bara að þetta fari að byrja.

Mér hefur alltaf fundist kosningar stórkostlega skemmtilegt fyrirbæri. Það er kannski ekki að marka, því mér finnst allt sem er stórt, óreglulegt og líklegt til að fara úr böndunum skemmtilegt. Þannig hef ég til dæmis gaman af því að taka próf, þótt mér hafi í raun aldrei þótt sérlega skemmtilegt að læra.

Og kosningar eru seltið eins og maður sé að fara ólesinn í próf. Maður svarar fyrst því sem maður er alveg viss um og svona reynir að giska rétt á restina og bíður svo spennur eftir einkunum.

Engin rétt svör

Munurinn á prófi og kosningum er hins vegar að það er ekkert rétt svar. Það er engin allsherjarniðurstaða sem gefur þér hærri einkunn. Í besta falli hafa fleiri svarað prófinu á sama hátt og þú en þeir sem gerðu það ekki höfðu ekki endilega rangt fyrir sér.

Það virðist erfitt fyrir suma að sætta sig við þetta. Ákveðinn hópur kemur alltaf fram og frekjust yfir því að einhverjir hafi fengið rétt á þessu prófi, fyrir röng svör. Það verði helst að taka prófið aftur, því þetta geti bara ekki staðist. Þau hafi verið að læra í allan vetur og mætt í alla tímuna og svo komi bara þessi niðurstaða.

Það sem er furðulegast við þetta er að oft eru þetta helstu talsmenn lýðræðis sem eru allra reiðastir. Þeir sem tala hæst um rétt fólksins til að kjósa, eiga oft erfiðast með að sætta sig við niðurstöðuna hjá þessu sama fólki. Það er reyndar fundið en líka dapurlegt.

Við höfum komið okkur upp ákveðnu kerfi hér. Við kjósum og svo er mynduð stjórn. Svo verður hún óvinsæl, venjulega af því að hún gerir ekki allt fyrir alla, og þá vill fólk bara að hún viki. Það vill fá að taka prófið aftur.

Velja sjálf

Stundum held ég að pólitik líkist því helst að velja morgunmat fyrir illa sofið og úrillt barn. Allt sem maður tekur til er ómögulegt og það vill alltaf fá það sem er ekki til. Ég á slatta af börnum og lærði það fyrir löngu að þegar þau fara öfugt framúr, þá er best að leyfa þeim að velja sjálf. Þá geta þau að minnsta kosti ekki kvartað undan því sem þau völdu sjálf. Það á kannski ekki alveg eins vel við kjósendur, því ótrúlega mörgum tekst að verða gríðarlega ósattir við það sem þeir kusu alveg sjálfir.

En í dag tókum við prófið, lesin sem ólesin. Ég ætla að taka það og ég get lofað því að hvernig sem fer þá ætla ég að sætta mig við niðurstöðuna. Þetta verður það sem „við kusum yfir okkur“ og þá verður það bara að vera þannig. Þrátt fyrir allt er lýðræðið nefnilega sjúklega meiriháttar.

ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunudaga	9.00 - 16.00

Björnsebakari
Sími: 561 1433



LÍFIÐ ER FERÐALAG

Gerðu lífið einstakara með Volvo V40 Cross Country

Þú upplifir ævintýri í V40 Cross Country. Hann er aflmikill, stórglæsilegur og veghæðin er mikil. Útlitið er nú orðið enn einbeittara með nýju grilli, nýjum Þórshamar LED framljósum og 17" Keid álfelgum.

Verð frá 4.590.000 kr.

**KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO V40 CROSS COUNTRY**

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS



Við hugsum öðruvísi. Menning Svíþjóðar og loftslag hefur mótað okkur. Kannski er það ástæðan fyrir því að fólk hefur alltaf skipt okkur mestu máli. Alveg frá árinu 1927 hefur útgangspunktur okkar verið fólk. Við höfum fundið upp nýjungar sem gera Volvo bíla meðal þeirra öruggustu í heimi með þægindum sem gera aksturinn áhyggjulausan. Við höfum einnig gert þá betri fyrir umhverfið. Framtíðarsýn okkar er að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi með framúrskarandi öryggi, skandinavískum lúxus og sparneytni. Volvo á Íslandi - Brimborg.

Stjarnan og KR með fullt hús á toppnum



Rekinn út úr húsi! Reggie Dupree, leikmaður Keflavíkur, fékk reisuþassann í leik liðsins gegn Stjörnunni í gærkvöldi og var rekinn út úr húsi. Eftir atvikið sem sést hér á myndinni þar sem Justin Shouse, leikmaður Stjörunnar, braut á Reggie tók sá síðarnefndi svitabandið af Justin og grýtti því upp í stúku. Dómararnir voru ekki lengi að senda hann í sturtu en Stjarnan vann leikinn örugglega og er með KR á toppnum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Domino's-deild karla

Haukar - KR **61-94**

Haukar: Hjálmar Stefánsson 14/6 fráköst/6 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 12/13 fráköst, Haukur Óskarsson 9, Emil Barja 7, Kristján Leifur Sverrisson 7, Breki Gylfason 5.

KR: Sigurður Þorvaldsson 18/7 fráköst, Darri Hilmarrson 17, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 15, Brynjar Þór Björnsson 10, Cedick Taylor Brown 10, Pavel Ermolinskij 6, Arnór Hermannsson 5.

Þór Þ. - Snæfell **110-85**

Þór Þ.: Tobin Carberry 21/8 fráköst/5 stoðsendingar, Ragnar Örn Bragason 17, Emil Karel Einarsson 14, Ólafur Helgi Jónsson 10, Halldór Garðar Hermannsson 9, Magic Baginski 7.

Snæfell: Sefton Barrett 35/15 fráköst/5 stoðsendingar, André Fares Michaelsson 16, Maciej Klimaszewski 11, Viktor Marinó Alexandersson 10.

Stjarnan - Keflavík **99-82**

Stjarnan: Tómas Heiðar Tómasson 25, Justin Shouse 20, Devon Andre Austin 20/8 fráköst/9 stoðsendingar, Hlynur Bæringsson 19/8 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 5.

Keflavík: Amin Khalil Stevens 24/14 fráköst, Guðmundur Jónsson 13, Daði Lár Jónsson 12, Reggie Dupree 11, Davíð Páll Hermannsson 6, Magnús Már Traustason 4, Andrés Kristleifsson 3.

Efri	Neðri	
KR	8	Grindavík 4
Stjarnan	6	Haukar 2
Tindastóll	6	Skallagrímur 2
Þór Þ.	6	Þór Ak. 2
Keflavík	4	Njarðvík 2
ÍR	4	Snæfell 0

KÓNGURINN KOMINN HEIM

Rúnar Kristinnson var á föstudeginum ráðinn þjálfari belgiska úrvalsdeildarliðsins Lokeren. Rúnar spilaði í sjö ár með liðinu á sínum leikmannafæri og var síðustu tvö tímabilin kjörinn leikmaður ársins. Þegar Lokeren tilkynnti um ráðninguna var sagt: „Kóngurinn er kominn heim,“ en Rúnar er í gríðarlega miklum metum hjá félaginu. Lokeren er þriðja félagið sem Rúnar stýrir en áður þjálfaði hann KR til tveggja Íslandsmeistarátitla og þrjú bikarmeistarátitla. Hann tók svo við Lilleström en var rekinn þaðan í síðasta mánuði.

Hverjir ætla að taka af skarið?

Eitt stig skilur að fimm efstu lið ensku úrvalsdeildarinnar. Þessi lið hafa byrjað áberandi best og eru í dag líklegust til að berjast um titilinn. En hvaða lið úr þessum hópi er líklegast til að fara alla leið?

FÓTBOLTI Keppnistímabilið í ensku úrvalsdeildinni hefur farið vel af stað, en án þess þó að eitt lið hafi stungið af. Aðeins eitt stig skilur að fimm efstu lið deildarinnar en það hefur aldrei áður gerst að loknum fyrstu níu umferðum nokkurs tímabils í ensku úrvalsdeildinni.

Að meðaltali hafa verið 5,75 stig á milli liðanna í fyrsta og fimmta sæti deildarinnar eftir níu umferðir þegar titið er yfir 24 ára sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Gefur það sterka vísbendingu um hversu óvenjuleg staða er komin upp í deildinni nú.

Bjarni Guðjónsson, sérfræðingur Stöðvar 2 Sports um enska boltann, segir að upphaf tímabilsins í Englandi hafi komið sér á óvart.

„Miðað við byrjun Manchester City á tímabilinu átti ég von á því að þeir myndu hreinlega stinga af,“ segir Bjarni en eftir að City vann fyrstu sjö leiki tímabilsins hefur liðið nú leikið þrjá í röð án sigurs og sex í öllum keppnum. City hefur raunar ekki unnið leik í októbermánuði en getur bjargað því með sigri á West Brom á morgun.

Ekki eins og á Spáni

„Það hefur komið hikst á leik Manchester City. Pep Guardiola hefur gert mjög miklar áherslubreytingar á liðinu síðan hann tók við í sumar og það er viðbúið að það gerist ekki vandræðalaust. Breytingin er svo mikil hjá City að ég teldi líklegt að það væri líklegra til árangurs á næsta tímabili en þessu,“ segir Bjarni enn fremur.

Guardiola náði frábærum árangri með Barcelona og Bayern München

Gott dæmi er sigurinn á Burnley, þar sem Arsenal spilaði ekki vel en vann samt. Það er ekki góðs viti fyrir hin liðin.

Bjarni Guðjónsson

á sínum tíma en Bjarni bendir á að veruleiki toppliðanna í Englandi sé annar en í Þýskalandi og Spáni.

„City þurfti sjálfsmark á lokamínútunum í fyrsta leiknum gegn Sunderland til að vinna þann leik. Og Sunderland [sem er í botnsæti deildarinnar] getur ekki neitt,“ segir Bjarni. „Lið eins og Barcelona og Bayern fara auðveldlega í gegnum svona leiki sínum deildum, sérstaklega á heimavelli.“

Áhrifin að ná í gegn

Guardiola er þó ekki eini nýi stjórinn sem er að láta til sín taka í ensku úrvalsdeildinni. Tottenham og Liverpool eru bæði með stjóra sem hafa ekki verið lengi í starfi en nú er áhrifa þeirra Mauricio Pochettino og Jürgens Klopp fyrst farið að gæta að nokkru ráði.

„Þeirra breytingar eru byrjaðar að skila árangri. Bæði lið hafa verið að gera miklu betur en í mörg ár og geta gert góða hluti,“ segir Bjarni.

Antonio Conte tók við Chelsea í sumar og segir Bjarni að staða þeirra bláklæddu sé að því leyti svipuð og hjá hinum ljósbláu í Manchester.

„Þar er nýr stjóri á ferð með miklið breyttar áherslur. Munurinn hins

1. sæti Manchester City		
16/17	15/16	14/15
20 stig	21 stig	17 stig

2. sæti Arsenal		
16/17	15/16	14/15
20 stig	19 stig	14 stig

3. sæti Liverpool		
16/17	15/16	14/15
20 stig	13 stig	14 stig

4. sæti Chelsea		
16/17	15/16	14/15
19 stig	11 stig	23 stig

5. sæti Tottenham		
16/17	15/16	14/15
19 stig	14 stig	11 stig

vegur er að Manchester City er með sterkari hóp og ræður betur við áföll. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta verði árið sem Chelsea verði meistari, en liðið verður engu að síður í baráttu um fjögur efstu sætin.“

Arsenal tapaði fyrir Liverpool í sjö marka leik í fyrstu umferð, 4-3, en hefur síðan þá ekki tapað leik.

„Samt hefur Arsenal ekki verið að spila sérstaklega vel. Ég reikna með því að Arsenal eigi eftir að spila betur eftir því sem liður á tímabilið. Gott dæmi er sigurinn á Burnley [í byrjun október], þar sem Arsenal spilaði ekki vel en vann samt. Það er ekki góðs viti fyrir hin liðin í toppbaráttunni.“

Held með Mourinho

Manchester United byrjaði vel á tímabilinu undir stjórn José Mourinho en hefur unnið aðeins einn af síðustu sex deildarleikjum. Bjarni reiknar ekki með United í titilbaráttu vetrarins. „Það er of langt frá efstu liðunum til þess. En ég reikna með liðinu í baráttu um Meistaradeildarsæti,“ segir Bjarni þrátt fyrir mótlætið sem Mourinho hefur lent í undanfarna daga og vikur.

„Ég er litadur af því að ég held með honum. Ég vona svo innilega að þetta gangi eftir hjá honum. En ég geri mér grein fyrir því að ég er líka í þversögn við sjálfan mig með því að segja að toppbaráttan verði svipuð og nú en að United blandi sér í baráttu um Meistaradeildarsæti. En þannig er bara deildin þetta árið, hún virðist vera nokkuð óútreiknanleg,“ segir Bjarni í léttum dúr. eirikur@365.is

Um helgina

Það helsta á Sportinu

L11.20 Sunderl. - Arsenal	Sport
L13.50 Augsburg - Bayern	Sport4
L13.50 Man. Utd - Burnley	Sport
L14.10 Alavés - Real M.	Sport3
L15.30 WGC: HSBC-mótið	Golfst.
L16.20 Palace - Liverpool	Sport
L16.25 Blackburn - Wolves	Sport3
L16.25 Dortmund - Schalke	Sport4
L17.50 F1: Timataka í Mex	Sport2
L18.40 Barcelona - Granada	Sport
S13.20 Everton - West Ham	Sport
S13.30 Bengals - Redskins	Sport2
S15.50 So'ton - Chelsea	Sport
S14.50 So'ton - Burnley	Sport
S18.30 F1: Mexikó	Sport
S20.20 Falcons - Packers	Sport2

Frumskýningar leikja í enska

L16.10 WBA - Man. City	Sport2
L18.30 Watford - Hull	Sport4
L18.30 Tottenh. - Leicester	Sport3
L19.40 Boro - Bournemouth	Sport2

Olís-deild karla:

L16.00 Haukar - Grótta Schenkerh.

Olís-deild kvenna:

L13.30 Grótta - Valur	Framhús
L13.30 Stjarnan - Fylkir	Selfoss
L14.00 Haukar - Selfoss	TM-höllin
L15.00 Fram - ÍBV	Schenkerh.

Kemur á óvart

Hyundai i10.



Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. Hyundai i10 - verð frá 1.890.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Comfort útgáfa verð 2.090.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphitað sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Robert Cushman Barber, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, heldur mikið upp á hrekkjavökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skapandi graskersskurður

Bandaríski sendiherrann á Íslandi heldur árlegt hrekkjavökupartí fyrir starfsmenn sendiráðsins og fjölskyldur þeirra. Honum finnst sjálfum gaman að skera út grasker og hefur gaman af hrekkjavökunni.

Þegar þú ert barn snýst hrekkjavakan um „grikk-eða-gott“. Að sjá börn á öllum aldri grímubúin og úti að ganga um hverfin sín og bæi skreytt fyrir hrekkjavökuna er mögnuð sjón. Ég hvet Íslendinga eindregið til þess að heimsækja Bandaríkin á þessum tíma ársins til að sjá þetta með eigin augum,“ segir Robert Cushman Barber, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sem undirbýr daginn sem er vinsæll í

ættlandinu.

„Þrátt fyrir að hrekkjavaka sé ekki opinber fridagur, er þetta samt dagur sem flestir Bandaríkjamenn halda upp á. Ég á margar góðar og hlýjar minningar frá hrekkjavökufögnuðum með fjölskyldu minni. Vanalega, meðan konan mín, Bonnie, var heima að gefa nammi krökkum sem bönkuðu á hurðina okkar, fylgdi ég börnunum okkar um hverfið að gera „grikk-eða-gott“ – sum árin fórum við til baka í gamla hverfið okkar að heimsækja drauga-

lega húsið með lifandi afturgöngunum. Kvöldið endaði oft með hrekkjavökubóði heima hjá okkur fyrir vini og nágretta, þar sem krakkarnir skemmtu sér í draugaherberginu sem Bonnie hafði stillt upp og léku leiki eins og að dýfa sér eftir eplum í bala, eða að reyna að borða hangandi kleinuhringi. Þetta var frábær skemmtun þá, og frábærar minningar nú,“ segir Robert frá.

Sendiráðið heldur „grikk-eða-gott“ og hrekkjavökupartí fyrir starfsmenn sendiráðsins og fjölskyldur þeirra á hverju ári.

„Ég hlakka til að taka þátt í hátíðahöldunum í ár, eins og ég hlakka til allra bandarískra hátíða sem sendiráðssamfélagið heldur upp á,“ segir Robert sem sker út grasker fyrir hátíðahöldin.

„Að skera út grasker er

ekki sérstaklega erfitt, það getur stundum verið svolítið subbelegt, en verkfærin er auðvelt að nota. Þó að það sé hefðbundið að skera út mannlega andlitsdrætti, þá er graskersútskurður líka frábært tækifæri til að nota sköpunargáfu og hanna einstakar eða nýstárlegar myndir. Svo er líka hægt að rista graskersfræin, sem er bragðgott og heilsusamlegt nas!“ segir sendiherrann og ljóst að það stefnir í góða veislu.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Hrekkjakosningavaka um helgina

Á mánudag er hrekkjavaka haldin hátíðleg en margir taka ef til vill forskot á sæluna um helgina og blanda saman kosninga- og hrekkjavöku. Það er vel við hæfi enda má líkja kosningavöku við ljósaskiptin þar sem stjórnmálamenn í framboði ráfa um óvissir um líf eða dauða ferils síns. Fölir og með dökka bauga, stírdír af streitu síðustu vikna í kosningabaráttu minna þeir sumir á uppvakninga.

Rokkandi kjörfylgið er hryllingshringekja, að minnsta kosti í huga þeirra sem berjast fyrir þingsæti. Þá fer

það eftir stjórnmálaskoðun hvers kjósanda hvort hann upplifir úrslitin sem sigur hins góða eða illa.

MYRKIR ODDVITAR

Það er tilvalið hrekkjakosningavökupema að velja sér oddvita og leggja áherslu á myrkustu hliðar hans í búningavali. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, sem hefur vakið athygli með miklum handabendingum og hárrí raust í kosningabaráttunni gæti til dæmis í myrkrabúningi agnarögn líkst Frankenstein og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, gæti verið örloganornin sem hefur allt í höndum sér.

BLÓÐUGIR DRYKKIR

Blóðþorstinn í stjórnmálunum gæti endurspeglast í drykkjarvalinu. Blóðrauðir drykkir eru víðeigandi, rauðvín, rauðir ávaxtasafar eða kokteilur.

SKELFILEGAR VEITINGAR

Hrekkjavaka er líklega eini dagurinn þar sem þykir ásættanlegt að bjóða upp á skelfilegar veitingar. Pylsur í múmiulíki eða sem afskornir fingur eru góð dæmi. Heilbrigðiskerfi í skál með sundurskornum búkum, slímugir lofordaormar í skál. Framsetningin á að minnsta kosti að vekja óhug. – kbg



Smá upprifjun ...

„við munum standa við það“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lofar kjósendum þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við Evrópu-sambandið daginn fyrir kosningar 2013.

Bjarni Benediktsson: 1) „Við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það“ – Fréttablaðið 24. apríl 2013, 3 dögum fyrir kosningar; 2) „Við höfum opnað fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel rétt að stefna að henni á fyrrihluta kjörtímabilsins. Ég er opinn fyrir því að nýta þjóðaratkvæði til þess að leiða fram þjóðarviljann í þessu máli“; Sigmundur Davíð Gunnlaugsson: 1) „Ef að menn vilja halda áfram og segja að þeir ætli að treysta þjóðinni þá hljóta þeir líka að treysta henni til þess að taka afstöðu til þess hvort það eigi að halda áfram eða ekki“; 2) Að sjálfsögðu kemur til þjóðaratkvæðagreiðslu. Illugi Gunnarsson: 1) “Ég er sammála því að það verði þannig að það verði stöðvaðar þessar viðræður ... og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin fái að segja sinn hug í því hvort hún vilji klára þetta eða ekki. Ef að það er þannig að þjóðin segir já við því, þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.“; Hanna Birna Kristjánsdóttir: „Að sjálfsögðu mun sjálfstæðisflokkurinn standa við það að þjóðin fær að ákveða það hvort það verður gengið lengra í þessu máli. Það er þjóðarinnar en ekki einstakra stjórnmalámana.“ Ragnheiður Elín Árnadóttir: „Það sem mér þykir mestu máli skipta er að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort að þessu verður haldið áfram eða ekki og ég treysti þjóðinni til þess að taka upplýsta ákvörðun ... Eina leiðin til þess að komast að niðurstöðu um það hvert skuli halda núna er að spyrja þjóðina.“; Auglýsing kostuð af Við viljum kjósa með fé sem safnaðist á Austurvelli vorið 2014.

NÝR MEGANE SPORT TO FRUMSÝNDIR Í



NÝR OG SPENNANDI CLIO DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Renault Clio 1,5 dísil er Íslandsmeistari í sparakstri 2017, honum var ekið frá Reykjavík til Akureyrar fyrir aðeins 2.740 kr. Komdu og reynsluaktu Clio í nýrri og spennandi útfærslu.

VERÐ FRÁ: 2.250.000 KR.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



RENAULT
Passion for life

TOURER OG CLIO DAG FRÁ 12-16



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

RENAULT MEGANE SPORT TOURER

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR/DUAL CLUTCH,
ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*


Allir nýir Megane Sport Tourer eru búnir 16" álfelgum, regnskynjara fyrir rúðupurrkur og akreina vara auk þess sem í öllum bílunum er R-Link búnaður með íslenskum leiðsögubúnaði, 7" snertiskjá og Bluetooth handfrjálsum símabúnaði.

VERÐ: 3.790.000 KR.

Frumskýnum Megane Sport Tourer á sama tíma hjá
IB Selfossi, Bílás Akranesi og GE Bílum Reykjanesbæ

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Kjósendum hafa fimm sinnum breytt listum

Mikla samstöðu þarf á meðal kjósenda til þess að þeir geti breytt röð frambjóðenda á lista. Leita þarf allt til ársins 1946 til þess að finna dæmi um að þingmaður hafi dottið út af Alþingi vegna vilja kjósenda.

Kosningur 2016

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Fjögur nýleg dæmi eru um það að frambjóðendur hafi verið færðir neðar á lista vegna útstrikana kjósenda. Þetta gerðist síðast árið 2009 þegar Guðlaugur Þór Þórðarson færðist neðar á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður. Sama ár færðist Árni Johnsen neðar á lista flokksins í Suðurland.

Reglan um breytingu á röðun frambjóðenda er nokkuð flókin. Í umfjöllun Fréttablaðsins er stuðst við lýsingu Þorkels Helgasonar á vef landskjörstjórnar í greinargerð hans um kosningar 2003.

Í kosningalögum er gert ráð fyrir að röð frambjóðenda ráðist af samanlagðri stigagjöf hvers frambjóðanda. Stigin fær hver þeirra af stöðu sinni á listanum að teknu tilliti til breytinga kjósenda. Í kosningalögum er talað um atkvæði og atkvæðabrot. Til einföldunar verður talað um stig í þessari umfjöllun. Þeir frambjóðendur sem hafa flestu stigin fá þingsætin.

Til þess að gæta hlutleysis í umræðunni velur Fréttablaðið að taka ekki dæmi af neinu frambjóðanda í kosningunum núna. Þess í stað ímyndum við okkur að listi Njálunga bjóði fram.

Stigin sem frambjóðendur fá ráðast af því hversu marga menn listinn fær kjörna. Ef listi Njálunga fengi þrjá menn kjörna eru sex efstu mönnum á listanum

Lágmarkshlutfall sem þarf til vöxlunar sæta á lista

Virkasta leiðin er að strika þann út sem á að færast niður og merkja 1 við þann sem lyfta skal upp. Sbr. dæmið um Hallgerði og Skarphéðin hér til hliðar.

Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall kjósenda þurfi að vera hið minnsta jafnt $1/(r+1)$, þar sem r er svokölluð „röðunartala“ eins og hún heitir í kosningalögum. Hún er jöfn tvöfaldri tölu þingsæta listans, en 3 ef listinn fær aðeins eitt sæti.

Lágmarkshlutfall kjósenda til að ná fram vöxlun með útstrikun frambjóðanda og merkingu næsta

fyrir neðan í 1. sæti. Dæmið um Hallgerði og Skarphéðin er sýnt gult:

Númer sætis á lista	Lágmarkshlutfall kjósenda
1	25,0%
2	20,0%
3	14,3%
4	11,1%
5	9,1%
6	7,7%

Þessir útreikningar miðast við að aðrir kjósendur, einkum þeir sem vilja koma í veg fyrir vöxlunina, bregðist ekki við.

reiknuð stig. Njáll Þorgeirsson, efsti maður á listanum, fær sex stig og Helga Njálsdóttir, sem er í sjötta sæti listans, fær eitt stig. Undantekningin er ef listi fær einungis eitt þingsæti í kosningunum. Þá eru þremur efstu mönnum listans reiknuð stig, en ekki aðeins tveimur efstu.

Samkvæmt kosningalögum er kjósanda heimilt að strika yfir nöfn eða rita sætisnúmer að eigin vali framan við nöfn frambjóðenda. Einungis má gera breytingar á þeim lista sem kjósendinn hefur krossað við, annars verður atkvæðaseðillinn ógildur.

Látum sem svo að kjósendi sé eindreginn stuðningsmaður Hallgerðar langbrókar, sem er í fjórða sæti á lista Njálunga, og sonar hennar, Grana Gunnarssonar, sem er í níunda sæti. Þessi kjósendi strikar þá yfir Bergþóru og setur Hallgerði í efsta sæti en Grana í fjórða sæti. Svo strikar kjósendinn yfir

nafn Gunnars, eins og gert hefur verið í þriðju myndinni hér til hliðar.

Það þarf mikla samstöðu á meðal kjósenda til þess að ná fram breytingum á listum og breytingarnar geta aldrei orðið miklar. Í hæsta lagi er raunhæft að ná að færa frambjóðanda upp um eitt sæti og þá þann næsta fyrir ofan niður um sæti.

Til þess að ná fram þeirri breytingu að vixla röð á tveimur frambjóðendum sama lista er öruggast að strika þann út sem á að færast niður og merkja 1 við þann sem kjósendi ætlar að lyfta upp. Hlutfall kjósenda þarf að vera hið minnsta jafnt $1/(r+1)$ þar sem r er svokölluð röðunartala. Sú tala er jöfn tvöfaldri tölu þingsæta listans, en 3 ef listinn fær aðeins eitt sæti. Þessir útreikningar miðast þó við að aðrir kjósendur, einkum þeir sem vilja koma í veg fyrir vöxlunina, bregðist ekki við.

kjördæmi suður með 18,3% útstrikunum, eða igildi þeirra.


Guðlaugur Þór Þórðarson var líka færður niður um eitt sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður í kosningum 2009, fyrstu alþingiskosningunum eftir bankahrunið. Þá strikuðu 23,6% yfir nafn hans.

Breytingar á listum hafa líka veitt þingmönnum aðhald þótt það hafi ekki raskað röðun.

hefur þó ekki leitt til breytinga á skipan þingsins.

Í kosningum 2007 var **Árni Johnsen** færður niður um sæti á lista Sjálfstæðismanna í Suðurland vegna 21,3% útstrikana. Hann færðist líka niður um sæti árið 2009 en þá var útstrikunargildið 18,9%.

Í kosningunum 2007 færðist **Björn Bjarnason** niður um sæti á lista Sjálfstæðismanna í Reykjavík-ur



Hafa breytingar á listum haft áhrif?

Í þingkosningum 1946 færðist Björn Ólafsson niður um sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, en reglur voru þá aðrar en nú. Við þetta féll Björn út af þingi en sá næsti fyrir neðan, Bjarni Benediktsson (eldri), fór inn í staðinn.

Þetta er eina dæmið úr listakosningum til Alþingis um að frambjóðandi hafi misst þingsæti vegna breytinga kjósenda.

Á síðustu árum hafa frambjóðendur fjórum sinnum verið færðir neðar á lista með útstrikun. Það

Hvernig má umræða á listum

Listi Njálupersóna

Sýndir eru tíu efstu menn

Hverjir þessara frambjóðenda munu skipa þau sæti sem listinn fær?

Það byggist á samanlagðri stigagjöf hvers frambjóðanda. Stigin fær hver þeirra af stöðu sinni á listanum að teknu tilliti til breytinga kjósenda. Í kosningalögum er talað um atkvæði og atkvæðabrot en ekki stig. Stigin sem hér um ræðir eru jafngild en einfaldari í framsetningu. Þeir fá þingsætin sem flest fá stigin.

□ N Listi Njálunga

Njáll Þorgeirsson
Bergþóra Skarphéðinsdóttir
Skarphéðinn Njálsson
Hallgerður langbrók
Kári Sölmundarson
Helga Njálsdóttir
Hródný Höskuldsdóttir
Gunnar á Hlíðarenda
Grani Gunnarsson
Porkatla Gissurardóttir
...

STIGAGJÖF

Ef kjósendi gerir engar breytingar

Stigagjöfin fer eftir því hve marga menn listinn fær kjörna

(hvort sem er kjördæmis- eða jöfnunarsæti). Segjum að listi Njálunga fái 3 menn kjörna. Þá eru þeim sex efstu á listanum reiknuð stig, þeim efsta 6 og þeim síðasta 1. Þessir frambjóðendur eru auðkenndir með gulu. Stigagjöfin hér miðast við að kjósendi hafi engar breytingar gert.

Röð á lista	□ N Listi Njálunga	Stigagjöf
1	Njáll Þorgeirsson	6
2	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	5
3	Skarphéðinn Njálsson	4
4	Hallgerður langbrók	3
5	Kári Sölmundarson	2
6	Helga Njálsdóttir	1
7	Hródný Höskuldsdóttir	0
8	Gunnar á Hlíðarenda	0
9	Grani Gunnarsson	0
10	Porkatla Gissurardóttir	0
...

Almennt:

Þeim efstu, sem manna tvöfalda tölu þingsæta listans (röðunartala), eru reiknuð stig sem lækka um eitt að ofan talið þar til sá síðasti þeirra fær 1 stig. Fá listi aðeins eitt sæti eru þó þremur efstu mönnum listans reiknuð stig, ekki aðeins tveimur.

LEYFILEGAR BREYTINGAR Á LISTA

Kjósendi má strika yfir nöfn eða rita sætisnúmer að eigin vali framan við nöfn frambjóðenda.

Einungis má gera breytingar á þeim lista sem kjósendinn hefur krossað við (ella verður seðillinn ógildur).

Kjósendinn er eindreginn stuðningsmaður Hallgerðar langbrókar og sonar hennar Grana. Þess vegna strikar kjósendinn yfir Bergþóru og setur Hallgerði í efsta sæti en lyftir Grana í fjórða sæti. Ennfremur hefur kjósendinn ákveðið að strika yfir nafn Gunnars.

Breytt röð og afleiðingin í breytti stigagjöf er sýnd á kjörseðlinum.

Allar breytingar neðan við gullituðu nöfnin hafa engin áhrif, en þær skada heldur ekki.

HVERJU ER RAUNHÆFT AÐ NÁ FRAM?

Það þarf mikla samstöðu til að ná fram breytingum á listum.

Það er í hæsta lagi raunhæft að ná að færa frambjóðanda upp um eitt sæti og þá þann næst fyrir ofan niður um sæti.

Kjósendinn hér leggur kapp á að koma Hallgerði upp fyrir Skarphéðin. Árangursríkasta leiðin til þess er að strika Skarphéðin út (þannig að hann fái 0 stig) og setja Hallgerði í efsta sæti (svo að hún fái hámark stiga, 6 stig).

Mun þessi vöxlun á Hallgerði og Skarphéðni ná fram að ganga?

Já, ef minnst 14,3% kjósenda listans gera þessa sömu breytingu á kjörseðlum sínum (sjá töflu hér til hliðar).

Og því aðeins að aðrir kjósendur, einkum stuðningsmenn Skarphéðins, leiki enga mótleiki.

Röð á lista	□ N Listi Njálunga	Stigagjöf
2	Njáll Þorgeirsson	5
	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	0
3	Skarphéðinn Njálsson	4
1	Hallgerður langbrók	6
5	Kári Sölmundarson	3
6	Helga Njálsdóttir	2
7	Hródný Höskuldsdóttir	0
8	Gunnar á Hlíðarenda	0
9	4 Grani Gunnarsson	0
10	Porkatla Gissurardóttir	0
...

Röð á lista	□ N Listi Njálunga	Stigagjöf
2	Njáll Þorgeirsson	5
3	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	4
	Skarphéðinn Njálsson	0
1	Hallgerður langbrók	6
4	Kári Sölmundarson	3
5	Helga Njálsdóttir	2
6	Hródný Höskuldsdóttir	0
7	Gunnar á Hlíðarenda	0
8	Grani Gunnarsson	0
9	Porkatla Gissurardóttir	0
...

netto

LOKSINS, LOKSINS!

SÉRSTÖK ÚTGÁFA Á ÆFINGAHANDRITI

HARRY POTTER

OG
BÖLVUN BARNINS

FYRRI OG SEINNI HLUTI



BYGGT Á NÝRRI SÖGU EFTIR

J.K. ROWLING

JOHN TIFFANY & JACK THORNE

NÝTT LEIKRIT EFTIR JACK THORNE

AÐEINS
3.998 KR

Harry Potter og bölvun barnsins er loksins komin út.
Þessi áttunda bók um Harry Potter er leikrit sem
gerist 19 árum eftir að þeirri sjöundu lauk.
Þá er bara að byrja að lesa!

www.netto.is | Gildistími 29. – 30. október

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Leifur Örn á fullu að pakka niður heima í stofu daginn fyrir brottför til Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ferðirnar hafa lengst og fjöllin *hækkað*

Leifur Örn Svavarsson fjallaleiðsögumaður lifir ævintýrlegu lífi. Hann hefur gengið á heimskautin bæði, hæsta tind jarðar og á efstu fjöll í öllum álfum. Nú er hann á leið í grunnbúðir Everest, eftir áramót ætlar hann á Aconcagua, hæsta fjall Suður-Ameríku og síðan á Kilimanjaro.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Leifur Örn fjallaleiðsögumaður er nýkominn heim frá Norður-Afríku og er að leggja af stað til Nepal þegar hann er króaður af í viðtal. Nú stendur hann brátt á fimmtugu og það gefur tilefni til að líta um öxl og líka fram á veg.

„Ég er meira og minna í leiðsögn, síðustu árin mikið í háum fjöllum og erfiðum leiðum, á Grænlandsjökli, á póluum, í janúar síðastliðnum fór ég til dæmis bæði á Suðurlandinn og hæsta fjall Suðurskautslandsins. Það stóð til að ég færi aftur þangað núna í desember en það verður ekki og ég er feginn því. Það er kærkomið bæði fyrir mig sjálfan og fjölskylduna að ég sé aðeins heima.“

Þú ert fjölskyldumaður. „Já, ég á konu, Sigrúnu Hrönn Hauksdóttur, og börn sem eru orðin stálpuð, það yngsta er ellefu ára. Ég hef gegnum tíðina unnið mikið frá fjölskyldunni. Leiðsögnin er eins og togara-sjómennska. En það hafa komið tímabil sem ég hef verið alveg heima hluta úr árinu, og unnið á Vedurstofunni eða í Björgunarskólanum.“

Hvaðan kemur þér áhuginn á fjallamennsku? Ætli Tinni í Tibet eigi ekki sinn þátt í honum. Þegar ég fór á Everest tók ég þá bók með! Mér hefur alltaf þótt ævintýraljóni yfir fjallgöngum og ferðalögum sem þarf að hafa fyrir. Á æskuheimilinu í Kópavogi voru keyptar bækur um það sem gerðist fréttæmt á hverju ári fyrir sig, ég staldraði alltaf við myndir af fjallaklifurum, pólförum og fólki að sigla skútu kringum hnöttinn. Ég var líka ungur þegar ég fór að gista í snjóhúsi í garðinum og fara í gönguskiðaferðir. Svo hafa ferðirnar lengst og fjöllin hækkað.“

Leifur Örn var meðal þeirra sem stofnuðu Íslenska fjallaleiðsögumenn árið 1993. Þá hafði hann verið að leiðsega erlendum ferðamönnum á sumrin og hélt því áfram. „Síðustu ár hef ég svo töluvert verið með Íslendinga í ævintýraferðum erlendis og þeim ferðum fylgja á næstu árum. Nú er ég til dæmis nýkominn frá Marokkó með hóp. Við fórum fyrstu vikuna í október, þá er hitastigið orðið bærilegt í Marokkó og ágætur sumarauki fyrir Íslendinga. Verðlagið er lágt þarna og það er ævintýri að ganga um Atlasfjöllin. Þar búa Berbar og þótt þeir séu helmingur þjóðarinnar þá búa þeir afskekk og tala annað tungumál en Arabarnir. Í efstu þorp-

Leifur Örn hefur klifið hæstu fjöll hverrar heimsálfu

8.848m : 5.895 m
MOUNT : KILIMANJARO
EVEREST

North Cole Route
fyrstur Íslendinga : 5.642 m
ELBRUS

6.961 m : 4.892 m
ACONCAGUA : MT. VINSON

6.194 m : 4.884 m
DENALI : CARSTENSZ
PYRAMID

Aðrir spennandi tindar sem hann hefur staðið á

7.134 m : 4.809 m
PEAK LENIN : MT. BLANC

8.202 m : 4.167
CHO OYU : MT. TOUPCAL



ÞEGAR ÍSLENDINGAR

KOMA SPYRJA ÞEIR: HVA,

EIGUM VIÐ AÐ BORÐA Í

SKUGGA?

um býr fólk enn í leirkofum og það er án samgangna í tvo mánuði á ári vegna snjóa. Okkur er því kippt í allt aðra menningu og veðurfar en við þekkjum að heiman en mataræðið er örugglega nær markmiðum Manneldisráðs en margt sem við borðum dags daglega, mikið af grænmeti og ávöxtum. Í hádeginu er breitt úr dýnum til að setjast á og matast, þær eru yfirleitt í skugga en þegar Íslendingar koma spyrja þeir: Hva, eigum við að borða í skugga? Þá eru dýrnarnar færðar í sólina!“

Sigrún, eiginkona Leifs Arnar, er ferðagarpur líka og vinnur hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. „Sigrún var kennari til margra ára. Lærði svo mannfræði og þekkir til ýmissa þjóðflokka svo það er kær-

kominn viðbót þegar hún kemur með í ferðir,“ lýsir hann og segir þau hjón ætla saman í spennandi ferð í haust, í tilefni af fimmtugsafmæli hans. „Ég er að fara til Nepal í gönguferð upp í grunnbúðir Everest með tólf manna hóp, það er ein af fallagustu gönguleiðum heims. En þegar henni lýkur ætlar Sigrún að koma út og við ætlum að hjóla saman aðra fallega leið um Nepal. Fara með reiðhjólun upp í 5.400 metra hæð með eins lítinn farangur og við getum, einar hreinar nærbuxur hvort svo við getum skolað hinar og búði! Og kaupum okkur bara mat á te- og kaffihúsum.“

Er ekki hættu á háffallaveiki þegar þið eruð komin í svona mikla hæð? „Jú, það verður að fara varlega í svona hæð og þó ég hafi verið í fjallabróltinu þá er það konan mín sem þolir hæðina betur en ég. Hún kom með mér í efri grunnbúðir Everest þegar ég var á leið á fjallið, þær eru í 6.500 metra hæð. Þar komst ég ekki úr sporunum en hún spurði bara hvað væri að mér! Hinir fjallamennirnir gerðu grín að þessu og spurðu hvort það væri ekki ráðleggra að hún héldi áfram en ég skríði niður aftur og færi heim. En það þarf ekki bara að aðlagast vel, heldur líka að hafa þessa sterku þrá sem drifur mann áfram í gegnum allt.“

HROLLUR!

VILDARVERÐ:

3.799.-

Verð:
4.799.-



Hrekkjavöku-
útgáfupartý í dag
Pennanum
Eymundsson
Kringlunni
kl. 14:00

BÚNINGAKEPPNI!

Þrír bestu búningarnir fá gefins eintak af bókinni.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda 27. október til og með 31. október. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

Í veðravíti á Vatnajökli

Hvar hefur þú komist í hann krappastan? „Ég hef alltaf reynt að forðast að komast í hann mjög krappan og vil gera það framvegis. En eitt sinn kom beiðni frá Ítala um leiðsögn yfir þveran Vatnajökul í febrúar. Ég taldi það ekki nokkurt vit, þekkjandi veðravítid sem þar getur verið á þeim árstíma. Eftir dálitid þóf lét ég þó tilleiðast að fara með honum og tveimur vinum hans og við lögðum upp frá Kverkfjöllum í vikufé. Þrátt fyrir að ég hafi aldrei fegrað hlutina fyrir þeim þá höfðu þeir ekki reiknað með að vera lengst af ferðinni eins og inni í jólakúlu með snjó og að veðurhæðin yrði þannig að tjaldgrindur brotnuðu og sleðarnir héldust ekki á réttum kili, hvað þá að við yrðum að leita skjóls í sprungum og grafa okkur í fönn. En allur þessi pakki fylgdi með. Stakkurinn minn var svo ísaður eitt kvöldið að í stað þess að taka hann inn í tjald og láta hann þiðna ákvað ég að fara í hann eins og klakabrynju um morguninn.

Ég hafði farið að kenna fjallamennsku á Höfn nokkrum dögum áður og horft úr flugvél á Breiðamerkurjökul og Skeiðarárjökul alveg fagurdjúpbláa og snjólausa, ég hugsaði: þar fór flóttaleiðin. Svo ég fór Óræfajökulsleiðina með Ítalina og komst með þá í skjól undir Hvannadalshnúk í vestanátt. Við höfðum upplifað mikinn veðurham á köflum og allt sem við vorum með var ísað og eins og snjóboltar, þar á meðal áttavittinn. Ég segi við þá að þó veðrið sé gott þarna undir Hnúknum ætli ég ekki með þá upp á topp, heldur taka upp nesti og halda svo áfram. „Ef þú bara kemur okkur lifandi niður af þessu fjalli þá erum við þakklátir,“ sagði sá sem mest hafði nauðað um að fara. Þeir hafa verið í sambandi við mig síðan og senda mér alltaf myndir úr ferðinni, allar í móðu!“

Kannski verður þessum myndum brugðið upp í afmælisstundinni sem Leifur Örn ætlar að halda 3. desember, þegar hann verður fimmtugur. Hann er búinn að leigja Austurbæ undir myndasýningu og ætlar að bjóða þeim sem hafa gengið með honum gegnum tíðina. „Þetta er algerlega óundirbúið ennþá, myndirnar í pappakössum og enginn farinn að fá boðskort,“ segir hann afsakandi. Strax eftir áramótin er hann að fara á hæsta fjall Suður-Ameríku, Aconcagua, með hóp Íslendinga og í febrúar ætlar hann á Kilimanjaro, hæsta fjall Afríku. „Það er opið í þá ferð ennþá hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum!“ auglýsir hann. „Síðan ætla ég í smá fri með konunni minni. Hana langar að ganga Vasagönguna í Svíþjóð, 90 kílómetra skídagöngu, og þó ég sé ekki vanur að ganga á þvengmjóum skíðum í einhverju skíðaspori hlýtt ég að lifa það af!“

Grænland er eitt af eftirlætislöndum Leifs Arnar. „Við höfum verið með eina ferð yfir Grænlandsjökul í mörg ár, ég hef verið svo lánsamur að hafa farið nokkrum sinnum, meira að segja í 29 daga ferð með indverska sjóherinn sem var að æfa sig fyrir ferð á Suðurljólinu, það ferðalag væri efni í heilt viðtal,“ segir hann. „Við förum frá austri til vesturs yfir jökulinn, frá Angmagssalik-héraði, eins og Nansen gerði þegar hann fór fyrstur yfir jökulinn 1888. En veðurbreytingarnar í heiminum hafa áhrif á allt. Við erum orðnir svo hræddir við leysinguna sem er á jöklinum þegar fer að vora og förum um 20. apríl, ef veður leyfir, sem þýðir að hæðin yfir jöklinum er ekki orðin eins sterk og hún verður yfir sumarid. Ég var einn og hálfan mánuð á Grænlandi í sumar og allan júní og fram í ágúst var stilla og bjartviðri. Áður fóru fyrstu haustlægðirnar að snerta Grænland í byrjun september en nú eru þær farnar að koma um miðjan ágúst. Mér finnst Grænland ákaflega heillandi, hef verið mikið þar og náð að heimsækja nánast öll byggð ból. Austurströndin er í mestu upphaldi. Þar eru tindarnir hvassastir, jöklarnir fram í sjó og menning íbúanna einstök.“



Fólk í þorpinu Sugapa í Papúa Nýju-Gíneu sem gengið er um á leið á Carstenz Pyramid, hæsta fjall Eyjaálfa. Litli drengurinn ber typpahlíf, að síð karlmanna svæðisins, þó hún sé reyndar ekki í réttum skorðum.



Litil sjoppa við göngustig í Atlasfjöllum sem Leifur Örn gengur um í Marokkóferðunum.



Með hóp á leið á Aconcagua, hæsta fjall Suður-Ameríku. Sérkennilegar snjóstrýtur, „Penitendes“, einkenna svæðið.



Á leið á Kilimanjaro, hæsta fjall Afríku.



ÞAD ER GOTT AÐ VERA Í

AÐSTÆÐUM ÞAR SEM

MAÐUR ER BARA AÐ

TAKAST Á VIÐ DAGINN

Í DAG OG ÞARF EKKI AÐ

HUGSA UM ÁTJÁN HLUTI

Í EINU.

Á heilögu svæði í háfjöllum

Er eitthvað sem hefur snortið þig meira en annað á þínum ferðum? Mér finnst hrifandi hvernig mannlíf og menning þrífst í köldum og hrjóstrugum löndum. Ég man eftir gönguskiðaferð um páska á austurströnd Grænlands, við löbbuðum upp á heiði til að horfa á ísjakana í Chalmerlick-firðinum og eftir bara smástund var maður gegnfrosinn í finu dúnúlpunni og einangruðu vettlingunum, „Ah, nú förum við inn aftur í hlýjuna,“ gátum við sagt. En tilfinningin um að fólk hafi búið þarna í gegnum tíðina og stundi veiðimennsku þar enn í dag var mögnuð. Eða að ganga um heilaga svæðið í háfjöllum í Nepal þar sem fólkid umgengst náttúruna af svo mikilli virðingu að það tekur ekki eitt einasta líf. Heggur ekki einu sinni lifandi hríslur til að brenna í isköldum húsunum sínum, heldur fá þær að vaxa í friði. Það kyndir með dauðum kvistum og jakuxataði og slátrar engu heldur ræktar kartöflur og annað grænmeti sér til matar. Lífsbaráttan í þessu hrjóstruga og fallega umhverfi orkar sterkt á mig.

Ég hlakka til núna um páskana, þá ætlum við að fara fyrstu ferðina á Inkaslóðir í Perú. Sambýli náttúru og manns á slíkum svæðum er alltaf heillandi.“

Í hugarum sér maður fyrir sér heimskaufafara og háfjallagarpa, veðurbarða og rúnum rista eftir fangbrögð við óbliða náttúru, en Leifur Örn er eins og sumardrengur á leið í sveit, að frátöldu skegginu. Hverju sætir það? Hann hlær. „Ég leit nú út eins og talibani bara í gær því bæði hár og skegg var orðið svo mikið en svo var ég klipptur stutt. Kem ekki heim aftur fyrir en í lok nóvember og þessi snyrting á að duga þangað til. En ég tel að stressleysið á fjöllum fari vel með mig. Þó að gönguferðir geti verið líkamlega krefjandi þá eru þær í rauninni slökun í leiðinni. Það er gott að vera í aðstæðum þar sem maður er bara að takast á við daginn í dag og þarf ekki að hugsa um átján hluti í einu og vera með ótal margt á döfinni eins og í byggð.“

Leifur Örn er meðal reyndustu leiðsögumanna Íslands. Hann hefur farið á hæstu tinda allra heimsálfanna og flesta oft. Suðurljólinn kom við sögu fyrir í viðtalinu, Norðurljólinn hefur hann sigrað líka. Þó leist honum ekki á blikuna. „Þegar ég flaug yfir ísinn á Norðurheimskaufinu og sá hvernig þessa fljóttandi íshellu rekur saman í hryggi og gliðnar sundur í sprungur þá hugsaði ég að þetta væri engum fært nema fuglinum fljúgandi – en svo gekk allt vel.“


Þú hefur greinilega dómgreindina og heppnina með þér.

„Já, en maður má aldrei sýna andvaraleysi og hugsa að maður komist eitthvað á heppni eða fyrri afrekum, þá er hætta á mistökum. Ég er náttúrulega með gott GPS-tæki en glími við nýtt vandamál því skjárinn á því hefur minnkað og stafirnir líka! Það eru heilmikil viðbrigði að þurfa að byrja á að setja á sig gleraugu til að sjá á tækið, ég tala nú ekki um í vitlausu veðri, þegar maður hefur áður komist upp með að vinna úr aðstæðum jafnóðum. Það þýðir líka að maður verður að undirbúa sig betur áður en lagt er af stað.“

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



fyrir lágt verð alla daga



BONUS

**EKKERT
BRUÐL**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

OKTÓBERHÁTÍÐ

FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG
MEÐ SPENNANDI UPPÁKOMUM OG HÁTÍÐARTILBOÐUM



Komdu í kaffi og rúnstykki á milli kl. 10 og 11. Við grillum pylsur á milli kl. 12 og 15, laugardag og sunnudag.



OKTÓBERHÁTÍÐ
25%
afsláttur %
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
AF ÖLLUM STIGUM OG VINNUPÖLLUM



OKTÓBERHÁTÍÐ
30%
afsláttur %
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
AF ÖLLUM INNIBLÓMUM
OG PLÖNTUM



OKTÓBERHÁTÍÐ
40%
afsláttur %
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
AF VALDRI
SMÁVÖRU Í
GARÐALANDI



OKTÓBERHÁTÍÐ
25%
afsláttur %
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
AF ÖLLUM BLÖNDUNARTÆKJUM
FRÁ
GROHE



OKTÓBERHÁTÍÐ
40%
afsláttur %
MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
AF ÖLLUM FYLGIHLUTUM FRÁ
SANWOOD

Af speglum, klósettburstum, klósettsetum, sápuskómmtum, tannburstaglösum og fleiru.





OKTÓBERHÁTÍÐ
20%
 afsláttur %
 MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
 AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ
 Nilfisk **KÄRCHER**

OKTÓBERHÁTÍÐ
20%
 afsláttur %
 MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
 AF ALLRI MÁLNINGU FRÁ
Sadolin



Sadolin

Vægumaling
 Til stuer og opholdsrum
Vægumaling
 For opholdsrum og soverom
Väggfärg
 För vardagsrum och sovrum
Sisustusmaali
 Olo- ja makuuhuoneet

W/A

AkzoNobel



OKTÓBERHÁTÍÐ
20%
 afsláttur %
 MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
 AF ÖLLUM RAFMAGNS-
 VERKFÆRUM FRÁ
RYOBI AEG



OKTÓBERHÁTÍÐ
20%
 afsláttur %
 MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ
 AF KERRUM OG FYLGHLUTUM FRÁ
Easyline

MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN
 MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ



Auglýst verð gildir frá föstudeginum 28. október til og með sunnudeginum 30. október 2016. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Smyglaði læknadópi inn á Litla-Hraun

Ásdís Halla Bragadóttir rekur sögu móður sinnar, Sigríðar S. Hjelm ásamt sinni eigin í nýrri bók, *Tvísaga*. Hér er birtur kafli úr bók Ásdísar sem fjallar um heimsókn hennar til bróður hennar heitins á Litla-Hraun.

Mamma fann til með fólki sem glímdi við kvíða, áhyggjur og vanlíðan – en kunnir ekki að rétta því hjálp nema með þeirri aðferð sem hún sjálf hafði notað.

Henni þótti því ekkert sérstaklega athugasvert við það að smygla róandi lyfjum til Sonna á Litla-Hrauni – eða að minnsta kosti lét hún sig hafa það þegar hann grátbað um þau. En að því kom að hún gat ekki staðið við loforð sitt um að koma til hans lyfjum, hún treysti sér ekki í heimsóknina sem búid var að skipuleggja.

„Ég er eitthvað svo slöpp, komin með bullandi migreni og ég treysti mér ekki til að fara á Litla-Hraun á morgun.“

„En verður Sonny ekki svekktur – ég var búin að lofa að lána honum plötuna sem þú gafuð mér í jólagjöf og ég var líka búin að kaupa kol til að teikna með.“

„Endilega farðu bara ein, Halla ... það er of seint fyrir greyð að skrá einhvern annan í heimsókn og ómurlagt fyrir hann ef enginn kemur á heimsóknardegi.“

Ég samþykkti það enda hafði ég oft farið með mömmu og ég var farin að þekkja ferlið. Vanalega fórum við með Akkraborginni til Reykjavíkur, þaðan sem við tókum rútuna frá BSÍ á Litla-Hraun. Alltaf vorum við með einhvern glaðning með okkur, bækur, liti, pappír, sælgæti eða annað sem hann hafði beðið um.

„Ertu þá ekki til í að gera mér greiða?“ spurði mamma.

„Hvað?“

„Ég var búin að lofa Sonna að fara með róandi lyf til hans. Hann er með svo mikinn kvíða þarna innilokaður. Það er enginn geðlæknir og sálfræðingurinn sést varla.“

Ég vissi ekki að þetta hefði staðið til og mér þótti fyrirspurnin óþægileg. Þegar ég svaraði engu hélt mamma áfram:

„Hvernig á hann að geta komið til baka betri maður þegar það er ekkert gert fyrir hann?“

Það kom hik á mig og ég spurði

hvers vegna hann fengi ekki lyfin í fangelsinu. „Þeir vilja ekki leyfa honum það því þeir skilja ekki hvað honum líður illa. Hann hefur alla tíð glímt við kvíða og þegar hann er verstur missir hann stjórna á sér og er settur í einangrun sem hann hatar og vítahringurinn verður enn verri.“

Hann getur eiginlega ekki beðið eftir þessu því hann er líka í skuld við strák sem situr inni með honum og hann er dauðhræddur við. Hann er búinn að hóta að berja Sonna ef hann borgar ekki með róandi.“

Mamma sótti appelsínugula dós í veskið sitt sem innihélt litlar hvítar töflur. Ég áttaði mig á því að þetta væru Dísur, sem ekki einungis mamma hafði brutt heldur húsmaður hér og þar um bæinn. Ég vissi líka að þær voru misnotaðar af fiklum og þóttu ágætis gjaldmiðill á Litla-Hrauni. „Settu þetta inn á þig því fangaverðirnir taka þetta af þér ef þeir finna þær.“

Áður en ég fór að háttu undirbjó ég hvernig ég gæti falið töflurnar þannig að sem minnst færi fyrir þeim. Ég hafði áhyggjur af því að dósinn væri of stór og að það heyrðist of mikið í töflunum þegar þær hristust í henni. Ég fór fram í eldhúsi sótti hvítan kaffipoka sem ég setti töflurnar í og braut upp á þannig að þær dyttu ekki úr honum.

Morguninn eftir vaknaði ég snemma til að ná Akkraborginni suður, klæddi mig og setti kaffipokann með töflunum inn undir nærbuxurnar. Hljómplötuna og kolin geymdi ég í plastpoka og hélt af stað.

Þegar ég kom í bæinn gekk ég frá Akkraborginni að BSÍ til að fara með rútunni á Litla-Hraun. Farþegarnir voru fáir, sumir að fara í Hveragerði, aðrir á Selfoss og einhverjir á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Eftir því sem nær dró Litla-Hrauni jukust áhyggjur mínar. Frá því að ég mundi eftir mér hafði mamma predikað um mikilvægi þess að ég héldi mig á beinu brautinni.

„Það er svo hrikalegur alkóhólismi í fjölskyldunni að þú verður að halda þig frá vini. Blóðfaðir þinn var alki og þú sérð hvaða vandræði strákarnir hafa komið sér í. Þú

hafa komið upp. Þá eru börn fanga oft yfir 18 ára og þá er tekið á því í samvinnu við lögreglu.“ segir Halldór Valur.

Hann segir að sér beri að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni.

Fangi sem afpláni í opnu fangelsi geti fengið heimsóknir frá fjölskyldu eða vinum eigi sjaldnar en vikulega ef aðstæður leyfa. Það teljist gagnlegt í betrun hans.

„Forstöðumaður getur ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari



Bróðir Ásdísar Höllu sem nú er fallinn frá, Sonny, var vistaður á Litla-Hrauni. Hún heimsótti hann að beiðni móður sinnar.

SMYGL Á LÆKNADÓPI INN Á LITLA-HRAUN VAR ÞVÍ ALLS EKKI Í SAMRÆMI VIÐ ÞAÐ HLUTVERK SEM ÉG SINNTI INNAN FJÖL- SKYLDUNNAR.

Ásdís Halla Bragadóttir skrifar sögu sína og móður sinnar. Bókin er gefin út af Veröld.

verður að muna þrennt,“ sagði hún.

Þetta þrennt var að ég mætti aldrei stela, ljúga og nota vímuefni – sigarettur og vín voru meðtalin. Reglunum þremur ætti ég að fylgja í blindni. Þar að auki var sú meginregla í heidri höfð að ég væri ekki í slæmum félagskap. Ætti aldrei að leika við krakka sem væru í einhverju rugli og reglulega kom það upp að ég hætti að sækja í vinkonur ef mér fannst þær fara út af beinu brautinni. Í Svíþjóð lokaði ég á fyrstu vinkonurnar sem ég eignaðist þegar þær báðu mig um að reykja með þeim. Á Akranesi hætti ég að vera með nokkrum góðum vinkonum þegar ég áttaði mig á því að þær höfðu staðið í búðarhupli á meðan ég var inni í búðinni með þeim en gerði mér

ekki grein fyrir því hvað hafði verið í gangi fyrr en þær sýndu mér þýfið fyrir utan búðina.

Smygl á læknadópi inn á Litla-Hraun var því alls ekki í samræmi við það hlutverk sem ég sinnti innan fjölskyldunnar og þann vilja sem ég hafði til að vera heiðarleg og heilbrigð. Ég vissi að það væri rangt og í raun mjög alvarlegt. Ef upp um mig kæmist gæti ég lent í hrikalegum vandræðum. Eyðilagt svo margt sem ég var búin að hafa mikið fyrir.

En hversu alvarlegt væri það ef

fangavörðurinn fyndi töflurnar á mér? Myndi hann láta nægja að taka þær af mér? Yrði ég ákærð? Og gæti þetta haft alvarlegar afleiðingar til lengri tíma?


Rútan stoppaði fyrir fram- an Litla-Hraun og ég gekk út ásamt ungri konu. Við urðum samferða að hliðinu þar sem við gerðum vart við okkur í dyrasíma. Eftir að við sögðum til nafns og hverja við værum að heimsækja opnaðist hliðið og við fórum inn fyrir.

Þegar hliðið skall aftur með látum hvolfdist óttinn yfir mig. Skjálfandi á beinunum gekk ég yfir opna svæðið að sjálfri byggingunni, þar sem fangarnir dvöldu. Ég fann fyrir hörðum kaffipokanum sem nuddaðist við húðina undir nærbuxunum og skyndilega fannst mér skjáfa svo hátt í honum að það hlutu allir að heyra.

Hjartað hamaðist, ég þornaði upp í munnum, hendurnar urðu iskaldar og ég gerði mér grein fyrir að það færi ekki á milli mála í augum fangavardanna að þarna færi dauðskelkuð 16 ára stelpa.

Ég mjakaðist nær gestainnganginum þar sem ég vissi að gerð var leit á gestum áður en þeir hittu fangana. Dyrnar opnuðust, ég gekk inn á Litla-Hraun og þung, kuldaleg útidyrhurðin skall aftur með látum.

Fangavörðurinn horfði alvarlegur á mig og ég vissi að óöryggi mitt myndi kalla fram grunsemdir en nú var of seint að losa mig við töflurnar og það eina sem ég gat gert var að vona hið besta.“



Smygl á dópi í fjölskylduheimsóknunum á Litla-Hrauni

Halldór Valur Pálsson forstöðumaður á Litla-Hrauni segir börn sem koma í heimsókn á Litla-Hraun ávallt á ábyrgð forráðamanna. Barn komi aldrei eitt í heimsókn í dag og því geti það ekki borið ábyrgð á því sem það kemur með inn í fangelsið. Tilvik þar sem aðstandandi barns ber slíka ábyrgð hafa komið upp. „Ef það kemur í ljós að aðstandandi barns er staðinn að því að bera inn í fangelsið eitthvað sem er ólöglegt þegar barn er með í för er það að sjálfsögðu tilkynnt til lögreglu og barnaverndaryfirvalda. Slík tilvik

hafa komið upp. Þá eru börn fanga oft yfir 18 ára og þá er tekið á því í samvinnu við lögreglu.“ segir Halldór Valur.

Hann segir að sér beri að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni.

Fangi sem afpláni í opnu fangelsi geti fengið heimsóknir frá fjölskyldu eða vinum eigi sjaldnar en vikulega ef aðstæður leyfa. Það teljist gagnlegt í betrun hans.

„Forstöðumaður getur ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari

fram undir eftirliti starfsmanns,“ bendir hann á og tiltekur nánar að það megi setja heimsóknunum enn þrengri skorður með góðum rökstuðningi.

Þá er heimilt að leita á þeim sem heimsækja fanga og skoða það sem farið er með til fanga. „Í lögnum er reynt að gæta sem allra mest að hagsmunum barnsins og er í raun talsverð vinna fólgin í því að koma með barn í heimsókn í fangelsi, sýna fram á að viðkomandi sé forsjáðili eða hafa skriflegt samþykki forsjáraðila,“ segir Halldór Valur. – kbg

EF ÞAÐ KEMUR Í LJÓS AÐ AÐSTANDANDI BARN ER STAÐINN AÐ ÞVÍ AÐ BERA INN Í FANGELSIÐ EITTHVAÐ SEM ER ÓLÖGLEGT ÞEGAR BARN ER MEÐ Í FÖR ER ÞAÐ AÐ SJÁLFSÖGÐU TILKYNNT TIL LÖGREGLU OG BARNARVERNDARYFIR- VALDA. SLÍK TILVIK HAFU KOMIÐ UPP.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður á Litla-Hrauni



- VÍSINDASMIÐJA HÁSKÓLA ÍSLANDS
- SPRENGJU-KATA
- DULARFULL DÝRA-RANNSÓKNARSTOFA
- ELDFJALLAHERBERGI
- STJÖRNUTJALDIÐ
- VÍSINDAKOSNINGAR Í TÍLEFNI DAGSINS



VÍSINDADAGUR

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

29. október kl. 12:00–16:30 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands



VÍSINDAVEISLA
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Nánari dagskrá er á www.visindadagur.hi.is

Hinn árlegi Vísindadagur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands verður haldinn í dag!

Vísindaveisla, þar sem vísindamenn sviðsins segja frá rannsóknum og fræða gesti og gangandi um undraheim vísindanna.

AÐGANGUR ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR



facebook.com/verkognatt
#visindadagur



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Fyrirverandi keppendur í Miss Grand International, fegurðarsamkeppninni sem Arna Ýr Jónsdóttir sagði sig frá á dögunum, hafa sett sig í samband við hana og deilt með henni reynslu sinni af harðræði forseta keppinnar.

Ein þeirra er Anea Garcia frá Dómínísku Lýðveldinu. Hún var krýnd sigurvegari í fyrri og var svipt titlinum í vor. Forráðamenn keppinnar greindu þá frá því að hún hefði ekki uppfyllt þær skyldur sem eru lagðar á herðar sigurvegara keppinnar. „Í fyrsta lagi var námið í veginum, það reyndist okkur mjög erfið að skipuleggja viðburði með henni. Í þó nokkur skipti þurftum við að breyta tímasetningum viðburða, aflýsa þeim eða breyta,“ sagði Teresa Chaivisut, aðstoðarforseti keppinnar, um ástæður þess að hún var svipt titlinum í viðtali við Fairfax Media síðasta vor.

Missti heilsuna

„Okkur var sagt að hún hefði verið dónaleg, frek og löt. Hún hefði gert of strangar kröfur og ekki lagt sig nægilega vel fram. Hún hefði brugðist skyldum sínum sem sigurvegari í keppninni. Allir trúðu þessu, þar á meðal ég. Þangað til hún hafði samband við mig,“ segir Arna Ýr.

Frásögn Aneu Garcia af því hvernig hún var svipt titlinum var allt önnur en forráðamenn keppinnar höfðu gefið út.

„Hún sagði mér hvað hefði gerst í raun og veru. Hún hafði lagt mikið á sig við að greina sig. Í marga mánuði hélt hún sér grannri vegna keppinnar. Þangað til hún gafst upp. Hún varð veik á líkama og sál og gat þetta bara ekki lengur. Varð óvinnufær og þunglynd. Hún fékk bara nóg og titillinn var tekinn af henni,“ segir Arna Ýr frá.

„Fleiri keppendur höfðu samband við mig og vildu segja mér í trúnaði frá því að þær langaði til þess að segja sig frá keppninni. Þeir óskuðu sér þess að búa yfir sama kjarki og ég,“ segir hún.



HÚN VARÐ VEIK Á LÍKAMA

OG SÁL OG GAT ÞETTA

BARA EKKI LENGUR. VARÐ

ÓVINNUFÆR OG

ÞUNGLYND.

Ósvífin niðurlæging

Anea Garcia sagði hug sinn á Instagram-síðu sinni við mynd af Örnú Ýr. „Hún er glæsileg ekki satt? Frá konu til konu, takk fyrir að standa uppi í hárinu á aðstandendum keppinnar sem samþykkja ekki, virða ekki og skilja ekki fjölbreytni. Ég er viss um að þú ert ekki sú eina sem átt þessa reynslu þetta árið í Las Vegas. Á síðasta ári var ég ekki sú eina sem var kölluð fram fyrir framan fleiri en sjötiú keppendur vegna galla. Og reyna svo að segja að keppendur biðji um ráð. Þetta eru ekki ráð, þetta er ósvífin niðurlæging á konum sem hafa lagt hart að sér við að komast þangað sem þær eru. Mér finnst mikilvægt að elska sjálfa sig eins og maður er. Arna, þú gerir það og meira til. Þú ert fyrirmynd,“ sagði Anea.

Arna Ýr hefur farið í ótalmörg viðtöl vegna þeirrar ákvörðunar að segja sig frá keppninni og lýst aðdraganda og eftirmálum af hreinskiptni. „Það sem stendur upp úr er hversu milkin stuðning ég fékk. Ég bjóst aldrei við því. Ef einhver eftirmál verða þá veit ég að ég mun standa vel að vígi. Ég er tilbúin í fleiri slagi,“ segir hún. „Þá tek ég hann niður,“ segir hún og á þar við forseta keppinnar, Nawat Itsaragrisis.



FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Niðurbrotnir keppendur

Fyrirverandi **Miss Grand International** var svipt titlinum og niðurlægð af forráðamönnum keppinnar. Hún gafst upp að sögn Örnú Ýrar sem sagði sig frá sömu keppni á dögunum og segir fleiri niðurbrotna keppendur hafa deilt reynslu sinni með sér.

Atburðarásin

- Föstudaginn í síðustu viku fékk Arna Ýr þau skilaboð frá eiganda keppinnar, Nawat Itsaragrisis, að hún þyrfti að greina sig vegna keppinnar. Starfsfólk keppinnar kom skilaboðunum til hennar. Arna Ýr átti að sleppa máltíðum, borða salat og drekka vatn á hverju kvöldi fram að keppni.
- Arna Ýr sagði frá skilaboðunum á Snapchat og tilkynnti að hún ætlaði ekki að taka þátt ef hann ætlaði að standa við þau.
- Á laugardag sagði Arna Ýr frá því á Snapchat að um misskilning hefði verið að ræða og að hún ætlaði að taka þátt.
- Á sunnudag greindi hún frá því að henni hefði verið skipað af eiganda keppinnar og framkvæmdastjóra að segja að um misskilning hefði verið að ræða.
- María Lilja Prastardóttir setti sig í samband við Örnú Ýri og bauðst til að aðstoða hana við að komast til Íslands. María bauð henni gistingu í Los Angeles og þaðan bauð WOW air henni flug til Íslands.
- Eigandinn og framkvæmdastjórinn reyndu að fá hana til að skipta um skoðun. Meðal annars með því að segja hana sigurstranglega og minna hana á verðlaunaféð, 4,5 milljónir íslenskra króna.
- Á þriðjudag freistaði Arna Ýr þess að ná í vegabréf sitt til þess að komast til Íslands. Eigandi keppinnar fór fram á 350 þúsund íslenskar krónur í staðinn fyrir passann. Arna Ýr naut aðstoðar öryggisvarða við að ná í vegabréfið og var tilbúin til þess að kalla til lögreglu.
- Á miðvikudagsmorgun flaug Arna Ýr til Íslands.




ÞETTA ERU EKKI RÁÐ,

ÞETTA ER ÓSVÍFIN NIÐUR-

LÆGING Á KONUM SEM

HAFU LAGT HART AÐ SÉR

Anea Garcia



Gefur skít í fegurðina

Hefur þessi reynsla breytt sýn hennar á heim fegurðarsamkeppna þar sem áherslan er nú fyrst og fremst á útlit stelpna?

„Já, svo sannarlega. Ég gef skít í fegurðina og útlitið. Það virkar ekki í þessum heimi að vera sætur og mjór. Það sem skiptir máli er að vera sterkur. Hæfileiki minn í þessum keppnum er framkoma. Að halda ræður og kunna að höndla erfiðar aðstæður og vilja helga mig góðum málstað. Þess vegna hef ég tekið þátt, til að mynda í Miss World. Ég er ekki með dæmigert andlit eða líkama í staðlaða fegurðarsamkeppni og vil ekki láta einhverja karla setja viðmið um fegurð. Skilgreina mig og aðrar konur, segja mér hvað er fallett og gott, dæma mig. Það er stærsta uppgötvun mín eftir þessa reynslu,“ segir hún.

Vigtaðar og dæmdar

En eru þetta ekki úrelt fyrirbæri? „Jú. Margar þessara keppna eru börn síns tíma. Hafa ekki fylgt eftir nýjum tímum. Bara orðið fegurðarsamkeppni segir okkur það. Eftir reynslu mína þá myndi ég ekki ráðleggja stelpum að fara í þessar gamaldags keppni, bikinikeppni. Þar sem stelpur eru mældar, vigtaðar og dæmdar. Í Miss World vorum við aldrei spurðar út í stærð eða þyngd en áherslan er á verðleika hverrar og einnar,“ segir hún og segist enn bera virðingu fyrir þeirri keppni. Hún geti hins vegar ekki ráðlagt stelpum að hætta sér inn í þennan heim nema að kunna að setja sér mörk og vera með sjálfsvirðinguna í lagi.

„Stelpur þurfa að standast þennan þrýsting. Hann er ekki bara vegna útlitsins heldur beinist gegn sjálfstæði okkar,“ segir hún og nefnir dæmi um það hvernig forseti keppinnar talaði við keppendur. „Ég sagði til dæmis frá því að framtíðardraumur minn væri að eignast börn, halda heimili og verða farsæl. Hann hélt hins vegar ræðu um að ef við yrðum óléttar og giftum okkur, yrðum við leiðinlegar húsmæður. Það væri uppskrift að ómurlegu lífi. Lykillinn að góðu lífi væri falinn í því að við héldum okkur grönnum og falletum,“ segir hún frá.

Blekkingar

„Starfsfólkið kom því svo til skila hvernig ég ætti að greina mig. Ég ætti jafnvel að borða bara möndlur í staðinn fyrir heila máltíð. Mér fannst erfið að horfa upp á suma keppendur samþykkja þessar aðferðir og sumar hvöttu mig til að taka ráðum hans. Það að hann væri að skipta sér af væri hrós. Það er auðvitað fjaránlegt,“ bendir hún á.

Hún segir stelpur þurfa að vara sig á öllum þeim sem hafa einhvern ávinning af því að halda keppni sem þessar. „Hann kom fyrir sem algjör ljúflingur. Hann blekkti margar stelpur,“ segir hún og gefur dæmi um dæmigert samtal við keppanda. „Hann segir kannski: Þú ert rosaalega falleg, ég er svakalega skotinn í þér. En það yrði enn betra og æðislegt ef þú gætir grennt þig.“

Nýr sigurvegari keppinnar var krýndur á sunnudag og Arna Ýr fylgdist með úr fjarlægð. Hún er hins vegar sjálf í engum vafa um það hver raunverulegur sigurvegari var. „Ég vann þessa keppni. Ég er sigurvegari.“

Verkfræði og arkitektúr

29. október 2016

KYNNINGARBLAÐ Efla | Lota | VSÓ Ráðgjöf | Landmótun





Húsavíkurkirkja er glæsileg en hún var byggð árið 1907.



Pósthúsið í Reykjavík er glæsilegt hús en það var byggt árið 1915.

Huldumaðurinn í íslenskri listasögu

Fyrsti íslenski arkitektinn var Rögnvaldur Ágúst Ólafsson. Hann nam í Kaupmannahöfn og flutti til Íslands árið 1904. Á einungis tólf ára starfsferli náði hann að verða höfundur og ábyrgðarmaður um 150 húsa, þ.á m. 30 kirkna, 30 húsa í Reykjavík og um 70 barnaskólahúsa. Nýlega kom út bók um ævistarf Rögnvaldar.

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson hefur verið kallaður fyrsti íslenski arkitektinn en er þrátt fyrir það á vissan hátt huldumaður íslenskrar listasögu. Hann fæddist í Dýrafirði árið 1874 og ólst upp á Ísafirði. Árið 1901 lauk hann prófi frá Lærða skólanum og hélt sama ár til Kaupmannahafnar þar sem hann hóf nám Det Tekniske Selskabs Skole. Honum tókst ekki að ljúka námi í húsagerð vegna veikinda en varð engu að síður fyrsti Íslendingurinn sem starfaði hér á landi við að teikna hús.

Björn G. Björnsson, leikmynda- og sýningahönnuður, hefur á undanförunum árum rannsakað




Nýlega kom út bók um ævistarf Rögnvaldar Ágúst Ólafssonar. Björn G. Björnsson er höfundur bókarinnar.

sögu og verk Rögnvaldar. Þessa dagana sendir hann frá sér bók-

ina Fyrsti arkitektinn, Rögnvaldur Ágúst Ólafsson og verk hans, en hún inniheldur um 400 ljósmyndir, 100 teikningar, ítarlegan texta og útdrátt á ensku. Björn segir sögu Rögnvalds að mörgu leyti einstaka. „Það að sigla til Kaupmannahafnar á þessum tíma og hefja nám af þessu tagi var mjög óvenjulegt. Mér vitanlega höfðu bara tveir Íslendingar lært arkitektúr á undan honum; annar bjó og starfaði í Noregi en hinn í Bandaríkjunum og Kanada. Rögnvaldur er því sá fyrsti sem starfar á Íslandi.“

Ríkti framfarahugur

Rögnvaldur kom heim árið 1904 og tveimur árum síðar varð hann ráðunautur Heimastjórnarinnar um opinberar byggingar. Hann starfaði þó aðeins í tólf ár en Rögnvaldur lést úr berklum 42 ára gamall. Á þessum tólf árum náði hann þó að verða höfundur og ábyrgðarmaður um 150 húsa. Þannig teiknaði hann 30 kirkjur, 30 hús í Reykjavík og um 70 barnaskólahús. Hann lést í einu húsa sinna, Vífilsstaðahæli, árið 1917, sem hann hafði sjálfur teiknað og byggt. „Þegar Rögnvaldur kemur heim 1904 ríkir hér mikil timburhúsaöld. En þetta var Heimastjórnartíminn og það var framfarahugur í mönnum. Strax árið 1905 teiknar hann kirkju úr steinsteypu á Bíldudal og er mikill stuðningsmaður þessa nýja byggingarefnis. Þegar miðbær Reykjavíkur brennur árið 1915 er hætt að byggja timburhús í þéttbýli en vegna þess hve Rögnvaldur deyr ungur, árið 1917, nær hann ekki að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu í steinsteypu sem fram undan var nema að takmörkuðu leyti. Hann teiknar þó stærstu steinsteypu hús þess tíma,



Rögnvaldur Ágúst Ólafsson, fyrsti íslenski arkitektinn sem starfaði hér á landi.

m.a. Vífilsstaðahæli og Pósthúsið í Reykjavík.“

Þótt Rögnvaldur væri ráðunautur um opinberar byggingar þá teiknaði hann einnig mörg íbúðarhús fyrir einstaklinga, bæði úr timbri og steinsteypu. „Hann hafði frekar einfaldan stíl, án mikils skrauts, en hús hans voru vel hugsuð og skipulögð. Þekktust þeirra eru t.d. Húsavíkurkirkja, Vífilsstaðir, Pósthúsið í Reykjavík, Hafnarfjarðarkirkja, Búnaðarskólarnir á Hvanneyri og Hólum, Sóleyjargata 1, Skólabrú 2, Turninn á Amtmannsstíg 1 og Edinborgarhúsið á Ísafirði, að ógleymdum Söluturninum á Lækjartorgi.“

Kom víða við

En Rögnvaldur lét sér ekki nægja að teikna hús, hann kom að kennslu og ýmsum félagsstörfum. Hann gekk m.a. í Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur og sat sem fulltrúi þess í byggingarnefnd Reykjavíkur frá 1908 í tvö kjörtímabil að sögn Björns. „Hann

samdi að líkindum lög um byggingareglugerðir sem samþykkt voru á Alþingi 1905 og samdi merka byggingasamþykkt fyrir Borgarnes árið 1914. Auk þess kenndi hann húsateikningu við Iðnskólann frá 1906 og sat í skólanefnd hans 1909-1916 og hann var einn af stofnendum Verkfræðingafélags Íslands árið 1911 og ritari þess til dauðadags.“

En hvernig stendur á því að slíkur frumherji hefur fengið jafn litla athygli í sögunni? Björn segir erfitt að segja til um það en ljóst sé að sagnfræðingar hafi meiri áhuga á fólkinu sem bjó í húsunum en þeim sem teiknuðu þau eða mótuðu hið manngerða umhverfi á annan hátt, svo og verklegum framkvæmdum og tækniþróun almennt. „Hluti af því er sú staðreynd að hér er ekki til almennt tæknisafn, eins og víða má finna erlendis. En það er óhætt að segja að áhugi á íslenskum arkitektúr hefur aukist talsvert eftir að farið var að kenna fagið hér heima.“

ALARK
arkitektar ehf.



EFLA hannaði lýsinguna í jarðgöngunum í Langjökli. Verkefnið skaraði fram úr á Dark Awards í ár.

Með Óskarinum í lýsingartækni

EFLA verkfræðistofa er alhliða ráðgjafafyrirtæki í verkfræði, tækni og tengdum greinum. Jaðar þess sem fyrirtækið fæst við hefur stöðugt verið að færast út í takt við umfangsmeiri og fjölbreyttari þarfir samfélagsins. Slagorð fyrirtækisins er „allt mögulegt“ sem vísar bæði til fjölbreytninnar í starfseminni og þess lausnamiðaða hugarfars sem fyrirtækið vill viðhafa í nálgun við viðskiptavinum og viðfangsefni.

Hjá EFLU starfa yfir 300 manns og er fjöldi og fjölbreytni verkefna eftir því. Mikil áhersla er lögð á nýsköpun og er listinn yfir nýsköpunarverkefni stofunnar langur. Stofan vann nýverið til alþjóðlegra verðlauna fyrir lýsingatækniverkefni í Langjökli. Hún hefur sömu leiðis hlotið viðurkenningu fyrir brúarlýsingu og komst langt í alþjóðlegri samkeppni um byggingatæknilausnir fyrir eldri borgara og fatlaða svo eitthvað sé nefnt. Brynjar Bragason, sviðsstjóri iðnaðarsviðs EFLU, tók að sér að nefna nokkur dæmi um nýsköpunartengd verkefni EFLU og eru þau jafn ólík og þau eru mörg.

Framúrskarandi

„Mörg þessara verkefna snúa að lýsingatækni innanhúss sem utan en þar hefur orðið mikil framþróun og þá ekki síst með tilkomu Led-lýsingar. Lýsingarhönnuðir okkar tóku meðal annars að sér að lýsa upp íshellinn í Langjökli með það að markmiði að skapa náttúrulega upplifun þegar komið er inn í hellinn. Þetta var vandasamt verkefni enda að mörgum tæknilegum úrlausnarefnum að hyggja. Það þótti hins vegar takast vel og varð okkar framlag tilnefnt til „Dark Awards“ sem er samkeppni lýsingahönnuða á heimsvísu. Keppninni er skipt í sex flokka og er mikill fjöldi verkefna í hverjum flokki. Við kepptum í flokknum „Landscape lighting“ og unnum hann. Við hlutum jafnframt aðalverðlaun samkeppninnar eða „best of best“ þvert yfir alla flokka. Það má því eiginlega segja að við höfum fengið Óskarinum fyrir lýsingarhönnun,“ segir Brynjar og hlær. Hann segir fleiri sambærileg verkefni í farvatninu og spennandi verður að fylgjast með þróun þeirra.

EFLA hlaut jafnframt viðurkenningu Íslenska ljóstækni-félagsins í fyrra fyrir lýsingu á brúnni milli turnsins á Smáratorgi og Smáralindar. Þar er um að ræða svokallaða áherslulýs-



Starfsemi EFLU er að sögn Brynjar afar fjölbreytt og er mikil áhersla lögð á lausnamiðað hugarfar í allri nálgun við viðskiptavinum og viðfangsefni. MYND/GVA

ingu sem Brynjar segir koma að miklu gagni í umferðinni og nefnir dæmi: „Við vinnum mikið með lýsingu í jarðgöngum bæði hér heima og í Noregi. Þau verða sífellt lengri og umferðarþyngri og þá er notuð áherslulýsing til að draga úr einleitni, enda á breytilegt umhverfi þátt í því að halda vegfarendum vakandi og við efnið.“


Handhægt EFLUbox

Ýmis nýsköpunarverkefni liggja á borði iðnaðarsviðs, sem Brynjar fer fyrir, og hefur grunni að verkefnum verið forgangsraðað í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar ber helst að nefna svokallað „EFLUbox“ en það gengur út á að koma upplýsingum úr flóknum stjórnkerfum iðnaðarins yfir í snjalltæki án þess að kaupa til þess dýran hugbúnað. Í EFLUboxinu, sem er að sögn Brynjar mjög handhægt og einfalt í notkun, eru þráðlausar lausnir sem eru tengdar við þann mælubúnað sem við á. Boxið sendir gögn svo áfram í snjalltækin eða með öðrum orðum beint í vasa notenda og felst í því felst mikið hagræði.

Hitamyndavélar í forvarnir

Brynjar segir spennandi hluti sömuleiðis vera að gerast í myndgreiningartækni og lætur EFLA ekki sitt eftir liggja þar frekar en á öðrum sviðum. „Það þekkja margir hvernig myndgreiningartækni er í auknum mæli notuð í iðnaði og má nefna sem dæmi að Marel hefur verið frumkvöðull á því sviði „Við höfum horft til hitamyndavélatækninnar og hvernig hægt er að nota hana í forvarnar- og öryggisskyni. Þessa tækni er til dæmis hægt að tengja rafbúnaði bygginga og hitabreytingum eða öðrum hættu-merkjum áður en skaðinn er skeður. „Fjölmörg fyrirtæki hafa sýnt þessari lausn mikinn áhuga, ekki síst tryggingafélögin“

Af öðrum nýlegum verkefnum EFLU nefnir Brynjar upplýsingakerfið Granna sem sveitarfélögin nota og er í sífelldri þróun. „Það byggir á kortakerfi sveitarfélögunna og er hugsað þannig að byggingafultrúar og aðrir geti tengt allar vídeigandi bakgrunnsupplýsingar við kortagrunnana sem



Gróðurhús í félagsmiðstöðinni Lönguhlíð er dæmi um fyrirmynd að Ylgarði.

sveitarfélögin þurfa að hafa til tæk vegna bygginga- og skipulagstengdra mála. Þeir geta þá staðsett sig inni í kortunum og fengið beinan aðgang að þeim bakgrunnsupplýsingum sem eiga við.“

Að síðustu nefnir Brynjar skemmtilegt hugmyndaverkefni sem EFLA vann og sendi í samkeppni meðal höfuðborga allra Norðurlandanna. „Það gekk út á að þróa tæknilausnir sem myndu bæta lífsgæði eldri borgara og fatlaðra. Okkar hugmynd byggir á að búa til umhverfi sem við nefnum Ylgarð, innigarð sem hægt er að nota allt árið. Þar yrði notalegt

að vera óháð árstíð hverju sinni og mikil áhersla lögð á að stjórna hita, raka, lýsingu og sólarljósi sem best. Markmiðið er að auka vellíðan fólks sem hefur ekki tók á að njóta náttúrunnar annars. Um 500 hugmyndir bárust í samkeppnina og var hugmynd EFLU á meðal þeirra 25 efstu. „Við brennum enn fyrir þessari hugmynd og höfum verið að halda henni að opinberum aðilum og öðrum sem eru að byggja framsæknar og metnaðarfullar byggingar til að notendum líði enn betur.“

Hægt er að kynna sér fleiri verkefni EFLU á vefsíðu fyrirtækisins, efla.is

Flókin verk með aðdráttarafl

Verkfræðingar starfa á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Byggingaframkvæmdir og gatnagerð er einn hluti innan greinarinnar. Meðal þess sem umhverfis- og byggingaverkfræðingar starfa við er mannvirkjahönnun, vatna- og straumfræði, burðarþolsfræði, jarðtækni, samgönguverkfræði og framkvæmdafræði svo eitthvað sé nefnt. Verkfræði er afar fjölbreytt svið.

Fallegar og flóknar byggingar eru samstarf verkfræðinga og arkitekta en auk þeirra koma margir aðrir aðilar að verkinu. Oft verða

allra flóknustu byggingar tilefni til mikillar þjóðfélagsumræðu, jafnt þeirra sem eru með og á móti. Þegar verki lýkur eru yfir-

leitt allir sáttir, enda verða slíkar byggingar oft að aðdráttarafli borgar. Hér eru nokkur mynddæmi um vel heppnuð verk.



Ed Koch Queensboro-brúin liggur á milli Queens og Manhattan í New York. Hún er þekkt kennileiti. Brúin þykir mikið meistaraverk en hún var lengsta brú Bandaríkjanna á sínum tíma og þoldi mestan þunga. Hún var opnuð almenningi í júní 1909. Hönnuðir voru Gustav Lindenthal verkfræðingur og Henry Hornbostel arkitekt.



Listamenn þurfa oft að setja sig í spor verkfræðinga þegar flókin verk eru gerð. Þetta skemmtilega listaverk af sundmanni er unnið úr bronsi og er að finna í borginni Vigo á Spáni. Annars staðar í borginni er hinn helmingur verksins.



Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Ósló á undanförunum árum og fjölmargir verkfræðingar, arkitekta og byggingatæknifræðingar frá Íslandi hafa starfað þar.



Landslagsarkitektúr og skipulag

Við önnumst greiningar, úttektir, formun, skipulags- og hönnunarverkefni á breiðum faglegum grunni í samvinnu við og fyrir einkaaðila, opinberar stofnanir og sveitarfélög. Heildarlausnir á verkefnum eru mikilvægir þættir í þeirri þjónustu sem við þjóðum viðskiptavinum okkar.



ENGINN STIRÐLEIKI MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

Icecare kynnr Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Snorri Snorrason finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota Amínó® Liði en hann fann áður fyrir miklum stirðleika.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Saudárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþættandi virkni þorskprótína.

GÓÐ REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Snorri Snorrason, vélamaður, hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir rúmu einu ári fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta



Ida er betri af liðagigt eftir að hún fór að nota Amínó® Liði.

og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólgnu mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stirðleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og ég tek bara Amínó® Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir mér gott. Ég finn ekki fyrir stirðleika í ökkla og úlnlið og vil ég þakka það Amínó® Liðum, engin spurning.“

MINNI ÓÞÆGINDI

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin eins og Snorri. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og óþægindin minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft óþægindi í liðum í um þrjátíu ár og hefur henni liðið



Steinþóru liður betur í baki eftir að hún fór að taka Amínó® Liði.

MYND/ANTON BRINK

misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“

AMÍNÓ® LIÐIR

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria

“Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og óþægindin minnkuðu.

Steinþóra. Sigurðardóttir



frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbýggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, jöði og járn sem og bólgu-hemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.



Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri.

Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna - Öflug melting og betra jafnvægi -

Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupólum gerlastrengjum, hvítlauk og grape seed extract.



Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflórana og styrkir varnir líkamans.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 14 sýrupólum gerlastrengjum.



Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandráðum.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 2 sýrupólum gerlastrengjum, trönuberjabykkni og A-vítamín.



Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eftir þarmaflórana, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupólum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.



Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á www.icecare.is



Dagaspjöldin tilbúin. Þau eru einföld að gera en skemmtileg og fræðandi fyrir unga krakka.

GAMAN FYRIR ALLA

Hægt er að gera einfalt föndur úr efniviði sem til er á heimilinu. Ingibjörgu Eyfjörð Hólmgeirsdóttur finnst gaman að verja tíma með börnunum sínum og gera eitthvað skemmtilegt.

Foreldrar geta gert ýmislegt skemmtilegt með börnum sínum ef hugmyndaflugið og viljinn er fyrir hendi. Ingibjörg Eyfjörð Hólmgeirsdóttir fór að skoða ýmsar leiðir til að efla sjálfstraust, einbeitingu, samhæfingu og fínhyringar hjá fjögurra ára syni sínum í gegnum föndur eftir að hún ákvað að hafa hann heima hálfan daginn á meðan hún væri í fæðingarorlofi og í leikskóla hinn helming dagsins. „Ég komst að því að það er til heill hafsjór af skemmtilegum föndurverkefnum sem henta börnum. Þau þurfa ekki alltaf að vera flókin eða dýr, við erum rosalega mikið fyrir það að nota bara það sem er til heima. Þá er líka gaman að efla ímyndunaraflið með því að

þurfa að hugsa hvað hægt sé að nota mjólkurfernu í eða eldhúsrúlluna sem var að klárast,“ segir Ingibjörg.


Fyrir stuttu föndruðu þau mæðgin sniðug dagaspjöld saman en þau eru að einbeita sér að litunum og dögnum um þessar mundir. „Hólmgeir kann alveg dagana en hann á erfitt með að raða þeim í rétta röð og svo er skemmtilegt að hafa þetta litríkt. Hann á korktöflu inni hjá sér svo nú get ég hengt spjald með viðeigandi degi á hverjum morgni hjá honum.“

Það sem þau notuðu voru þykk A4-blöð, en venjuleg duga, tússlitir og Artliner-penni, skæri og breitt límband. „Ég byrjaði á því að klippa niður sjö búta, einn fyrir

hvern dag. Svo fékk Hólmgeir að velja lit á hvern dag, það eina sem ég stjórnaðist með var að hann veldi ekki of dökka liti svo ég gæti skrifað dagaheitið framan á.“

Hólmgeir fékk svo að lita öll spjöldin og þegar það var búið tók við að plasta pappírinn. „Ég notaði bara breitt límband, límdi yfir báðum megin og klippti svo í kringum. Við erum ofboðslega ánægð með útkomuna og hann hafði gaman af þessu sem er það sem skiptir mestu máli – og jú, vonandi líka að hann læri að fimmtudagur er ekki á eftir mánudegi,“ segir Ingibjörg og brosir.

Hún segir föndur geta verið áskorun fyrir litlu krílin á svo margan hátt, það reyni mikið á litla



Ingibjörgu og Hólmgeiri finnst gaman að leika sér saman.

hugann þeirra að einbeita sér að einhverju einu og að þau vilji gera hlutina vel. „Með því að leyfa þeim að prófa sig áfram og reyna á hugann ýtum við undir sjálfstæði hjá þeim. Það er líka ákveðin áskorun fyrir okkur, að hoppa ekki beint í að hjálpa þeim um leið og þau rekast á hindrun heldur hvetja þau áfram í að gera sitt besta. Ekki reka á eftir þeim eða gera þetta að einhverju sem þau þurfa að gera eða verða að klára, þá verður þetta kvöð og þau hætta að hafa gaman af þessu.“

Hægt er að fylgjast með Ingibjörgu á mömmu- og lífsstílsblogginu www.oskubuska.is þar sem hún skrifar pistla.

“Ég komst að því að það er til heill hafsjór af skemmtilegum föndurverkefnum sem henta börnum. Þau þurfa ekki alltaf að vera flókin eða dýr, við erum rosalega mikið fyrir það að nota bara það sem er til heima.

Ingibjörg Eyfjörð Hólmgeirsdóttir

Kjósum rétt.

SÍÐAN 1918
FREYJA



Hólmgeiri fannst gaman að fá að lita spjöldin og þurfa ekki að vanda sig við að halda sig innan lína eins og í litabók.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

- BORDSTOFUSTÓLAR -



OMG!
BORDSTOFUSTÓLL
33.900



RHOMBO | kr. 52.900



HYPE | ~~kr. 39.900~~
TILBOÐ kr. 29.900



JERSEY | kr. 32.800



CROW | ~~kr. 48.900~~
TILBOÐ kr. 13.900



FRANKY | kr. 39.600



CATO | kr. 26.400



ALBERT | kr. 29.800



FRANKY | kr. 47.500
SETUHÆÐ 65 cm



AMI | kr. 18.500



GRACE | ~~kr. 49.900~~
TILBOÐ kr. 13.930

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

FLEIRI MÖGULEIKAR EN FÓLK HELDUR

Innmatur er vanmetið hráefni sem allt of margir nýta aldrei. Hann er þó ódýrt hráefni sem býður upp á fjölmargar útfærslur ef hugmyndaflugið fær aðeins að ráða í eldhúsinu. Hér gefur Ólafur Ágústsson, matreiðslumeistari á KEX hosteli, lesendum tvær góðar uppskriftir.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Matvöruverslanir landsins eru fullar af ferskum og næringaríkum innmat um þessar mundir. Sú var tíðin að innmatur var fastur liður á borðum landsmanna en það hefur breyst með árunum, sérstaklega hjá yngri kynslóðinni. Matreiðslumeistarar heimilanna ættu þó að nota tækifærið þessar vikurnar og prófa sig áfram með framandi uppskriftir því innmatur er ódýrt hráefni sem býður upp á fleiri möguleika en margur heldur.

Ólafur Ágústsson, matreiðslumaður á KEX hosteli, er einn þeirra sem hafa prófað sig áfram

með innmat undanfarin ár. Hann segir að hægt sé að nýta hann á margvíslegan hátt, í raun snúist þetta bara um að hugsa út fyrir rammann og láta sér detta eitt-hvað sniðugt í hug. „Hingað til hefur innmatur almennt verið borinn fram með þungu meðlæti eins og steiktum lauk, kartöflum og rjómasósum. Það er hins vegar góð hugmynd að breyta því og nota t.d. ferskt og sýrt grænmeti, ber, olíusósusur og svo framvegis.“

Enginn skyndibiti

Ungt fólk eldar miklu minna úr innmat en áður fyrr og telur Ólafur helstu skýringuna vera þá að innmatur sé ekki skyndimatur og verði það seint. „Það þarf aðeins að undirbúa sig og skipuleggja eldamenskuna fyrirfram

þegar kemur að innmat. Það hentar kannski ekki öllum í því hraða umhverfi sem flestir lifa í. En við þurfum svo sannarlega að kynna eldunarmöguleikana miklu betur fyrir ungu fólki.“

Sjálfur notar Ólafur mikið ferskt og sýrt grænmeti þegar hann fíkrar sig áfram í eldhúsinu með innmatinn. „Ég nota bara það sem er íslenskt og nýtt hverju sinni, krydda hann eins og góða steik og fæ mér gott vínklas yfir eldamenskunni. Ég nota innmatinn mikið við pylsugerð og blanda þannig innmat við annað kjöt. Útkoman er þannig mjög skemmtileg og hentar sérstaklega vel á grillið.“

Hér gefur Ólafur lesendum tvær ljúffengar og einfaldar uppskriftir úr innmat.



LAMBALIFRARPÝLSA MEÐ GRÆNMETI AÐ EIGIN VALI

5 kg lambahakk, gróft
4 kg svínafita,
grófhökkuð
1 kg lambalifur, gróft
skorin og marineruð í
rauðvíni í 8 klst.

90 g sykur
20 g malað
kóríanderduft
20 g paprika
130 g dijon-sinnep
20 g cayenne-pipar

60 g svartur pipar
20 g múskat, malað
140 g salt
500 ml ískalt vatn
Haldið öllu hráefni
ísköldu. Blandið öllu

saman, ísköldu vatninu
síðast. Geymið í kæli í 2-4
klst. Sprautið í pylsugarnir
og mótið 15 cm langar
pýlsur. Steikið í 5 til 7
mínútur á hvorri hlið.

MYND/EYÞÓR



Ólafur Ágústsson, matreiðslumaður á KEX hosteli. MYND/STEFÁN



MYND/EYÞÓR

BÖKUD LAMBALIFRARMÚS Á SÚRDEIGSBRAUÐI MEÐ HRÚTABERJUM OG KÁLI

300 g kjúklingalifur
300 g lambalifur
500 g bráðið smjör
6 stk. egg
1 msk. salt
1 msk. nítrítsalt (má sleppa)
1 laukur, saxaður
2 geirar hvítlaukur, saxaðir
200 ml rauðvín

Lamba- og kjúklingalifur steikt í smjöri þar til gullinbrúnt, eldið ekki í gegn. Lifur sett í blandara með eggjum, salti og nítrít og maukað vel. Smjóri bætt saman við í beinni bunu, svo rauðvíni og laukunum. Allt maukað vel og sigtað. Sett í eldfast mót og bakað í vatnsbaði við 110°C í um 40 mínútur.

Kjarnhiti skal vera 70°C. Kælið og berið fram með t.d. surdeigsbrauði, hrútaberjum og káli.

Rauðvín, laukur og hvítlaukur sett í pott og soðið niður um 50%.



Jólahátíð í Viðeyjarstofu

VIÐEYJARSTOFA
Restaurant

Gallery
Restaurant

Gallery Restaurant
Hótel Holt
sér um allar
veitingar í
Viðeyjarstofu.

www.videy.com - videyjarstofa@videyjarstofa.is

Jólaseðill

Hreindýrapaté með kakóbaunakremi og bláberja „vinaigrette“

Humar og avacado með sætum kartöflum og límónusósu

Steiktar andabringur ásamt hindberjum og rauðrófum

Innbakað fyllt lambalæri með sætum ávöxtum og kantarellusveppum

Volg súkkulaðikaka, piparkökuís og heit karamellusósa

18. - 19. nóvember

25. - 26. nóvember

2. - 3. desember

9. - 10. desember

-Fleiri dagsetningar í boði fyrir hópa

9.900.-

(5 rétta matseðill)

Ferjan siglir frá Skarfabakka og kostar 1.350.- fyrir hvern og einn



2 MARAÐON
NOW

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA

Stöð 2 Maraðon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG
DAGAR FRÍTT

2.990 KR. Á MÁNUÐI

2now.is |

2 MARAÐON
NOW

SÉRSTAÐA
STÖÐ 2 MARAÐON NOW

NETFLIX

JÁ

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

NEI

JÁ

TEXTAÐ EFNI

AÐEINS AÐ HLUTA

JÁ

TALSETT BARNAEFNI

AÐEINS AÐ HLUTA

JÁ

HBO

NEI

JÁ

ÍÞRÓTTIR OG FRÉTTIR

NEI

NEI

ERLENT NIÐURHAL
(AUKINN KOSTNAÐUR)

JÁ

JÁ

GREIÐA TIL STEF

NEI

JÁ

GREIÐA SKATTA Á ÍSLANDI

NEI

365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans

Óaðfínnanlegur í tauinu

Ofurhetjumyndin Doctor Strange var frumsýnd á Íslandi í gær. Með aðalhlutverkið fer hinn vel metni breski leikari Benedict Cumberbatch sem ávallt er fínn í tauinu.

Fáir leikarar eiga jafn fjölbreyttan feril að baki og hinn breski Benedict Cumberbatch. Hann hefur leikið John Harrison, Julian Assange, Hamlet og drekan Smeyginn. Hann vann sér mikla hylli fyrir túlkun sína á hinum sérlundaða Sherlock Holmes og hlaut Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt sem Alan Turing í *The Imitation Game*. Nú hefur hann bætt enn einni rós í hnappagatið en í gær var frumsýnd á Íslandi myndin Doctor Strange þar sem Cumberbatch fer með hlutverk ofurhetjunnar og skurðlæknisins Stephens Strange.

Cumberbatch er ekki aðeins þekktur fyrir einstaka leikhæfileika. Tískuspekúlantar hafa hann í hávegum fyrir góðan smekk bæði á rauða dreglinum og utan hans. Þannig hefur hann verið á topp tíu lista yfir best klæddu herra menn síðustu ára hjá tímaritinu GQ.

Töffaralegur í Berlín í október.

Hvunnagslegur í San Diego í júlí á þessu ári.

Glæsileg hjón.



Cumberbatch hlaut CBE-orðu frá Elísabetu Englandsdrottningu í nóvember í fyrra og mætti tilhlýðilega klæddur af tilefninu ásamt konu sinni, Sophie Hunter.

Jólahlaðborð á Stracta Hótelu



Jólahlaðborð 19., 26. nóv. og 3., 10. des.

Forréttir: Rjómalöguð súpa ásamt heimalöguðu brauði, úrval af síld með rúgbrauði, reyktur lax með piparrótarsósu, graflax með graflaxsósu, einiberjalax, sjávarréttarsalat, villibráðapaté, nautatunga, tvíreykt hangikjöt, lifrarkæfa með beikoni og sveppum, devilled egg, sjávarréttapaté, hangikjötstartar, jólaskinka, tómatozarella, grafið hrossakjöt

Aðalréttir: Purusteik, hangikjöt, kalkúna-bringa, kryddjurtalegið lambalæri, hreindýrabollur í gráðostasósu, fiskréttur

Meðlæti: Eplasalat, rauðkál, grænar baunir, rauðbeðusalat, sætkartöflusalat, laufabrauð, kartöflur með uppstúf, sykurbúnaðar kartöflur, sveppasósa, rauðvínssósa, grillsalat, grænt salat

Eftirréttir: Súkkulaðikaka, smákökur, blanda af kökum, ris a la mande

Margrét Grétarsdóttir og Hrafnkell Óðinsson sjá um lifandi tónlistarflutning yfir borðhaldi.

Jólahlaðborð, 8.800 kr. á mann.

Gerum tilboð fyrir hópa. Ef hópar vilja koma aðra daga, hafið samband í síma 531 8010 eða 531 8007. Netfang: info@stractahotels.is

Jólahlaðborð og gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði, 17.400 kr. á mann.



RANGÁRFLÖTUM 4, HELLU – S. 531 8010 – STRACTAHOTELS.IS



Flottar og einfaldar hrekkjavökukökur.

KÓNGULÓARKAKA Á HREKKJAVÖKU

Hrekkjavakan er á mánudag. Það er skemmtilegt að eiga hrekkjavökukökur þann dag eða um helgina. Hægt er að gera ofureinfaldar bollakökur með alls kyns furðudýrum eða draugum. Einfalt er búa til kóngulóarkökur. Svo er hægt að kaupa tilbúnar jólapiparkökur og skreyta þær með ýmiss konar hrekkjavökumynstri. Skemmtilegt að gera þetta með krökkunum um helgina.

Kóngulóarkaka

1 ½ bolli hveiti
2 tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
½ bolli ósaltað mjúkt smjör
¾ bolli sykur
2 stór egg
1 tsk. vanilludropar
½ bolli mjólk
Súkkulaðikrem
½ bolli flórskykur
1 msk. kakó
1 msk. mjólk

Kóngulóarskraut

Lakkriskurl eða mjög smátt skornar lakkrisreimar

24 sælgætisaugu (m&m eða eitthvað álíka) lakkrisreimar, klipptar niður

Hitið ofninn í 180°C. Tólf múffuform eru notuð í þessa uppskrift. Setjið hveiti, lyftiduft og salt í skál og blandið saman. Smjör og sykur er þeytt saman í hrærivél þar til blanda verður létt og ljós. Bætið eggjum við, einu í einu og hrærið áfram. Þá er vanilludropum og mjólk bætt í og að lokum þurrefnun. Skiptið deiginu í tólf múffuform. Setjið í ofn og bakið í 15-18 mínútur. Kælið áður en kökurnar eru skreyttar. Hrærið flórskykur, kakó og mjólk saman og bætið við mjólk eftir þörfum þannig að kremið verði ekki of þykkt. Smyrjið kreminu á kökurnar. Kremið er síðan þakið með lakkriskurl eða mjög smátt skornum lakkrisreimum. Setjið augu á kóngulóna eftir eigin vali. Fætur eru gerðir með lakkrisreimum, skerið þær í hæfilega langar ræmur. Búið til átta göt í kökuna með prjóni og troðið lakkrisnum þar ofan í. Þá er kóngulóin komin með fætur.



Ráðgjafar & forritarar

Dynamics NAV viðskiptahugbúnaður

Atvinna

Ráðgjafar

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu tengdum Dynamics NAV viðskiptalausnum. Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavini og þátttaka í vörupróun á lausnum Wise.

Við leitum að kraftmiklu, sjálfstæðu fólki sem á auðvelt með að vinna í hóp, hefur áhuga á hugbúnaði og tæknimálum og góða almenna menntun.

Þekking á Microsoft Dynamics NAV og reynsla af bókhaldi er mikill kostur.

Forritarar

Starfið felst í hugbúnaðarþróun á lausnum fyrirtækisins sem og sérlausnum fyrir viðskiptavini. Unnið er í C/AL þróunarumhverfi Dynamics NAV og C#.

Við leitum að kraftmiklu og sjálfstæðu fólki sem vinnur vel í hóp. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af forritun og haldbæra menntun á því sviði. Þekking á þróun í viðskiptakerfum er mikill kostur.

Wise lausnir

Wise lausnir ehf. vinna að hugbúnaðargerð og þjónustu henni tengdri. Við leggjum metnað okkar í að aðstoða viðskiptavini okkar við að ná hámarksárangri út úr nýtingu sinni á viðskiptalausnum. Lausnirnar byggja á Microsoft Dynamics NAV sem er einn vinsælasti viðskiptahugbúnaður heims.

Starfsmenn Wise á Íslandi eru nú 77 á skrifstofum félagsins í Reykjavík og á Akureyri.

Við bjóðum:

- Góðan starfsanda og liðsheild
- Frábæra starfsaðstöðu og samkeppnishæf laun
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Símenntun í starfi

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.



wise



LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI ... SUÐUPOTTUR ÞEKkingar!

Hjartagátt

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Viltu öðlast mikla reynslu og þekkingu á hjartasjúkdómum? Við leitum eftir öflugum hjúkrunarfræðingum sem hafa áhuga á og vilja vinna við bráðahjúkrun, aðallega hjartasjúklinga. Um er að ræða afar áhugaverðan og spennandi starfsvettvang með þverfaglegri nálgun á greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga með bráða hjartasjúkdóma. Möguleikar eru á þróun í starfi, ekki síst í formi spennandi fræðslu, námskeiða og ráðstefna.

Hjartagátt er sólarhringsdeild sem er opin alla daga vikunnar. Þar starfa um 50 manns sem veita bráðaþjónustu við hjartasjúklinga auk fjölbreyttrar dag- og göngudeildarþjónustu. Að auki er veitt þjónusta við aðra sjúklingahópa eftir þörfum.

Bráðateymi geðsviðs

SÉRFRÆÐILÆKNIR DEILDARLÆKNIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Við leitum eftir liðsauka í öflugt bráðateymi geðsviðs og viljum ráða til starfa sérfræðing í geðlækningum, deildarlækni og hjúkrunarfræðing. Í boði eru spennandi störf fyrir öflugna og áhugasama einstaklinga.

Markhópur teymisins eru einstaklingar með alvarlegan og bráðan geðvanda. Starfsemi bráðaþjónustu er þrjúþætt, bráðamóttaka, bráðaeftirfylgd og ráðgjafarþjónusta. Þangað leita um 3.200 einstaklingar á ári hverju. Starfið byggir á öflugri þverfaglegri teymisvinnu og er í mikilli þróun.

Barnspítali Hringins

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á barnadeild á Barnspítala Hringins. Deildin er 21 rúma legudeild, með breiðan skjólstæðingahóp barna frá fæðingu að 18 ára aldri og fjölskyldum þeirra. Unnið er í vaktavinnu. Boðið er upp á góða starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingi.

Barnspítali Hringins hefur forystu í heilbrigðisþjónustu við börn og unglunga á Íslandi. Á barnadeildinni er sérhæfð lækni- og hjúkrunarþjónusta. Börn dvelja þar með ýmis heilbrigðisvandamál og sjúkdóma. Stefna deildarinnar er að veita faglega og fjölskyldumiðaða þjónustu þar sem öryggi, fagmennska og umhyggja er höfð að leiðarljósi.

Hjarta-, lungna- og augnskurðeild

SJÚKRALIÐI

Sjúkraliði óskast til starfa á hjarta-, lungna- og augnskurðeild á skurðlækningasviði. Á deildinni starfa um 50 manns í þverfaglegu teymi og sinna einstaklingum sem farið hafa í aðgerð vegna sjúkdóma í hjarta og lungum, einnig er þar legurými fyrir augnsjúklinga.

Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi. Tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og veitum góða aðlögun.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG WWW.STARFATORGI.IS

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teyimum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláhersur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

VÍÐIR

ÓSKUM EFTIR VERSLUNARSTJÓRA

EINNIG STARSFÓLKI Í DAGVINNU KVÖLDVINNU HELGARVINNU

Sendu okkur tölvupóst
umsokn@vidir.is



Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.

Auglýst er laust til umsóknar starf skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna sf.

Starfið er fjölbreytt og krefjandi og gerir kröfur til faglegrar hæfni, samskipta og kunnáttu umsækjanda.

Í starfinu felst m.a.:

- Umsjón og eftirlit með gerð og breytingu allra skipulagsuppdráttanna fyrir Faxaflóahafnir sf. og mæliblaða.
- Áætlanagerð vegna skipulags-, umhverfis- og lóðarmála.
- Vinna við mótun framtíðarsýnar skipulagsmála Faxaflóahafna sf.
- Eftirlit og umsjón með gerð lóðarleigusamninga á landi Faxaflóahafna sf.
- Umsjón og eftirlit með landupplýsingum, skráningu landeigna og fasteigna Faxaflóahafna sf.
- Samstarf við skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélaga á starfssvæði Faxaflóahafna sf.
- Samstarf og samráð við íbúa, lóðarhafa og aðra hagsmunaaðila.

Leitað er eftir hæfileikaríkum og áhugasömum starfsmanni sem hefur eftirfarandi til að bera:

- Tæknimenntun á háskólastigi, sem nýtist í starfi.
- Reynsla af skipulagsmálum og þekkingu á ákvæðum skipulagslaga.
- Færni í mannlegum samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góða hæfni til að tjá sig á íslensku og ensku, í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta sem nýtist í starfinu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Forstöðumaður tæknideildar Faxaflóahafna sf. er næsti yfirmaður skipulagsfulltrúa. Nánari upplýsingar um starfið veitir **forstöðumaður tæknideildar** í síma 5258900.

Umsókn, ásamt ferilskrá með nöfnum umsagnaraðila sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið **lilja@faxi.is**, eigi síðar en miðvikudaginn 16. nóvember n.k.

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.



Sérfræðingur í Útlánaeftirliti

Útlánaeftirlit Landsbankans leitar að nýjum liðsmanni í öflugan hóp sérfræðinga. Útlánaeftirlit er deild innan Áhættustýringar sem sinnir almennu og sértæku eftirliti með útlánum og ferlum tengdum útlánnum bankans.

Helstu verkefni

- » Sértækt eftirlit með stærstu útlánnum bankans
- » Greining ársreikninga, rekstraráætlana, sjóðstreymis og atvinnugeira
- » Útbúa verðmatsskýrslur, sjóðstreymisgreiningar og virðisrýrnunarpróf fyrir stærri viðskiptavini bankans
- » Flytja erindi fyrir yfirstjórn bankans og ytri eftirlitsaðila
- » Stjórna verkefnum vegna endurbóta á ferlum og kerfum Útlánaeftirlits

Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Háskólamenntun, t.d. í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- » Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- » Yfirgripsmikil reynsla af greiningu ársreikninga og gerð verðmatsskýrslna er skilyrði
- » Mjög góð kunnátta í Excel
- » Yfirgripsmikil reynsla af fjármálamarkaði eða rekstri fyrirtækja
- » Færni í samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Karl Kári Músson, deildarstjóri Útlánaeftirlits, í síma 410 7347 og Bergþóra Sigurðardóttir, starfspróunarstjóri, í síma 410 7907.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í Útlánaeftirliti* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk.



Jafnlaunaúttekt
PwC



Sérfræðingur við yfirferð uppdráttar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir sérfræðingi til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Byggingarfulltrúi annast meðal annars umsóknir um byggingarleyfi og afgreiðslu þeirra. Umsýsla þess fer fram í samræmi við mannvirkjalög og byggingarreglugerð, ásamt öðrum tilheyrandi lögum, reglugerðum og skilmálum sem varða notkun lóða og byggingarframkvæmdir á þeim

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirferð umsókna um byggingarleyfi til samanburðar við innsend gögn og uppdráttar.
- Yfirferð aðaluppdráttar fyrir útgáfu byggingarleyfa.
- Undirbúa, sitja og ganga frá eftir vikulega embættisafgreiðslufundi byggingarfulltrúa.
- Greina og skrá athugasemdir inn í skráningarkerfi byggingarfulltrúa.
- Veita ráðgjöf og leiðbeiningar er varða mannvirkjahönnun og gerð aðal- og séruppdráttar aðalhönnuða.
- Svvara fyrirspurnum varðandi athugasemdir sem gerðar hafa verið við mál á afgreiðslufundum og leiðbeina viðskiptavinum embættisins eftir þörfum.
- Annast önnur þau verk sem viðkomandi eru falin af byggingarfulltrúa.

Menntun og hæfniskröfur

- Menntun í arkitektúr eða sambærileg menntun á háskólastigi.
- Löggilding til að leggja fram uppdráttar fyrir byggingarleyfi, ásamt reynslu í hönnun mannvirkja og gerð aðal- og séruppdráttar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til þess að vinna og eiga samskipti í hóp.
- Nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð, ásamt haldgóðri tölvukunnáttu og notkun algengra forrita.

Um er að ræða 100% framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2016. Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „laus störf“ - Sérfræðingur við yfirferð uppdráttar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Nikulás Úlfar Músson byggingarfulltrúi í síma 411-1111 eða með því að senda tölvupóst á Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

TANNTÆKNIR

Laust er til umsóknar starf tanntækis á Tannlæknastofu Sigríðar Rósu ehf. á Réttarholtsvegi 3. Um er að ræða 50% stöðu.

Áhugasamir sendi umsóknir á box@frett.is: merktar „Tennur 2016“.

Umsóknarfrestur er til 7. nóvember

Hjúkrunardeildarstjóri

Hjúkrunaheimilið Fellsendi óskar eftir hjúkrunardeildarstjóra

- Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi
- Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun eða reynslu í geðhjúkrun og eða starfsmannastjórnun
- Um er að ræða fullt starf ásamt bakvöktum
- Gott húsnæði í boði

Nánari upplýsingar veitir;

Jóna Helga Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Sími 863 5090 eða jona@fellsendi.is



Hjúkrheimilið Fellsendi.
371 Búðardal



50% og 100% afgreiðslustarf

Efnalaugin Björg við Háaleitisbraut óskar eftir einstaklingi í afgreiðslu með framtíðarstarf í huga. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Lágmarksaldur 25 ár.

Hæfniskröfur:

- Góð samskiptafærni
- Góð íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Nákvæmni
- Stundvísi
- Vingjarnlegt viðmót

Vinnutími er frá 9–18 (100% starf) eða frá 12–18 (50% starf). Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 6. október 2016.

Sendið umsóknir merkt 50% starf eða 100% starf á: haaleiti@bjorg.is.

Efnalaugin Björg er fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1953 og ber einkunnarorðin **gæði, þekking og þjónusta**.



Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunarheimilið Sólvangur í Hafnarfirði

Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingi með faglegan metnað og áhuga á öldrunarhjúkrun.

Hæfniskröfur

- » Sjálfstæði í vinnubrögðum og faglegur metnaður
- » Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- » Íslenskt hjúkrunarleyfi

Frekari upplýsingar um starfið

Um er að ræða morgun- og kvöldvaktir og er starfshlutfall samkomulagsatriði. Kvöldvaktir í hlutastarfi eða tímavinnu koma einnig til greina.

Sótt er um starfið rafrænt á: www.solvangur.is, undir "laus störf". Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir Unnur G Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 855 7790 eða á netfanginu unnur@solvangur.is



Verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til að annast umsýslu verkefna sem tengjast rekstri heilbrigðisþjónustu o.fl. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Helstu verkefni

- Yfirumsjón og afgreiðsla tilkynninga um rekstur heilbrigðisþjónustu og tengdra erinda.
- Samskipti við rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu.
- Meðferð fyrirspurna og erinda, m.a. í gegnum rafræna gagnagrunna.
- Almenn skrifstofustörf á sviði eftirlits og frávika.
- Önnur verkefni að beiðni landlæknis og sviðsstjóra.

Kröfur um þekkingu og hæfni

- Háskólamenntun er nauðsynleg og æskilegt að hún sé á sviði heilbrigðisþjónustu.
- Þekking og reynsla af vinnu í rafrænum gagnagrunnum og kerfum.
- Góð færni í íslensku og ensku er skilyrði. Þekking á Norðulandamálum er kostur.
- Almenn og góð tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri og er ennfremur lipur í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri eftirlits og frávika, en viðkomandi mun vinna náið með hópi sérfræðinga sem hefur umsýslu með málum er varða rekstur heilbrigðisþjónustu.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélag.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, merkt „Anna Björg Aradóttir, starfsúmsókn“.

Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri eftirlits og frávika, netfang: annabara@landlaeknir.is.

Ábyrgð
Virðing
Traust



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is



Þörungaverksmiðjan hf.

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum sækir þang- og þara í Breiðafjörðinn og framleiðir mjöl af háum gæðum. Nýting sjávargróðurs er vottuð sem sjálfbær og vinnsla og afurðir eru lífrænt vottaðar. Ársverk eru um 20 í verksmiðju og á skipi félagsins auk verktaka á sláttarprömmum þess. Ársvelta er um 500 milljónir kr. Afurðir eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu fódurbætis, áburðar og snyrtivara auk alginats sem notað er í matvæla- og lyfjaframleiðslu. Þörungaverksmiðjan er að stærstum hluta í eigu FMC Health and Nutrition (71%) og Byggðastofnunar (28%). Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel og er fyrirhugað að efla hann frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúruvegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug, bókasafn og önnur þjónusta.

Verkstæðisformaður

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða verkstæðisformann. Hann hefur yfirumsjón með eftirliti og viðhaldi á sláttarprömmum, vélum og búnaði verksmiðjunnar. Verkstæðisformaður tekur þátt í áætlunum og undirbúningi við breytingar og endurbætur verksmiðju, tækjabúnaðar og verkstæðis. Hann gegnir mikilvægu hlutverki varðandi strangar kröfur um öryggi og umhverfismál.

Helstu verkefni

- Öryggi starfsmanna, velferð þeirra og umhverfismál
- Stöðugar umbætur varðandi öryggismál
- Skipulag og verkstjórn á verkstæði og samræming á samstarfi við aðrar deildir félagsins
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Samskipti við birgja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Lipurð í samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun
- Enskukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áráði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla ásamt góðum kjörum og húsnæði.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is). Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Samorka hefur í nýrri stefnumótun sett sér að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi og hagsmuni orku- og veitufyrirtækja og að samtökin njóti trausts almennings og stjórnvalda sem leiði til farsællar þróunar í orku- og veitumálum á Íslandi.

SAMORKA er samstarfsvettvangur aðildarfyrirtækja og faglegur vettvangur þeirra í félags-, kynningar- og fræðslumálum.

Nánari upplýsingar um samtökin má finna á heimasíðu þeirra www.samorka.is

Framkvæmdastjóri Samorku

Samorka óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að reyndum leiðtoga sem býr yfir góðri samskiptafærni, frumkvæði og skipulögðum vinnubrögðum. Einstaklingi sem hefur það sem þarf til að starfrækja jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja.

Hjá Samorku starfa í dag fimm manns og eru aðildarfélögin um 50 orku- og veitufyrirtæki um allt land. Samtökin eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á starfsemi SAMORKU gagnvart stjórn
- Innleiða og framfylgja stefnu og ákvörðunum stjórnar/aðalfundar
- Stuðla að og bera ábyrgð á góðum tengslum við aðildarfyrirtæki og rækta félags- og fræðslustarf
- Samskipti og upplýsingar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja er kostur
- Þekking á umhverfismálum og nýtingu náttúruauðlinda er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku, kostur að hafa einnig kunnáttu í Norðurlandamáli

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



VILTU GANGA LENGRA?




Útivera í hjarta miðborgarinnar

Óskum eftir jákvæðum og liprum einstaklingum, konum og körlum

Nánari upplýsingar um laus störf stöðuvarða á www.reykjavik.is/laus-storf

www.bilastaedasjodur.is



Reykjavíkurborg Velferðarsvið

ÞROSKAÞJÁLFAFAR OG STUÐNINGSFULLTRÚAR 3 – ÍBÚÐAKJARNI Í GRAFARHOLTI

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir bæði eftir þroskaþjálfum og fólki með háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda til starfa í íbúðakjarna fyrir fimm einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Áætlað er að íbúðakjarninn opni í desember n.k. Starfshlutfall er 80% - 100% í vaktavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð	Hæfniskröfur
<ul style="list-style-type: none"> Ber ábyrgð á að virkja einstaklinga til sjálfstæðis, veita persónulega þjónustu og stuðning í daglegu lífi einstaklinga sem sniðin er að þörfum og væntingum hvers og eins. Að eiga samstarf við íbúa, aðstandendur, fagaðila og aðra starfsmenn. Fræðir og leiðbeinir nýju starfsfólki. Tekur þátt í gerð og framkvæmd einstaklingsáætlana í samráði við forstöðumann/teymisstjóra. Tekur þátt í þróunarstarfi undir stjórn forstöðumanns og teymisstjóra. 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsleyfi sem þroskaþjálfari í starf þroskaþjálfara og háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda í starf stuðningsfulltrúa 3. Reynsla af starfi með fötluðu fólki. Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni í starfi. Frumkvæði, skipulagshæfni, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum. Hæfni til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi/verkefni. Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar. Gerð er krafa um bítpróf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar annars vegar og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði í síma 411-9007/861-6904 og tölvupósti: arne.fridrik.karlsson@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 12. nóvember n.k

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem við búum í.




STARFSMAÐUR ÓSKAST

Leitum að duglegum starfsmanni í fullt starf í matvælaframleiðslu.

Vinnutími frá kl 8 – 16 alla virka daga.

Umsókn og ferilskrá sendist á henry@gunnars.is.



Félagsmálastjóri

Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga

Sandgerðisbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu félagsmálastjóra fyrir sameiginlega félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga. Íbúafjöldi á þjónustusvæðinu eru um 4.300.

Ábyrgðar- og helstu verkefni:

- Félagsmálastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi félagsþjónustunnar samkvæmt lögum sem falla undir félagsþjónustu sveitarfélaga, stefnu og reglur í málaflokknum.
- Félagsmálastjóri heldur utan um fagþjónustu félagsþjónustunnar, bæði skipulag málaflokka og meðferð einstakra mála. Hann er yfirmaður starfsmanna félagsþjónustunnar.
- Félagsmálastjóri er bæjarstjórurum bæjarfélaganna til ráðgjafar um málefni sem viðkoma félagsþjónustunni. Bæjarstjóri Sandgerðisbæjar er yfirmaður félagsmálastjóra.
- Félagsmálastjóri vinnur með sameiginlegri Fjölskyldu- og velferðarnefnd bæjarfélaganna, undirbýr fundi og málefni sem heyra undir nefndina samkvæmt lögum um félagsþjónustu.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólapróf og starfsréttindi sem félagsráðgjafi eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfinu.
- Reynsla af störfum við félagsþjónustu og barnavernd æskileg.
- Þekking og reynsla á áætlanagerð og stjórn fjármála.
- Reynsla og hæfni í starfsmannastjórnun og samskiptum er mikilvæg.
- Hæfni til að leiða þróun og uppbyggingu félagsþjónustu á þjónustusvæðinu.
- Góðir skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði og sveigjanleiki.

Leitað er eftir hæfum einstaklingi, konu eða karli, til að taka að sér fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun árs 2017.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá um menntun, störf og stjórnunarreynslu ásamt kynningarbréfi og sýn umsækjenda á starfið undir hans/hennar stjórn.

Umsóknum skal skila á sandgerdi@sandgerdi.is.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri (sigruna@sandgerdi.is) s. 4207500.

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2016.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

GOTT FÓLK ÓSKAST

SÖLUMADUR VARAHLUTA

Við leitum að starfsmanni með reynslu og góða hæfni til sölu varaahluta í vinnuvélar.

Góð ensku- og tölvukunnátta ásamt bílprófi skilyrði. Lyftarapróf æskilegt.

VIÐGERÐARMENN

Við leitum að starfskröftum með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða.

MECHANICS

We seek to employ mechanics with experience and good qualifications to work on machinery repairs.

Umsóknir sendist á hg@velafl.is
Umsóknarfrestur er til 15. nóv. 2016.



Rauðhelli 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

FORSTÖÐUMAÐUR VERKFRÆÐIDEILD ICELANDAIR



Icelandair auglýsir eftir forstöðumanni verkfræðideildar á tæknisviði félagsins (e. Director of Engineering). Hlutverk verkfræðideildar er að útbúa og þróa viðhaldskerfi (e. Maintenance programmes) fyrir flota Icelandair og viðskiptavini þess, vinna að stöðugum umbótum á búnaði véla, ferlum og viðhaldskerfum með áreiðanleikagreiningu og greiningu á öðrum rekstrarþáttum, ásamt því að styðja við rekstur og viðhald flugvéla Icelandair með ráðgjöf og þjónustu við aðrar einingar tæknisviðs. Við deildina starfa hátt í 30 sérfræðingar. Forstöðumaður er leiðtogi þess hóps, mótar stefnu deildarinnar, skipuleggur verkefni og tryggir að deildin þróist í samræmi við vöxt og breyttar áherslur Icelandair. Talsverðar áskoranir eru framundan við að styrkja skipulag deildarinnar og verkefna hennar.

STARFSSVIÐ:

- Leiðtogaflutverk, daglegur rekstur og starfsmannamál deildarinnar
- Skipulagning og stefnumótun er varðar verkefni, viðhaldskerfi o.fl.
- Stefnumótun fyrir deildina, uppsetning skipulags og áætlanagerð
- Skipulag og bestun á viðhaldskerfum flugvéla Icelandair og búnaði þeirra

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í verkfræði eða skyldum greinum, eða flugvirkjamenntun
- Reynsla og/eða þekking á tæknimálum flugvéla æskileg. Önnur reynsla af áreiðanleikagreiningu og/eða viðhaldskerfum nýtist einnig
- Góð stjórnunarreynsla og samskiptahæfni
- Mjög gott vald á ensku og íslensku er skilyrði
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og geta til að vinna undir álagi er skilyrði

Nánari upplýsingar veita:

Jens Þórðarson | jensth@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir óskast fylltar út á vef félagsins, www.icelandair.is/umsokn, og sendar inn ásamt ferilskrá eigi síðar en 8. nóvember.



ÍSLENSKA STA.LIS ITS 81988 10/16



SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSKERFUM

Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðargörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi í alþjóðlegri upplýsingatæknideild Össurar.

Við leitum að sérfræðingi til að stýra tæknilegri vegferð mannauðskerfa í alþjóðlegri upplýsingatæknideild Össurar. Mannauðskerfið Workday gegnir lykilhlutverki í mannauðsmálum fyrirtækisins. Framundan er áframhaldandi uppbygging og innleiðing á Workday og öðrum mannauðskerfum fyrirtækisins.

STARFSSVIÐ:

- Mótun tæknistefnu og vegvísir fyrir mannauðskerfi
- Greining og hönnun á nýrri virkni í samvinnu við hagsmunaaðila
- Stýring á birgjum í þróun og innleiðingum
- Þátttaka í viðhaldi og þróun núverandi lausna

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðskerfum
- Reynsla og áhugi á mannauðsmálum og ferlum
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM

Sérfræðingur

Óskast í upplýsingatæknideild



TOLLSTJÓRI

Tollstjóri leitar að rétta fólkinu til að taka þátt í spennandi umbótaverkefnum á sviði upplýsingatækni sem tengjast m.a. stefnu Tollstjóra 2020. Leitað er að einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu af umbótaverkefnum og hagnýtingu tæknilausna. Gerð er krafa um mjög góða samskiptahæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni og eru þau höfð að leiðarljósi við ráðningar hjá embættinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og BHM. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í viðhaldi, þróun og breytingum á upplýsingakerfum Tollstjóra.
- Greiningarvinna s.s. þarfagreining, verkferlagreining, ásamt verkferlateikningum. Forgangsröðun verkefna/verkpátta og þátttaka í ákvarðanatöku um tæknilausnir.
- Seta í stýrihópum verkefna, verkefnastjórn og vinna í verkefnishópum eftir því sem við á.
- Verkefni í tengslum við upplýsingaöryggi.
- Þjónusta við innflutnings- og útflutningsaðila og aðra þá sem koma að tollafgreiðslu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði. Framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking á verkefnastjórnun, ferlateikningum og reynslu af stjórnun hugbúnaðarverkefna er kostur.
- Þekking á stöðlum tengdum stjórnkerfi upplýsingaöryggis er kostur. Þekking á Service-Oriented Architecture (SOA) og Business Process Model and Notation (BPMN) og rekstri gagnagrunna eins og Access er æskileg.
- Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og hafa hæfni til að aðlagast breytingum og nýjungum, auk þess að eiga auðvelt með að vinna í hópum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni Ólafsson, deildarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 560-0300. Umsóknarfrestur er til 14. nóvember nk. Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.



ATVINNA

RAFVIRKJAR, VÉLVIRKJAR OG VERKAMENN ÓSKAST

Rafvirkjar óskast, vanir alhliða viðhaldi og nýlagnavinnu. Mikil og fjölbreytt vinna. Vélvirkjar (eða menn vanir viðgerðum) í viðgerðir og eftirlit á ýmsum kerfum. Einnig óskast verkamenn í eftirlit og þríf á færbandakerfum o.fl.

Athugið að umsækjendur þurfa að geta staðist bakgrunnsskoðun vegna vinnu innan haftasvæða á Keflavíkurflugvelli

Upplýsingar í s: 892-3427 eða netfang: a.oskarsson@simnet.is

A.Óskarsson verktaki ehf.
Reykjanesbæ.



ATVINNA

STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í
VERSLUN OKKAR Á KORPUTORGI

Óskum eftir að ráða lífsglaða og duglega starfsmenn til starfa í verslun okkar á Korputorgi. Um er að ræða starf á kassa og starf við áfyllingar. Um fullt starf er að ræða.



Vinsamlegast sendið ferilskrá á korputorg.verslun@rfl.is eða fyllið út umsókn á staðnum.



www.rumfatalagerinn.is

BIRGÐASTJÓRI ÓSKAST

Lyf og heilsa leitar að birgðastjóra í tímabundið starf til að minnsta kosti eins og hálfis árs með möguleika á áframhaldandi starfi innan fyrirtækisins.

Starfssvið:

Starfið felur í sér umsjón með birgðahaldi, miðlægum innkaupum, undirbúningi vöru- talninga, úrvinnslu gagna, greiningum og –upplýsingagjöf til stjórnenda.



Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í excel nauðsynleg.
- Agi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og til að vinna í teymi.
- Þekking á Navision ásamt reynslu í sambærilegum störfum, kostur.

Umsóknir berist til starf@lyfogheilsa.is merkt „birgðastjóri“ fyrir 5. nóvember.

Lyf og heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjötiðnaðarmaður

Matreiðslumaður

Við leitum að einstakling til að veita forstöðu einu glæsilegasta kjötbörði landsins í Hagkaup Kringlu.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember. Áhugasamir sendið umsókn og ferilskrá á netfangið ingibjorn@ferskar.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Bakameistari og konditor með alþjóðlega og víðtæka reynslu af iðninni óskar eftir framtíðarstarfi.

Hótelgeirinn kemur vel til greina en allt mögulegt kemur til álita. Þýska er móðurmál mitt en ef til vill kemur hún einhvers staðar að gagni.

Nánari uppl: bakameistariogkonditor@gmail.com

Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð

Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og námsaðlögun auk kennslu. *Sjá nánar námskrá: <http://saa.is/grein/um-afengis-og-vimuefnaradgjafa-saa/>*

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf æskilegt.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknnum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: hjalti@saa.is

Nánari upplýsingar veitir

Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri
s. 8247620, netfang: hjalti@saa.is



SÉRFRÆÐINGUR Í UMBÓTASTJÓRNUN

Ölgerðin leitar að jákvæðum og áreiðanlegum einstaklingi til að sinna starfi sérfræðings í umbótastjórnun á Samskiptasviði. Starfið felur í sér verkefnastjórnun á umbótum Ölgerðarinnar og mun viðkomandi starfa náið með stjórnendum og starfsfólki á öllum sviðum Ölgerðarinnar.

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Rekstur á stýrikerfi umbóta hjá Ölgerðinni
- Samþætta starfsemi fyrirtækisins með straumlínustjórnun og ferlagreiningu
- Verkefnastýring

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af umbótastjórnun og eða ferlagreiningu er kostur
- Góð samningatækni, samskiptahæfni og sannfæringargeta
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember nk.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is



Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.



Deildarstjóri Kerfisþjónustu

Íslandsbanki leggur mikla áherslu á öryggi upplýsinga og ábyrga notkun kerfa bankans. Við auglýsum nú eftir deildarstjóra Kerfisþjónustu sem ber ábyrgð á upplýsingakerfum bankans. Kerfisþjónusta er hluti af Tækniþjónustu sem hefur það meginhlutverk að tryggja öryggi upplýsingakerfa og aðgengi notenda að kerfum. Náð samstarf er milli upplýsingatæknideilda Íslandsbanka og rík áhersla lögð á forgangsröðun verkefna sem styðja við tæknistefnu og áherslur bankans á hverjum tíma.

Helstu verkefni:

- Stefnumótun í upplýsingatæknimálum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Gæða- og umbótaverkefni
- Tryggja að starfsemi deildarinnar sé í samræmi við tæknistefnu, öryggisstefnu og útvistarstefnu bankans
- Aðkoma að samningagerð, samskipti við birgja og þjónustuaðila

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Tæknilegur bakgrunnur í upplýsingatækni
- Stjórnunarreynsla
- Frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni í að koma texta frá sér á skilvirkan og skýran hátt

Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi

Nánari upplýsingar:

Jón Ingi Björnsson, forstöðumaður Tækniþjónustu, 440 4330, jon.bjornsson@islandsbanki.is

Ásta Sigríður Skúladóttir, ráðgjafi á mannaúðssviði, 440 4186, asta.skuladottir@islandsbanki.is



Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. Íslandsbanki er stoltur handhafi Gullmerkis Jafnlausnartækta PwC. Árið 2016 fékk Íslandsbanki þekkingarverðlaun FVH fyrir mannaúðsstjórnun og Hvatningarverðlaun jafnréttismála.

Hvað segir fólkíð okkar? Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn



Heimilishjálp

Fjölskylda í 101 Reykjavík óskar eftir að ráða manneskju í fullt starf til að sjá um heimilishald.

Starfssvið er alhliða heimilishald:
Heimilsprif
Þvottur

Lítisháttar tilfallandi eldamennska
Barnapössun 4ja ára barns endrum og eins
Umsjón með hluta af heimilisinnkaupum
Annað sem fellur til á 6-7 manna heimili

Hæfniskröfur:
Reynsla af sambærilegum störfum
Samviskusemi og jákvætt viðhorf
Trúnaður

Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og sveigjanleiki
Íslensku eða enskukunnátta
Bílpróf væri kostur



Til greina kemur að bjóða upp á húsnaði í lítilli íbúð í nærliggjandi húsi.
Eins kemur til greina að ráða þar þar sem að til viðbótar væri ráðin úrræðagóð manneskja til að sjá um viðhald húsa, garða, akstur og annað tilfallandi.

Áhugasamir vinsamlega sendið á pósthfangið
housekeeperreykjavik@gmail.com

Housekeeper

A family in 101 Reykjavík wishes to hire a full time housekeeper.

Job responsibilities:
Household cleaning
Laundry
Occasional cooking

The possibility of looking after 4 year old child
Some of the household shopping
Various other tasks that come up in a 6-7 person household

We are looking for someone:
With some similar job experience
Who is conscientious and with a positive attitude
Discrete

Who is independent, shows initiative and is flexible.
Icelandic or English speaking
A drivers license would be helpful



We could potentially provide a small apartment in the neighborhood.
It's also a possibility to hire a couple in which case the other job is a "handyman" role with day to day responsibility for maintenance and upkeep of a couple of houses and gardens as well as driving amongst other things.

Anyone interested, please contact
housekeeperreykjavik@gmail.com

Tímabundið starf

- hentar vel ef þú ert að fara í skóla eftir áramót –

Óskum eftir að ráða mann og konu í verslun okkar í Smáralind frá og með 1. nóvember til áramóta. Hentar vel, ef þú ert að fara í skóla eftir áramótin.

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, snyrtilegur og vinna vel með öðrum.

Umsóknir skulu sendar á
aslaug@lifoglist.is



STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU MANNAUÐSSTJÓRI

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða mannaúðsstjóra til að hafa umsjón með mannaúðsmálum Vinnueftirlitsins

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði mannaúðsstjórnunar
- Reynsla af mannaúðsstjórnun
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Góð íslenskukunnátta og kunnátta í ensku
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Sveigjanleiki og mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2016.

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins
www.vinnueftirlit.is



FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNASKA

Bíldshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is

samskip



> Meiraprófsbílstjórar óskast til starfa

Samskip óska eftir bílstjórum í strandakstur. Um er ræða störf á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur bílstjóra:

- Meirapróf er skilyrði og réttindi til þess að aka með tengivagn eru kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi eru kostur
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða íslenskukunnátta og reynslu af vetrarakstri
- Stundvísi, heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum

Við leggjum metnað okkar í að afhenda viðskiptavinum vörur skjótt og örygglega hvert á land sem er og til þess þurfum við öfluga, örugga og snjalla bílstjóra.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst á heimasíðu okkar www.samskip.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Karl Kárasón flotastjóri, johannes.karl.karason@samskip.com eða í síma 858 8660.

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáðstöðu.

Fjármálastjóri

Laust er til umsóknar starf fjármálastjóra við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Meginverkefni fjármálastjóra verða:

- umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar.
- gerð fjárhagsáætlana og samantekt áætlana í samvinnu við forstöðumann.
- kostnaðareftirlit, eftirfylgni og frávikagreining;
- vinnsla og framsetning upplýsinga um stöðu fjármála og fjárhagsuppgjör.
- aðstoð við forstöðumann í mannaúðs- og kjaramálum;
- aðstoð við gerð starfsmannahandbókar, starfslýsinga og stofnanasamninga.

Um er að ræða fullt starf frá 1. desember 2016.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun sem tengist starfssviðinu, reynsla af fjármálum og bókhaldi, þekkingu á opinberri stjórnsýslu og góða samskiptahæfni. Reynsla af bókhaldi, uppgjöri, rekstri og fjármálastjórnun er æskileg. Reynsla af mannaúðs- og kjaramálum er kostur. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg. Einnig er krafist traustrar enskukunnátta og færni í einu Norðurlandamáli. Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubrögða.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið kari.kaaber@arnastofnun.is, eigi síðar en 11. nóvember.

Menntun þarf að staðfesta með afriti af prófskírteinum. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Kaaber, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (s. 525 4010, kari.kaaber@arnastofnun.is).

Spennandi starf hjá BM Vallá

Lagerstjóri á hellu- og smáeiningalager á Breiðhöfða

- Viðkomandi þarf að vera með reynslu og réttindi á lyftara (J)
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís, skipulagður og duglegur til starfa
- Vinnutími frá kl. 8:00 – 17 yfir vetrartímann og 8:00 – 18 yfir sumartímabil, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.
- Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og gott lag á mannlegum samskiptum.
- Gott mótuneyti er á staðnum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2016

Umsækendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið asbjorn@bmvalla.is



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

Löglærður aðstoðarmaður dómara

Við Héraðsdóm Reykjavíkur er laus staða löglærðs aðstoðarmanns dómara

Um er að ræða starf á grundvelli 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Til aðstoðar dómurum eru ráðnir lögfræðingar sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tölul. 2.mgr. 12. gr. sömu laga og starfa þeir á ábyrgð dómstjóra. Nánari upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna má finna á vef dómstólanna, www.domstolar.is.

Helstu verkefni löglærðra aðstoðarmanna eru eftirfarandi:

- Meðferð útvistarmála í eigin nafni, þ. á m. áritun stefna og ritun dóma og úrskurða.
- Áritun sektarboða og aðfararbeiðna.
- Umsjón með reglulegu dómþingi í einkamálum, gjaldprotamálum og sakamálum.
- Frumskoðun sakamála, útgáfa fyrirhalls og þingfesting máls.
- Ritun úrskurða / ákvarðana í eigin nafni í útburðar- og innsetningarmálum og gjaldprotamálum, sem og úrskurða á grundvelli laga um skipti á dánarbúum, enda sé vörnum ekki haldið uppi.
- Meðferð greiðsluaðlögunarmála og aðstoð við dómara í ágreiningsmálum vegna slíkra mála.
- Meðferð sífjamála og vitnamála.
- Aðstoð við samningu dóma og úrskurða í almennum einkamálum þar sem tekið er til varna, svo og aðstoð við samningu úrskurða í ágreiningsmálum er varða gjaldprotaskipti, dánarbússkipti, sviptingu lögræðis, aðfaragerðir, nauðungarsölu og þinglýsingar.
- Dómkvaðning matsmanna.

Aðstoðarmaður dómara þarf að búa yfir skipulags- hæfileikum og vera sjálfstæður í starfi, ásamt því að vera sveigjanlegur og sýna færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru í samræmi við ákvæði stofnansamnings Stéttarfélagsgöngfræðinga og dómstólaráðs.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum innan dómkerfisins og geti hafið störf sem fyrst.

Ráðning er tímabundin til 5 ára með möguleika á framlengingu einu sinni.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknir skulu gilda í allt að 6 mánuði.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 14. nóvember n.k.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



HAGVANGUR



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

STUÐNINGSFULLTRÚI – ÍBÚÐAKJARNI Í GRAFARHOLTI

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir starfsfólki í íbúðakjarna fyrir fimm einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Áætlað er að íbúðakjarninn opni í desember n.k. Starfshlutfall er 40% - 100% í vaktavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að veita einstaklingsmiðaða aðstoð sem styrkir íbúa til að eiga sjálfstætt og innihaldsrikt líf bæði innan og utan heimilis.
- Hvetur og styður íbúa til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.
- Að eiga samstarf við íbúa, aðstandendur, fagaðila og aðra starfsmenn.
- Tekur þátt í þróunarstarfi undir stjórn forstöðumanns og teymisstjóra.

Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun.
- Félagslíðamenntun eða sambærileg menntun æskileg.
- Reynsla af starfi með fötlugu fólki æskileg.
- Íslenskukunnátta.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni í starfi.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi/verkefni undir leiðsögn fagfólks.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.
- Gerð er krafa um bílpróf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði í síma 411-9007/861-6904 og tölvupósti: arne.fridrik.karlsson@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 12. nóvember n.k

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Spennandi starf hjá Lyfju

Lyfsöluleyfishafi á Egilsstöðum

Við viljum ráða metnaðarfullan og sjálfstæðan lyfjafræðing í stöðu lyfsöluleyfishafa á Egilsstöðum.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

Lyfsöluleyfishafi ber faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sér til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi í samræmi við þau rekstrarlegu markmið sem Lyfja setur.

Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfulla lyfjafræðinga. Í boði er krefjandi og áhugavert starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað í rótgrónu bæjarfélagi á landsbyggðinni.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.


Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Stjórnunarhæfileikar
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Áreiðanleiki og fagmennska
- Metnaður og skipulögð vinnubrögð

Afgreiðslutími lyfjaverslunarinnar er frá kl. 10–18 virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Svava Þorsteinsdóttir, mannauðstjóri í síma 5303800 eða svava@lyfja.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



VIÐ LEITUM AÐ STARFSMANNI

Við leitum að hressum og duglegum einstakling til að starfa með okkur í verslun okkar í Kringlunni.

Kultur Menn er leiðandi herrafataverslun sem selur heimsþekkt vörumerki eins og Paul Smith, Tiger of Sweden, Matinique og J.Lindeberg.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstörfum
- Áhugi á tísku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á helga@ntc.is

Umsóknarfrestur er til 6.nóvember

Kultur
menn

Forval - Uppsteypa

Verktaki óskast til uppsteypu á byggingum í Keflavík.

Aðalbyggingin er 6 hæðir og tengibyggingar. 5000 m²

Verktími frá nóvember til ágúst 2017,
auk viðbótar 2018

Áhugasamir sendi inn upplýsingar um starfsemi sína.

Byggingafélagið Anton ehf. 30 ára Santon@mi.is



Samtökin '78

Auglýsa eftir:

Frankvæmdastýri, -stjóra eða -stýru

Meira á samtokin78.is

BIRGÐASTJÓRI ÓSKAST

Lyf og heilsa leitar að birgðastjóra í tímabundið starf til að minnsta kosti eins og hálfis árs með möguleika á áframhaldandi starfi innan fyrirtækisins.

Starfssvið:

Starfið felur í sér umsjón með birgðahaldi, miðlægum innkaupum, undirbúningi vörutalninga, úrvinnslu gagna, greiningum og -upplýsingagjöf til stjórnenda.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í excel nauðsynleg.
- Agi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og til að vinna í teymi.
- Þekking á Navision ásamt reynslu í sambærilegum störfum, kostur.

Umsóknir berist til starf@lyfogheilsa.is merkt „birgðastjóri“ fyrir 5. nóvember.

Lyf og heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UMSJÓNAMAÐUR NÓTNA

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu umsjónarmanns nótna frá og með 1. desember n.k.

Umsjónarmaður nótna er tengiliður milli nótnasafns og hljómsveitar. Hann sér um að gera nótur aðgengilegar fyrir hljóðfærleikara, ber ábyrgð á strokaferli og metur þörf fyrir æfingaparta. Hann ber ábyrgð á að nótur standi á hljómsveitarpúltum fyrir æfingar og tónleika og sér um frágang.

Umsjónarmaður annast ýmis önnur verkefni.

Menntunar-og hæfniskröfur:

- Skilyrði að umsækjendur hafi yfirgripsmikla þekkingu á tónlist og geti lesið nótur.
- Góð þekking á tónverkum og tónskáldum er kostur.
- Æskileg er framhaldsmenntun í tónlist.
- Áhersla er lögð á sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni og fylgni til framkvæmda.

Umsækjendur eru beðnir um að senda starfsferilsskrá til mannauðsstjóra (una@sinfonia.is) Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem greint er frá ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar um starfið er einnig að finna á www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra, Unu Eyþórsdóttur (una@sinfonia.is) í síma 898-5017.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
OG MEÐ 11. NÓVEMBER 2016.**

SINFONIA.IS

ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

„Besti“ matreiðslumeistari landsins óskast til að reka veitingastað

Við erum að leita að „besta“ matreiðslumeistara landsins til að reka veitingastað í hæsta gæðaflokki á nýju boutique hóteli í nágrenni Selfoss. Áætluð opnun síðla árs 2017.

Áhugasamir sendið fyrirspurnir eða umsókn með ferilskrá í pósthöfn olafursigurds@simnet.is.



Stöður lækna við sjúkrahúsið Vog

Sérfræðilæknir

Laus er til umsóknar **staða sérfræðilæknis við Sjúkrahúsið Vog**. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Staðan er laus nú þegar eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Pátttaka í daglegri lækniþjónustu á Sjúkrahúsinu Vog og öðrum starfsstöðum SÁÁ. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga, kennslu og þverfaglega samvinnu.

Hæfniskröfur

- Fullgild sérfræðiréttindi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á saa@saa.is

Nánari upplýsingar veitir

Þórarinn Tyrfingsson, forstjóri
s. 8247600, netfang: thorarinn@saa.is

Deildarlæknir

Laus er til umsóknar **staða deildarlæknis við Sjúkrahúsið Vog**. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Staðan er laus nú þegar eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Pátttaka í daglegri lækniþjónustu á Sjúkrahúsinu Vog og öðrum starfsstöðum SÁÁ. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga og þverfaglega samvinnu.

Hæfniskröfur

- Hafa lokið kandídatári og hafa almennt lækningaleyfi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á saa@saa.is

Nánari upplýsingar veitir

Þórarinn Tyrfingsson, forstjóri
s. 8247600, netfang: thorarinn@saa.is



VILTU TAKA FLUGIÐ?

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA MÓTTÖKURITARA. VINNUTÍMI KL. 9:00 – 17:00 VIRKA DAGA.

► **MÓTTÖKURITARI** • Umsóknarfrestur er til 7. nóvember 2016

STARFIÐ

- Móttaka viðskiptavina og gesta.
- Símsvörun, ljósritun, skjalavarsla.
- Umsjón með kaffistofu og fundaraðstöðu.
- Umsjón með rekstrarvörulager fyrir skrifstofur, pantanir og frágangur.
- Afgreiðsla og pöntun einkennis- og vinnufatnaðar.
- Undirbúningur funda og námskeiða auk annarra tilfallandi verkefna.

HÆFNISKRÖFUR

- Jákvæðni, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulaghæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og samvirkusemi.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Haldbær reynsla af skrifstofustörfum.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA HLAÐMANN TIL STARFA Í REYKJAVÍK. VAKTAVINNA.

► **HLAÐMAÐUR** • Umsóknarfrestur er til 7. nóvember 2016

STARFIÐ

- Flugvélar á fluglaði
- Hleðslu og afhleðslu
- Vörusendingar og farangur
- Áfyllingu vista
- Drátt flugvéla

HÆFNISKRÖFUR

- Jákvæð og rík þjónustulund
- Bílpróf
- Vinnuvélaréttindi
- Góð íslenskukunnátta
- Árvekni og sjálfstæði í starfi
- Góð samskiptahæfni og reglusemi

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA TÆKNIRITARA/ÖRYGGISFULLTRÚA Á TÆKNISVIÐ (TECHNICAL WRITER AND TECHNICAL SAFETY OFFICER FOR PART 145 AND CAMO OPERATIONS)

► **TÆKNIRITARI/ÖRYGGISFULLTRÚI** • Umsóknarfrestur er til 10. nóvember 2016

STARFIÐ

- Viðhalda tæknihandbókum Framleiðslu og Skipulagssviðs (CAME) í samræmi við reglugerðir EASA og upplýsingar frá ICETRA.
- Yfirfara reglugerðir vegna þjálfunar (Part 66) fyrir Framleiðslu og Skipulagssvið og innleiða í tæknihandbækur og önnur gögn.
- Stýra og viðhalda upplýsingum í öryggiskerfi félagsins. Safna saman, greina, leitnigreina, og rannsaka atvik.
- Halda reglulega öryggisfundi í samræmi við gæðahandbók félagsins.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi, jákvæðni og góð samskiptahæfni, sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og heiðarleiki, mjög góð enskukunnátta og ritfærni, mjög góð þekking á reglugerðum tengdu flugi og framkvæmd þeirra nauðsyn, marktæk reynsla af sambærilegum störfum.



Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Rannsóknamaður sjórannsóknir	Hafrannsóknastofnun	Reykjavík	201610/1401
Umsjónarmaður fasteigna	Forsætisráðuneyti	Reykjavík	201610/1400
Sérfræðingur	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201610/1399
Heilbrigðisstarfsmaður	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201610/1398
Sérfræðingur á upplýsingatæknid.	Tollstjóri	Reykjavík	201610/1397
Löglærður aðstoðarm. dómara	Héraðsdómur Reykjavíkur	Reykjavík	201610/1396
Starfskraftur við skólabú	Háskólinn á Hólum	Skagafjörður	201610/1395
Verkefnisstjóri	Embætti landlæknis	Reykjavík	201610/1394
Starfsm., deild rafrænnar þjónustu	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201610/1393
Sviðsstjóri miðlunarsviðs	Menntamálastofnun	Reykjavík	201610/1392
Sérfræðingur	Menntamálastofnun	Reykjavík	201610/1391
Móttökuritari	Kærunefnd útlendingamála	Reykjavík	201610/1390
Aðstoðarmaður í heilsugæslu	Heilsugæslan Mjódd	Reykjavík	201610/1389
Helgarstarfsmaður	Barnaverndarstofa, Stuðlar	Reykjavík	201610/1388
Sérfræðingur	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201610/1387
Starf í matar- og veitingaþjónustu	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201610/1386
Almennur læknir	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201610/1385
Hjúkrunardeildarstjóri	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi	201610/1384
Framhaldsskólakennari, saga	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201610/1383
Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201610/1382
Sjúkraþjálfarar	Landspítali, sjúkraþjálfun	Reykjavík	201610/1381
Framhaldsskólakennari, enska	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201610/1380
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, bráðateymi geðsviðs	Reykjavík	201610/1379
Deildarlæknir	Landspítali, bráðateymi geðsviðs	Reykjavík	201610/1378
Sérfræðilæknir	Landspítali, bráðateymi geðsviðs	Reykjavík	201610/1377
Vélamaður	Vegagerðin, Fellabær	Egilsstaðir	201610/1376
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, hjartagátt við Hringbraut	Reykjavík	201610/1375
Sjúkraliði	Landspítali, hjarta/lungna/augnskurð.	Reykjavík	201610/1374
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, Barnaspítali Hringins	Reykjavík	201610/1373
Innheimtustjóri og svæðisfulltrúi	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hvammstangi	201610/1372
Sérnámsstöður í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201610/1371

Starfsfólk óskast!

Við auglýsum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í vaktavinnu.

Við leitum að einstaklingum sem:

- hafa framúrskarandi þjónustulund.
- eru stundvísir og reglusamir.
- geta unnið undir álagi.
- eru færir í mannlegum samskiptum.
- hafa náð 18 ára aldri.

Reynsla af öðrum þjónustustörfum er mikill kostur.

Áhugasamir sendi umsókn, mynd og ferilskrá á starf@10-11.is.



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



Við byggjum upp fjármálatæknifyrirtæki.

Okkur finnst að bankastarfsemi eigi að vera einfaldari, sveigjanlegri, bjóða upp á fleiri valmöguleika og umfram allt gera líf allra þægilegra. Þess vegna viljum við búa til valkosti til viðbótar við hefðbundna bankastarfsemi. Móberg er stærsta fjármálatæknifyrirtæki Íslands sem þróar úrval sérhannaðra fjármálalausna sem henta breiðum hópi viðskiptavina.

Framkvæmdastjóri Móbergs á Íslandi

Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða uppbyggingu félagsins innanlands sem utan, aðila sem leggur sig allan fram í starfi, elskar starfið og langar að takast á við stóru aðilana á markaðinum. Vinnusemi og ástríða eru jafnstór þáttur í fyrirtækjamenningunni og góður starfsandi.

Ábyrgð

- » Dagleg stjórnun og umsjón með rekstrareiningum á Íslandi og erlendis.
- » Fagleg ábyrgð á starfsemi.
- » Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð.
- » Framkvæmd og eftirfylgni rekstrar- og fjárhagsáætlana.

Þekking og reynsla

- » Öflugur leiðtogi með metnað til að ná árangri í starfi.
- » Að lágmarki 5 ára reynsla úr rekstri fyrirtækja.
- » Gott tengslanet innanlands.
- » Gott tengslanet erlendis kostur.
- » Menntun sem nýtist í starfi.
- » Getur starfað í krefjandi og árangursdrifnu umhverfi.
- » Hæfileiki til að hlusta, greina og rökstyðja.
- » Frábær færni í íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli.
- » Tekur starf sitt alvarlega en sjálfan sig ekki of hátíðlega.

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember en umsóknir ásamt kynningarbréfi skal senda á job@moberg.is

Frekari upplýsingar gefur Skorri Rafn Rafnsson, forstjóri Móbergs: skorri@moberg.is, s: 616 9922

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



TANNTÆKNIR

Laust er til umsóknar starf tanntæknis á Tannlæknastofu Sigríðar Rósu ehf. á Réttarholtsvegi 3. Um er að ræða 50% stöðu.

Áhugasamir sendi umsóknir á box@frett.is: merktar „Tennur 2016“.

Umsóknafrestur er til 7. nóvember

BÍLAVERKSTÆÐI TIL SÖLU

Sérútbúið verkstæði fyrir trukka, sendiferðabíla og alla stærri bíla - til sölu.

Verkstæðið er vel útbúið með fullbúni smurstöð og í góðum rekstri.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórhallur í síma: 777 1666 eða í
tölvupósti: thormehf@gmail.com

ÚTBOÐ

DETTIFOSS - SNYRTIADSTAÐA ÚTBOÐ NR. 20446

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn við Dettifoss, alls 118,1 m². Húsið er staðsett við aðkomu ferðamanna að bílastæði nálægt Dettifossi vestan Jökulsár á fjöllum. Húsið er timburhús á steiptum sökklum og steyptri plötu.

Helstu magnþölur eru:

Mótaletir	253 m ²
Steinsteypa	35 m ³
Þakflötur	183 m ²
Timburgrind útveggja	119 m ²
Léttir innveggir	95 m ²

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst 2017. Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá og með þriðjudeginum 1. nóvember n.k.. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 24. nóvember kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Garðaskóli

- Stuðningsfulltrúi

Holtakot

- Leikskólakennari

Ísafold

- Hjúkrunarfræðingur á næturvaktir

Jónshús

- Hlutastarf í dagvinnu – tveir dagar í viku

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.

GARÐABÆ 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARÐABAER.IS

ÚTBOÐ

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Breytingar - Útboð 20445

Ríkiseignir óska eftir tilboðum í útanhússframkvæmdir fyrir Heilbrigðisstofnun suðurlands, Selfossi. Breytingar á móttökusvæði í anddyri. Móttaka stækkuð og rými stúkuð af. Endurnýja innréttingar í móttöku og bakvinnslusvæði. Upphækkun hluta gólfs. Endurgerð eldhúss, flutningur matsalar í hluta núverandi eldhúss. Endurgerð rannsóknarstofu, röntgenrýmis og myndgreiningar. Fjarlægja klæðningu af útvegg, stækkun glugga í núverandi útvegg. Viðgerð á steiptum útvegg. Fjarlægja innréttingar, hurðir og karma, hlaðna innveggi loftklæðningar og gólfefni. Hlaðnir innveggir eru fjarlægðir og aðrir settir upp - hlaðnir- og gífsveggir. Gólfefni endurnýjað. Uppsetning kerfislofta. Málun, smíði og uppsetning innihurða og innréttinga. Raflagnir, vatns-, hita- og loftræsilaðnar verða endurnýjaðar.

Verktími hefst 4. janúar 2017 og því skal vera að fullu lokið eigi síðar en 4. september 2017.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 á skrifstofu Ríkiskaupa, frá og með **mánudeginum 31. október 2016**.

11:20 Sunderland - Arsenal

13:50 Man. United - Burnley

16:20 Crystal Palace - Liverpool

Sunnudaginn 30. okt

15:50 Southampton - Chelsea



Rúnar Þór,
Rúnar Vilbergs,
Björgvin Gísla
og Siggí Árna
spila í kvöld.

Allir velkomnir



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilægur klæðnaður áskilinn



Lota er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði við Guðrúðarstíg 2-4. MYND/GVA



Hjá Lotu starfar samhentur hópur starfsmanna. Lögð er áhersla á að fólki Lotu líði vel og starfsandi sé góður.

Öflugt þekkingarfyrirtæki með jákvæðar áherslur

Lota varð til á síðasta ári við sameiningu tveggja rótgróinna fyrirtækja, Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar (VJI) sem starfað hefur frá 1960, og VSI, öryggishönnunar og ráðgjafar, sem á sér farsæla sögu. Við sameiningu varð til öflugt þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í verkfræði-, öryggis- og rekstrarráðgjöf ásamt verkefnastjórnun, áfram er lögð áhersla á persónulega og snarpa þjónustu og stuttar boðleiðir.

Fimm hressilegir menn taka á móti blaðamanni í nýjum húsakynnum Lotu við Guðrúðarstíg 2-4 í Grafarholti. „Við erum mjög ánægð með húsnæðið og staðsetninguna, hún liggur vel við umferð,“ segir Magnús Kristbergsson framkvæmdastjóri og kynnir um leið hina viðmælendurna, þá Eymund Sigurðsson, sviðsstjóra orkusviðs, Kristín Eiríksson, sviðsstjóra mannvirkjaskviðs, Steinþór Óla Hilmarsson, sviðsstjóra stýrisviðs, og Jakob Kristjánsson, sviðsstjóra öryggisviðs.

Mikill styrkur í sameiningu

„Jakob var áður framkvæmdastjóri VSI,“ bendir Magnús á og Jakob upplýsir að VSI hafi verið þekkt fyrir faglega og óháða ráðgjöf í öryggismálum í víðasta skilningi þess orðs. „VJI sérhæfði sig á hinn bóginn í verkfræði- og rekstrarráðgjöf, þá aðallega í rafmagns- og orkumálum,“ segir Kristinn.

Þessi tvö fyrirtæki sameinuðust í eitt á síðasta ári. „Markmiðið með sameiningu fyrirtækjanna var að veita viðskiptavinum aðgang að breiðari þekkingu og allri almennri verkfræðiþjónustu á einum stað,“ segir Eymundur. Steinþór áréttir að þrátt fyrir að fyrirtækið sé nú mun stærra en fyrir sameiningu verði áfram haldið í ákveðin einkenni minni fyrirtækja. „Við viljum byggja á einföldum boðskiptum, stuttum svartíma og persónulegri þjónustu,“ segir hann.

Fjöldmörg stór verkefni

Með allan þann bakgrunn og reynslu sem kemur saman í Lotu, hafa viðfangsefnið verið fjölbreytt

og krefjandi og þar kemur styrkur fyrirtækisins berlega í ljós.

Þeir nefna nokkur af stórum spennandi verkefnum sem Lota hefur komið að undanfarið.

„Þar má nefna nýja Landspítalann en starfsmenn frá okkur eru í CORPUS hópnum sem hannar meðferðarkjarnann við Hringbraut. Þetta er mjög metnaðarfullt verkefni og við sjáum um tvö verk-svið. Annars vegar hönnun á öllu rafkerfi spítalans og hins vegar sjáum við um brunahönnun,“ segir Magnús.

Áskoranir í þessu verkefni eru margar, meðal annars að tvíanna saman fjöldmörg tæknikerfi sem þurfa að vera nútímaleg árið 2023 þegar áætlað er að spítalinn fari í rekstur og þau standist tímanum næstu 10-15 árin. „Þarna þarf líka að virkja starfsfólk spítalans til að horfa með okkur fram á við,“ segir Steinþór.

Lota hefur einnig starfað við hönnun og byggingu gagnavera. „Við sjáum þá um allt ferlið, allt frá undirbúningi og þróunarvinnu, þar til sett er í gang,“ segir Eymundur og tekur fram að verkefnið í kringum gagnaverin taki á öllum þáttum verkfræðinnar. Kristinn bendir á að afar áriðandi sé að hafa boðleiðir stuttar og verkferla innanhúss skýra í slíkum verkefnum.

Magnús nefnir fleiri verkefni sem Lota hefur komið að. „Við höfum unnið með fiskvinnslufyrirtækjum, orkufyrirtækjum, fjármálafyrirtækjum, arkitektum, byggingafyrirtækjum, opinberum stofnunum og í raun aðilum á flest-öllum sviðum samfélagsins.“

Öryggisviðið hefur komið að fjöldmörgum verkefnum á sviði öryggismála í gegnum árin, allt frá



F.v. eru þeir Kristinn Eiríksson, sviðsstjóri mannvirkjaskviðs, Jakob Kristjánsson, sviðsstjóri öryggisviðs, Magnús Kristbergsson, framkvæmdastjóri Lotu, og Eymundur Sigurðsson, sviðsstjóri orkusviðs. Á myndina vantar Steinþór Óla Hilmarsson, sviðsstjóra stýrisviðs. MYND/GVA

Þó við höfum stækkað leggjum við enn áherslu á að halda einkennum og andrúmslofti minni fyrirtækja.

ráðgjöf varðandi einstök öryggismál upp í heildarúttektir á öryggismálum fyrirtækja og stofnana og brunahönnun bygginga, segir Jakob.

Fagþekking og framþróun

Hugbúnaði á sviði verkfræðinnar hefur fleygt fram undanfarin ár

og hjá Lotu er lögð rík áhersla á að fylgja þeirri framþróun. „Innan okkar raða stöndum við mjög vel þegar kemur að fagþekkingu og hagnýtingu þeirra forrita sem notuð eru í greininni. Þessi kunnátta sparar oft flókna vinnu sem áður tók langan tíma eða var jafnvel ekki möguleg. Við erum að tala um marglaga teikningar, gerð hermi- og þrívíddarlíkana, reiknilíkon og margt fleira,“ segir Magnús.

Jakob tekur sem dæmi að öryggisviðið noti brunaherminni við störf sín. „Með honum getum við skoðað hvernig eldur hagar sér í tilteknum rýmum og hvernig reykur dreifist. Þannig getum við gert ráðstafanir um hvernig best sé að

koma reyk úr húsi. Þá er annar hugbúnaður sem snýr að rýmingu. Þar getum við séð hvernig best sé að standa að rýmingu miðað við húsnæði og starfsemi sem í því er,“ segir hann.

Eymundur tekur svo dæmi um hugbúnað sem getur hermt eftir dreifikerfum raforku. Slíkt komi sér vel í starfi þeirra fyrir orkufyrirtæki.

Kristinn bætir við að kröfur viðskiptavina um framsetningu séu einnig að aukast. „Menn vilja fá teikningar í þrívídd og sjá nákvæmlega hvernig hlutirnir muni líta út.“

Góður starfsandi í samhentum hópi

Við sitjum í einu fundarherbergjanna á skrifstofum Lotu sem eru bæði bjartar og rúmgóðar. „Við leggjum áherslu á að fólki líði vel, starfsandi sé góður og gaman sé í vinnunni,“ segir Eymundur og bætir við að hjá Lotu starfi samhentur hópur fólks með víðtæka menntun og þekkingu.

„Við erum að nálgast sextíu manns, en þó við höfum stækkað umtalsvert leggjum við enn áherslu á það innanhúss að halda einkennum og andrúmslofti minni fyrirtækja. Það þýðir að viðskiptavinir okkar fá áfram jákvætt og persónulegt viðmót með greiðari aðgangi að lausnunum. Við viljum alls ekki verða þunglamalegt fyrirtæki. Við viljum geta brugðist skjótt við og unnið verkin hratt og vel,“ segir Magnús.

Eftir gott kaffi og fróðlegt spjall kvaddi blaðamaður þá félag, margs fróðari um tilgang og ásetningu Lotu, þessa spennandi fyrirtækis sem á bjarta framtíð.

Tækifæri í hönnun ferðamannastaða

Arkitektafélag Íslands og Félag íslenskra landslagsarkitekta standa fyrir málþingi um ferðamannastaði 10. nóvember. Örn Þór Halldórsson, arkitekt og verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjallar um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.

„Það hafa ekki áður verið gerðar langtímaáætlanir varðandi uppbyggingu innviða í ferðabjónustunni með áherslu á verndun náttúru og á menningarsögulegar minjar,“ segir Örn Þór Halldórsson, arkitekt og verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en hann verður meðal fyrirlesara á málþingi um ferðamannastaði sem Arkitektafélag Íslands og Félag íslenskra landslagsarkitekta standa fyrir þann 10. nóvember.

Örn fjallar um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn og segir að tala megi um hrun í náttúruvernd á Íslandi vegna ágangs.

„Ég mun tala um tækifæri fyrir arkitekta, landslagarkitekta og hönnuði til þess að taka þátt í að móta uppbyggingarverkefni þar sem virkilega þarf að vanda sig gagnvart náttúrunni og hugsa til framtíðar. Við erum ekki komin enn á þann stað að hreinlega geta það því það er ákveðið hrun í náttúruvernd á Íslandi vegna ágangs. Það má segja að við við séum í sömu stöðu gagnvart náttúrunni núna og Íslendingar voru fyrst eftir fjármálahrunið, við erum að slökkva elda,“ segir Örn. „Það hefur orðið gífurleg sprenging í



Örn Þór Halldórsson, arkitekt og verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjallar um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn á málþinginu þann 10. nóvember. MYND/GVA

„Ég er ekki að segja að menn eigi að vera eins og Guðjón Samúelsson en þarna felast tækifæri til þess að rækta staðbundinn arkitektúr.“ Örn Þór Halldórsson

fjölda ferðamanna hingað til lands, svo mikil að þeir litlu innviðir sem þó voru til staðar hafa sprungið.“

Örn segir að skilgreina þurfi betur einstök ferðamannasvæði og ferðamannaleiðir. Sveitarfélög og stofnanir þurfi að bretta upp ermar. Horfa megi til þjóðgarða, friðlanda og jarðvanga þegar kemur að útfærslum verkefna.

„Við fáum mjög vel undirbúin verkefni þar sem eru þjóðgarðar, friðlönd og jarðvangar. Við viljum því hvetja til þess að stofnað sé til fleiri svona heilda. Þó kaos geti verið sjarmerandi verður miklu meiri fagmennska þegar svæði eru skilgreind. Það eru nokkur stór verkefni að fara í gang eins og við Geysi, Gullfoss og í Landmanna-

laugum. Á málþinginu ætla ég að fabúlura um tækifæri fyrir arkitekta og skipulagsfræðinga til að koma inn í slík verkefni á ákveðnum tímamarki. Það er hægt að gera marga staði sem ekki láta mikið yfir sér í dag stórkostlega, en það er líka hægt að eyðileggja þá með ofhönnun eða þrjá,“ segir Örn og vill meina að nú sé lag að efla staðbundinn arkitektúr.

„Við erum að flytja inn þekkingu, eðlilega, og arkitektar sækja innblástur í erlend blöð og Pinterest en það á ekki alltaf við. Það er ekki hægt að notast við ítalska flísabæklinga hér þar sem veðurastæður eru sérstakar. Mér finnst persónulega mjög spennandi að það er kominn nýr notendahópur, ferðamenn, sem sækir í upplifun og er ekki ginnkeyptur fyrir til dæmis húsnæði sem er endurgerð af einhverju sem þeir upplifa hvort sem er í sínu heimalandi. Ég er ekki að segja að menn eigi að vera eins og Guðjón Samúelsson en þarna felast tækifæri til þess að rækta staðbundinn arkitektúr. Ferðamenn vilja sjá eitthvað „ekta“.

Málþingið fer fram í sal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, þann 10. nóvember.

Fjölbreytt og spennandi starf

Sandra Dís Dagbjartsdóttir byggingarverkfræðingur starfar á verkefnastjórnunarsviði VSÓ Ráðgjafar. Hún segir fjölbreytileikann það besta við starf sitt en Sandra vinnur að mörgum ólíkum verkefnum, meðal annars nýja Landspítalanum og tengivirki í Vestmannaeyjum.

„Ég kláraði byggingartæknifræði frá HR og fór í framhaldi af því í meistaranám í byggingarverkfræði í HR með sérsvið í framkvæmdastjórnun,“ segir Sandra Dís sem vann meðfram skóla hjá verktafyrirtæki en hefur unnið hjá VSÓ Ráðgjöf frá árinu 2012 og líkar mjög vel. „VSÓ Ráðgjöf er rótgróin verkfræðistofa enda var hún stofnuð árið 1958 og er hún alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki.

Skemmtileg verkefni

Sandra starfar á verkefnastjórnunarsviði hjá VSÓ Ráðgjöf og sinnir þar mjög fjölbreyttum verkefnum. „Öll verkefni eru áhuga-verð á sinn hátt. Meðal þess sem er skemmtilegt er að maður getur upplifað ólík stig í verkferlinu, allt frá hönnunarferli og yfir í að sjá mannvirki rísa og vera tekin í notkun.“

Sjálf segist Sandra hingað til hafa unnið meira á framkvæmdaendanum en hafi undanfarið færst meira yfir í hönnunarferlið sem henni þykir góð áskorun. Hún nefnir nokkur af þeim verkefnum sem hún hefur unnið að undanfarið.

„Ég sinni til dæmis verkefntilriti vegna tengivirkis HS Veitna í Vestmannaeyjum. Það þýðir að ég flýg þangað einu sinni í viku og sinni

Öll verkefni eru áhuga-verð á sinn hátt. Meðal þess sem er skemmtilegt er að maður getur upplifað ólík stig í verkferlinu, allt frá hönnunarferli og yfir í að sjá mannvirki rísa og vera tekin í notkun.

Sandra Dís Dagbjartsdóttir

framkvæmdaefntilriti, það er að segja bæði framvinduettilriti og gæðaeftirliti. Ég held verkfundi um stöðu verksins og fer síðan í úttekktir. Þá passa ég að allt komi heim og saman við teikningar og verklýsingar. Reglulega koma svo upp vandamál sem þarf að leysa úr.

Sandra er einnig í verkefnastjórnun fyrir nýja Landspítalanum við Hringbraut. „Við erum hluti af CORPUS hópnum sem sér um að hanna meðferðarkjarnann. Þetta er rosalega stórt og flott verkefni en að sama skapi flókið.“

Af öðrum verkefnum Söndru má nefna nýjan skóla í Mosfellsbæ sem er enn á hönnunarstigi, ýmis þróunarverkefni og útboð fyrir



Sandra Dís Dagbjartsdóttir byggingarverkfræðingur starfar við mörg ólík en skemmtileg verkefni hjá VSÓ Ráðgjöf. MYND/GVA

Strætó í Reykjanesbæ. „Þessi fjölbreytileiki er það sem gerir starf mitt mjög skemmtilegt.“

Góður andi á VSÓ

Sandra segir mjög gott að vinna hjá VSÓ. „Þetta er mjög fjölskyldu-

vænn vinnustaður og mikið lagt upp úr fjölskyldugildum og því að starfsfólki líði vel. Það er mjög gott þegar maður á tveggja ára barn,“ segir hún glaðlega.

Hún segir starfsandann einnig mjög góðan. „Samstarfsfólk mitt

er fjölbreytt og stjórnendur vinna meðvitað að því að jafna kynjahlutfall og hafa sem mestan fjölbreytileika í aldri,“ segir Sandra og telur að þetta skili sér vel enda sé lítil hreyfing á fólki af því að langflestum líði vel í sínu starfi.

Fleira gott fólk


VSÓ er að leita að góðu fólki til starfa. Erum við kannski að leita að þér?

www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF



Landmótun hefur komið að hönnun smábátahafna fyrir Fjarðabyggð. Þar hefur áhersla verið lögð á að gera vistlegt umhverfi fyrir þá sem nota hafnirnar sem vinnusvæði en einnig betra aðgengi og dvalarmöguleika fyrir almenning. Mynd tekin á Fáskrúðsfirði. MYND/LANDMÓTUN



Útsýnispallur við Svartafoss í Skaftafelli. Pallurinn er innan í stuðlabergsskálinni, rétt við fossinn. Aðgengi fyrir vélar að fossinum er erfitt og var pallurinn smíðaður á verkstæði og fluttur með þyrlu á endanlegan stað. MYND/GUÐRÚN RAGNA

Vönduð hönnun mannvirkja er þáttur í sjálfbærri ferðapjónustu

Hjá **Landmótun** er lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð og fylgir stofan vottaðri umhverfisstefnu.

Undanfarið hefur starfsfólk Landmótunar unnið að mörgum verkefnum tengdum uppbyggingu ferðamannastaða.

Landmótun er teiknistofa landslagsarkitekta stofnuð 1994 og veitir alhliða ráðgjöf á skipulags- og hönnunarsviði. Á stofunni eru í augnablikinu 14 starfsmenn, landslagsarkitekta, skipulagsfræðingar, land- og stjórnsýslufræðingur og borgarhönnuður. Landmótun er með aðsetur í Kópavogi en einnig er starfsmaður staðsettur á Akureyri. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð og umhverfisstefnu í anda sjálfbærrar þróunar og fylgir stofan vottaðri umhverfisstefnu. Framkvæmd umhverfisstefnunnar er liður í daglegu starfi fyrirtækisins til að draga úr álagi á náttúru og vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Grænt umhverfi hefur jákvæð áhrif

„Hér á Landmótun er unnið nokkuð jafnt á tveimur sviðum; skipulagi og hönnun, auk þess sem stofan hefur tekið þátt í fjölmörgum samkeppnum og margoft unnið til verðlauna. Verkefni eru gjarnan þess eðlis að unnið er í þverfaglegum teymum og leggur stofan metnað í gott samstarf við aðra sérfræðinga, hagsmunaaðila og verkkaupa,“ segir Margrét Ólafsdóttir, land- og stjórnsýslufræðingur hjá Landmótun. Þórhildur Þórhallsdóttir landslagsarkitekt bætir því við að þannig fái stjórnarmíð inn í hönnunarferlið sem skili sér í lausnum sem eru til hagsbóta fyrir umhverfið og fólkið sem lifir í því. „Grænt umhverfi hefur jákvæð áhrif á andlega líðan fólks og hversdagsumhverfi okkar er að meira eða minna leyti mótað, þótt við gefum því kannski ekki gaum dags daglega. Við lítum á það sem forréttindi að fá að vera með í að móta umhverfið okkar allra, gera það betra, vistlegra og fallegra og þar með stuðla að bættem lífsgæðum og betri lýðheilsu.“

Fjölbreytt verkefni

Starfsfólk Landmótunar vinnur verkefni um allt land en dæmi um verkefni sem eru á stofunni um þessar mundir eru aðalskipulag Garðabæjar, hverfaskipulag



Landmótun sér um lóðarhönnun við nýja miðstöð skóla, menningar og íþróttarást í Úlfarsárdal í Reykjavík. Fyrsti áfangi opnaði haust 2016. MYND/LANDMÓTUN

Breiðholts, deiliskipulag íbúðabyggðar og varnarmannvirkja í Vesturbyggð, mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa virkjana og aðlögun ofanflóðaframkvæmda eins og snjóflóðagarða. Einnig endurbætur á götum í miðborg Reykjavíkur, uppbygging hjólastíga, hönnun á vinsælum útivistarsvæðum, endurbætur á lóðum leik- og grunnskóla víða um landið ásamt uppbyggingu nýs skóla og menningarmiðstöðvar í Úlfarsárdal.

„Undanfarið ár hafa verið að koma inn til okkar verkefni tengd uppbyggingu ferðamannastaða. Við erum meðal annars að vinna verkefni við Geysi, Brimketil á Reykjanesi, Látrabjarg, Keríð, Landmannalaugar og innan Vatna-

jökulspjóðgarðs. Á ferðamannastöðum er oft bæði unnið að deiliskipulagi fyrir svæðin og síðar hönnun á einstökum mannvirkjum,“ útskýrir Margrét.

Með fjölgun ferðamanna á landinu, bæði að sumri til en nú einnig að vetrarlagi, eru margir staðir farnir að láta á sjá að sögn Þórhildar. „Ferðamannastaðir eru oftast einstakir hvað varðar náttúru eða sögu og geta því verið viðkvæmir fyrir uppbyggingu. Heildstætt skipulag er því mikilvægt til að dreifa álagi á fjölsóttum stöðum, skapa tækifæri fyrir nýja áningarstaði og gefa kost á nýrri upplifun, að móta og þannig auka upplifun af svæðinu.“ Margrét tekur undir þetta og segir helstu markmiðin í skipulagsvinnu og hönnun



Margrét Ólafsdóttir, land- og stjórnsýslufræðingur, og Þórhildur Þórhallsdóttir landslagsarkitekt segja að starfsfólki Landmótunar þyki spennandi að taka þátt í þeirri frumkvöðlavinnu sem á sér stað í uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi. MYND/ERNIR

ferðamannastaða vera að draga úr álagi af völdum ferðamanna en um leið að bæta þjónustu við ferðamenn og tryggja öryggi þeirra ásamt því að styrkja ímynd staðanna sem oft eru stórbrotin náttúrusvæði. „Það er til dæmis gert með því að færa mannvirki frá viðkvæmum stöðum, stýra betur umferð bíla og gangandi vegfarenda og útbúa áningarstaði.“


Spennandi frumkvöðlastar

Í Landmannalaugum er Landmótun að vinna deiliskipulag sem unnið er á grundvelli vinnings-tillögu hugmyndasamkeppi þar sem Landmótun ásamt fleirum vann til fyrstu verðlauna. Í því ferli var skipaður samráðshópur sem samanstendur af fulltrúum frá Rangárþingi ytra, Samtökum ferðapjónustunnar, Umhverfisstofnun, Ferðafélagi Íslands, forsætisráðuneytinu og ráðgjöfum. „Hópurinn hefur hist reglulega og rætt málið þar til sátt var í hópnum um niðurstöðuna. Það er áhugavert að fá svona marga hagsmunaaðila að borðinu strax í upphafi skipulagsvinnu og er það von okkar að það skili sér í betra

skipulagi og góðum grunni fyrir hönnun síðar meir,“ lýsir Margrét.

Vönduð hönnun mannvirkja er mikilvægur þáttur í sjálfbærri ferðapjónustu að sögn Þórhildar. Hún segir mannvirki þurfa að skapa víðeigandi aðstöðu án þess að skerða gæði staðanna. „Útsýnispallar eru í eðli sínu inngríp í náttúruleg svæði og þar af leiðandi er hönnun þeirra vandmeðfarin. Sem dæmi má taka útsýnispalla við Svartafoss og Dettifoss fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Markmiðið er að stýra umferð um svæðið og stuðla að minni ágangi á umhverfið en einnig að bæta upplifun gesta og gera veru þeirra á staðnum þægilegri. Áhersla er lögð á að nota vönduð og endingargóð efni og eru pallarnir að hluta til klæddir með lerki úr íslenskum skógum.“

Okkur á Landmótun þykir spennandi að taka þátt í þeirri frumkvöðlavinnu sem á sér stað í uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi. Við erum bjartsýn á að uppbygging og náttúrvernd geti farið saman ef unnið er heildarskipulag í samráði við hluteigandi aðila.“



Árleg hönnunarkeppni

Hönnunarkeppni verkfræðinema Háskóla Íslands fór fyrst fram árið 1991 og hefur verið haldin árlega síðan. Það eru nemendur og kennarar í verkfræðideild Háskóla Íslands sem standa saman að keppninni sem árlega hefur skilað spennandi og skemmtilegri keppni sem bæði nýtur vinsælda innan háskólasamfélagsins og utan þess. Markmið keppinnar er að hanna farartæki sem farið getur yfir braut og leyst ýmsar þrautir á leið sinni að endastöð.

Síðasta keppni var haldin í febrúar á þessu ári. Þar bar liðið Hal sigur úr bítum en keppnin fór að þessu sinni fram í Silfurbergi í Hörpu og var, eins og undanfarin ár, hluti af UT-Messunni. Yfirleitt taka um 10-12 lið þátt og er til mikils að vinna fyrir keppendur því sigurvegarinn hlýtur 400 þúsund krónur í verðlaun frá Marel auk þess sem Nýherji veitir sérstök verðlaun fyrir bestu og frumlegustu hönnun í keppninni. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í keppninni. Næsta hönnunarkeppni verkfræðinema verður haldin 4. febrúar á næsta ári á sama tíma og UT-messan fer fram.



Egill Sæbjörnsson listamaður.

Bygging sem vera og borgin sem svið

Myndlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson verður í listamannaspjalli í Hafnarborg á sunnudaginn klukkan 14. Þar ræðir hann við gesti um sýninguna Bygging sem vera og borgin sem svið, nýja innsetningu í aðalsal Hafnarborgar.

Sýningin fjallar meðal annars um borgarskipulag og mikilvægi töfra í umhverfi okkar. Frummyndir verkanna eru að hluta sóttar í Bakarí, viðburð sem haldinn var í Hafnarborg í vor sem leið. Þar var almennungi boðið að móta byggingarlist í deig sem síðan var bakað. Þau verk hafa nú verið stækkuð upp og skapa nýtt og framandi umhverfi í aðalsal Hafnarborgar.

Egill stundaði myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Parísarháskóla, St. Denis, á árunum 1993-1997. Egill hefur verið búsettur og starfað við myndlist í Berlín og Reykjavík frá 1999 og hefur haldið fjölda einka- og samsýninga á Íslandi og erlendis. Egill verður fulltrúi Íslands á næsta Feneyjatvíæringi sem haldinn verður árið 2017.

EITT AF UNDRUM VERALDAR

Golden Gate-brúnni í San Francisco í Bandaríkjunum hefur verið lýst sem einu af undrum veraldar okkar tíma af Félagi byggingaverkfræðinga Bandaríkjanna en henni var áður lýst sem „brúnni sem ekki væri hægt að byggja“. Brúin, sem er ein sú þekktasta í heimi, er 2,7 kílómetrar að lengd og 27 metrar á breidd. Hún var opnuð árið 1937 eftir fjögurra ára baráttu smíða hennar gegn miskunnarlausum vindum, þöku, stórgrýti og varasömum sjávarföllum.

Turnarnir tveir sem brúin stendur á eru tæpir 230 metrar á hæð og voru á sínum tíma hærri en allar aðrar byggingar í San Francisco. Þyngd brúarinnar hvílir á tveimur strengjum sem er hvor um sig samsettur úr 27.572 vírum sem eru samtals 130 þúsund kílómetrar að lengd. Í brúnni eru um 1,2 milljarðar hnoðnagla.

Ástæðan fyrir því að brúin var máluð í sínum þekta appelsínuraða lit var að þannig sáu skipstjórar skipa sem fóru um flóann hana betur og hún fellur þannig vel inn í landslagið í kring.



ÁRANGUR Í VERKI

www.mannvit.is



Öll verkfræðiráðgjöf og verkefnastjórnun á einum stað

Mannvit kappkostar að auka arðsemi verkefna með þverfaglegri þjónustu á öllum verkstigum. Þannig má draga úr kostnaði, spara tíma og halda áætlan. Mannvit rekur 9 starfsstöðvar víðsvegar

um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við þjónustu á sviði verkfræði, jarðvísinda, umhverfismála, upplýsingatækni, byggingarefnarannsóknna og verkefnastjórnunar.



MANNVIT

HELGARSTEIKIN Á FLOTTU TILBOÐSVERÐI



GOÐA HRYGGUR
FROSINN

Verð aðeins

1.699

Verð áður
1.999 kr. kg

Kr. kg.

GOÐI

SS LÆRI
FROSID

Verð aðeins

1.199


Kr. kg.

NAUTALUNDIR
ERLENDAR

Verð aðeins

3.999

Kr. kg.



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Á LEIKVANGINUM

Góður

bara ekki nógu góður

Daniel Sturridge sýndi bæði góða og slæma takta gegn Tottenham. Hann er orðinn varaskeifa í Liverpool og spurning hvort hann færi sig um set í janúar.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Daniel Sturridge, framherji Liverpool, skoraði tvö mörk gegn Tottenham í deildabikarnum í vikunni. Hann setti þar með mikla pressu á Jürgen Klopp, knattspyrnu- stjóra félagsins, að velja hann í byrjunarliðið enda búinn að skora fjögur mörk í tveimur deildabikarleikjum. Ef leikurinn er hins vegar skoðaður nánar sést eiginlega af hverju Klopp velur hann ekki í byrjunarliðið en Sturridge hefur aðeins byrjað fjóra leiki í deildinni.

Þó að Sturridge hafi vissulega skorað tvö mörk þá klúðraði hann á ævintýrlegan máta og átti eitt versta skot í sögu deildabikarsins. Þó að Klopp hafi hrósað honum eftir leikinn þá er alveg ljóst að hann er ekki hrifinn af vinnuframlagi hans. Og ef Liverpool-ferill Sturridge fer í vaskinn hvert fer hann þá?

Ef hann er ekki nógu góður fyrir Liverpool þá er hann ekki nógu góður fyrir hin toppliðin. „Það er hægt að sjá af hverju hann er varamaður í liði Klopp,“ sagði Graeme Souness, goðsögn í sögu Liverpool. „Þegar ég horfi á Sturridge tekur maður eftir tækninni hjá honum en maður mun seint kalla hann maraþonhlaupara. Hann hefur e i n s t a k a hæf i l e i k a en á meðan hann er ekki að hugsa um liðið þá verður hann ekki

NAFN: Daniel Andre Sturridge
FÉLAG: Liverpool
TREYJUNÚMER: 15
ALDUR: 27 ára
01-09-1989
HÆÐ: 188 cm
FÆDDIST Í: Birmingham

í byrjunarliðinu á Anfield,“ sagði Souness sem vann fimm deildartitla og þrjá Evrópubikara með Liverpool.

Fiskaði Jón Guðna út af
Daniel Sturridge fæddist 1989 í Birmingham. Hann var í unglingaakademíu Aston Villa og Coventry áður en Manchester City fékk hann til sín 2003. Það varð snemma ljóst að þarna var frábær framherji á ferð. Hann var valinn efnilegasti leikmaður liðsins árið 2009 en skömmu síðar var hann kominn til Chelsea sem borgaði 3,5 milljónir fyrir hann en félagaskiptin fóru fyrir dómstóla. Eins og með marga unga menn þá átti Sturridge eftir að komast að því að það er ekkert grín að komast í byrjunarlið Chelsea og var hann töluvert á bekknum og spilaði varaliðsleiki.

Í einum slíkum fiskaði hann Jón Guðna Fjóluson af velli sem þá var að leika með varaliði Bayern München. Stakk sér til sunds er Jón Guðni var að ná honum. Emre Can, núverandi samherji Sturridge hjá Liverpool, stappaði stálinu í Jón Guðna eftir að dómari rak hann í bað.

Sturridge fór á lán til Bolton árið 2011 þar sem hann sýndi mögnuð tilþrif og skoraði átta mörk í 12 leikjum. André Villas-Boas gaf honum tækifæri og Sturridge nýtti það vel á undirbúnings- tímabilinu. En þá kom smá babb í batinn.

Sturridge hafði fengið rautt spjald gegn Man. City í lokaumferðinni tímabilið áður með Bolton og byrjaði í þriggja leikja banni. Þrátt fyrir að Sturridge missti af leikjunum missti Villas-Boas ekki trúna á hann og hann var kominn með 9 mörk áður en árið var úti. En Chelsea gekk ekki vel og Villas-Boas var látinn fara og Roberto Di Matteo tók við. Sá hafði ekki sömu trú á Sturridge og hann var ónotaður varamaður þegar Chelsea vann sinn stærsta sigur, sjálfa Meistaradeildina árið 2012.

Sturridge missti af undirbúnings tímabilinu með Chelsea það ár vegna þátttöku á Ólympíuleikunum í London. Meiðsli voru farin að hrjá

hann og hann missti af mörgum leikjum. Aftur gekk Chelsea illa og þegar Rafa Benitez tók við Chelsea var Sturridge aftarlega í goggunar- röðinni. Hann samdi við Liverpool í janúar árið 2013. Talið var að Liverpool hefði borgað 12 milljónir punda fyrir piltinn.

Markaskórnir með rembihnút

Liverpool-ferill hans byrjaði með látum. Hann skoraði eftir aðeins sjö mínútur í fyrsta leik sínum í FA-bikarnum og einnig í fyrsta leik sínum í deildinni þegar hann kom inn á gegn Manchester United. Hann byrjaði næsta leik og viti menn. Hann var búinn að reima á sig markaskóna og skoraði. Fyrsta þrennan hans kom í maí gegn Fulham. Fyrsta heila tímabilið hans byrjaði einnig með ofboðslegum látum og hann var valinn leikmaður ágústmánaðar 2013. Aftur var hann valinn leikmaður mánaðarins í febrúar og var einn af sex leikmönnum sem voru tilnefndir sem leikmenn ársins. Hann endaði með 21 mark, var valinn í lið ársins og hreppti silfurskóinn. Aðeins Luis Suarez skoraði fleiri mörk.

En meiðslalukkan var nú tæmd og tímabilið 2014-2015 var Sturridge töluvert frá vegna meiðsla. Hann meiddist í landsleik og var frá í þrjár vikur. En á æfingu meiddist hann aftur og aftur var hann frá í þrjár vikur. Þegar það var að lagast meiddist hann enn á ný og var frá í sex vikur. Heilt yfir var hann frá í fimm mánuði og þegar hann var að komast í form meiddist hann enn á ný og þurfti að fara í aðgerð. Hann spilaði aðeins 19 leiki þetta tímabili.

Síðan þá hefur hann varla borið sitt barr. Tímabilið eftir skoraði hann vissulega mörk en fréttir um meiðslavandráði hans voru meira fréttæfni en markaskorun. Það sem af er þessu tímabili hefur hann verið varaskeifa og spurning hvort hann yfirgefi Liverpool í janúar, þremur árum eftir að hann kom og lofaði að vera lengi á Anfield. En hlutirnir eru fljótir að breytast í fótbolta.



Sturridge gefur mikið af sér til aðdáenda Liverpool-liðsins.



Íslenska landsliðið átti ekki í erfiðleikum með Sturridge.



Klopp hefur reynt mikið að koma sinni aðferðarfræði í kollinn á Sturridge.



Sturridge hefur aðeins byrjað fjóra deildarleiki það sem af er tímabili.

Tölur Sturridge

LIÐ	LEIKIR	MÖRK
Manchester City	21	5
Chelsea	63	13
Bolton	12	8
Liverpool	76	43


DANIEL STURRIDGE ER FRÁBÆR LEIKMAÐUR SEM HJÁLPAR LIÐINU.

Luis Suarez



ÉG VAR EKKI AÐ SKRIFA UNDIR HÉRNA TIL AÐ VERA Í TVÖ ÁR OG FARA SVO ANNAÐ.

Daniel Sturridge



ÞETTA VORU KANNSKI EKKI GÓÐ VIÐSKIPTI FYRIR CHELSEA. ÞETTA LÍTUR ILLA ÚT ÞEGAR MAÐUR HORFIR TIL BAKA.

Frank Lampard



SKRIFSTOFU- SKÓLI NTV OG MÍMIS

ER LANGT SÍÐAN ÞÚ VARST Í NÁMI
EÐA VILTU STYRKJA ÞIG Í STARFI?



HEFST 8. NÓVEMBER
VERÐ: 49.000 KR

ALMENNT SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM MED ÁHERSLU Á AÐ STYRKJA EINSTAKLINGINN OG GERA HANN HÆFARI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STÖRF. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT Í SAMVINNU VIÐ MÍMI-SÍMENNTUN OG ER SNIÐIÐ AÐ FÓLKI SEM HEFUR STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánun samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um ástsælar myndasögur

Á ofanverðri nítjándu öld varð sú tíska útbreidd meðal búa-ingahönnuða þýskra óperuhúsa að láta sögupersónur í hetju-óperum víkingaaldar bera hyrnda hjálma. Engar sögulegar heimildir benda til að slíkur höfuðbúnaður hafi tíðkast í raun og veru, en fljótlega varð hornahjálmurinn hluti af staðalmynd norræna víkingsins. Fyrir viknið eru allar minjagripabúðir á Norðurlöndunum fullar af glingri og fatnaði sem sýnir víkinga með vígaleg horn skagandi út úr hjálmunum.

Sagan hefur að geyma ótal dæmi af þessum toga um það hvernig mynd-

Þessir Rómverjar eru klikk...

skreytingar listamanna, skáldskapur og sviðsetningar móta hugmyndir okkar um fortíðina og festa oft í sessi ranghugmyndir sem vart er nokkur leið að uppræta. Myndasögurnar um Ástrík gallvaska eru þar augljós sökudólgur.

Sögurnar um Ástrík eða Asterix hófu göngu sína í Frakklandi árið 1959 og náðu ótrúlega skjóttum vinsældum. Nánast frá upphafi hafa sögurnar um Ástrík átt í baráttu við Tinnabækurnar um titilinn vinsælustu sögur fransk/belgísku myndasagnahefðarinnar. Sá er þó munurinn að á meðan fullorðnir hafa keypt Tinna fyrir börnin sín og gægst í sögurnar á eftir þeim, hafa

foreldrarinn rennt sjálfir í gegnum Ástríkssögurnar áður en röðin kom að krökkunum.

Það voru listamennirnir René Goscinny og Albert Uderzo sem sköpu Ástrík og sagnaheim hans. Uderzo var teiknarinn en Goscinny handritshöfundur og saman höfðu þeir gert nokkuð vinsælar sögur um Oumpah-pah, hugdjarfan indíána, sem átti ásamt öðrum íbúum litla þorpsins síns í höggi við evrópska landnema í villta vestrinu. Brennandi áhugi á kúrekum og indíán-um hefur raunar alla tíð einkennt fransk/belgísku myndasöguhefðina. Goscinny og Uderzo ákváðu að

skapa nýjan heim í anda Oumpah-pah og finna honum stað í Frakklandi fortíðarinnar. Fyrir valinu varð tímabilið í kjölfar Gallastríðanna, þegar hershöfðinginn Júlíus Sesar bældi0 niður allsherjaruppreisn í Gallíu af gríðarlegri hörku og miskunnarleysi. Stríðinu lauk árið 46 fyrir Krist þegar Gallastríðinginn Vercingetorix gafst upp, var fluttur í hlekkjum til Rómars og síðar lífláttinn.

Skægprúð hetja

Vercingetorix komst í hetjutölu í Frakklandi á ofanverðri nítjándu öld þegar rómantískir listamenn og sagnritarar tóku að draga upp mynd af honum sem upphafsmanni gallverskrar samstöðu, sem aftur hafi lagt grunninn að tilvist frönsku þjóðarinnar. Fljótlega komst á sú hefð að sýna Vercingetorix sem háprúðan mann með gríðarmikið yfirvaraskegg. Stundum skartaði hann líka vængjuðum hjálmi.


Ástríkur gallvaski hafði Vercingetorix að fyrirmynd með myndarlegt skeggið og hjálminn á sínum stað. Uderzo ætlaði í fyrstu að teikna hann sem stóran og stæðilegan kapp, en Goscinny vildi fremur snaggaralega og nánast dvergvaða aðalsöguhetju. Málamiðlunin varð sú að hafa Ástrík litinn en gefa honum tröllaukinn og treggáfaðan

vin og fylgdarmann, Steinrík.

Með vísun til Vercingetorix ákváðu höfundarnir að nöfn á öllum gallverskum persónum bókarinnar skyldu enda á -ix. Ekkert bendir raunar til að sú ending hafi verið algeng í nöfnum Galla til forna, en vegna Ástríkssókanna telja Frakkar almennt í dag að svo hafi verið.

Þetta er ekki eina sögulega villan sem sagnaflokkurinn hefur fest í sessi. Þeir Goscinny og Uderzo láta gaulverska þorpið, sem er nafnlaust á frummálinu en fékk heitið Gaulverjabær í snjallri íslenskri þýðingu, standa í skógarjaðri á Bretagne-skaga. Íbúarnir leggja einkum stund á veiðar í skóginum og borða heilsteikta villigelti í hvert mál. Í raun voru Gallar á þessum tíma hvorki skógarbúar né veiðimenn, heldur stunduðu þeir þróaða akuryrkju og rundu skóga af kappi til að búa til nýtt ræktarland.

Í sögunum er Gaulverjabær eina þorpið í gjörvallri Gallíu sem Rómardil hefur ekki tekist að brjóta undir sig og er það það rækilega umkringgt af heilum fernum rómverskum herbúðum. Í sögunum er mikið gert úr menningarlegu sjálfstæði Gallanna í þorpinu sem halda í sínar hefðir og siði, óflugt við önnur héruð í landinu þar sem rómverska her ræðir þjóðin



hefur þvingað menningu sinni upp á heimamenn. Í dag hafa sagnfræðingar hafnað þessari gömlu túlkun á rómverska hernáminu og benda á að Rómverjar hafi hvorki haft mannafla né bolmagn til að standa í slíkri menningarlegri undirokun. Þess í stað hafi landstjórn Rómaveldis leyft heimamönnum að halda sínum háttum og samfélagið því ekki tekið nein kollsteypur í fyrstu.

Orðagrín og jaðartungur

Ævintýri Ástríks birtust fyrst í myndasöguþröð fyrir börn sem framhaldssögur. Árið 1961 var fyrstu sögunum safnað saman á bók og seldust 6 þúsund eintök fyrsta árið. Næsta bók, árið eftir, seldist þrefalt meira. Árið 1965 var salan orðin 300 þúsund eintök og þegar níunda sagan kom út árið 1969 seldust 1,2 milljónir bóka á fyrstu tveimur sólarhringunum! Í þeirri bók lenti Ástríkur í útistöðum við norræna víkinga (með hornahjálma, hvað annað) þótt blómatími víkinganna hafi raunar verið 800 árum síðar en söguvið Gallastríðanna.

Þessar gríðarlegu vinsældir skýrðust ekki hvað síst af snilli Goscinny við að leika sér með kunnulegar franskir staðalmyndir. Drjúgur hluti Ástríkssókanna gerist á ferðalagi, þar sem gantast er með klisjukenndar imyndir íbúanna á hverjum stað.

Orðaleikir og brandarar sprottnir af mállýskum eru fyrirferðarmiklir í sögunum. Það kann að skýra áhuga málvísindafólks á ævintýrum Ástríks, en þau hafa komið út á ótrúlega mörgum tungumálum – þar á meðal á mállýskum sem ekki eru talaðar nema af fæeinum þúsundum manna og sem lítil hefð er fyrir að nota á prenti. Latínugránar og esperantistar eiga svo vitaskuld sínar útgáfur. Hefur Ástríkur raunar verið nýttur til latinukennslu í skólum víða um lönd.

Allar eru sögurnar fullar af vísunum í fornaldarsöguna, en samtímapólitíkin fær einnig sinn skammt. Þannig gerðu höfundarnir stólpagrín að kosningum og skrumi stjórnmálamanna í bókinni Ástríkur og gjafir Sesars frá árinu 1974, sem kom út um svipad leyti og Frakkar

kusu sér Valéry Giscard d'Estaing sem forseta. Í Ástríki á Godabakka, sem birtist í íslenskri þýðingu Þorsteins Thorarensens í Lesbók Morgunblaðsins, var skotið föstum skotum á arkitektúr og skipulag nýrra franskra borga á sjötta og sjöunda áratugnum og í Obelix et Compagnie eða Steinríkur ehf. frá árinu 1976 reyna Rómverjar að gera þorpsbúa að kapitalistum þar sem gantast er með stefnumál forsætisráðherrans Chiracs sem bregður fyrir í líki ungs hagfræðings.

Steinríkur ehf. var næstsíðasta Ástríkssagan úr penna Goscinny. Hann lést árið 1977 aðeins 51 árs að aldri og var myndasöguunnendum harmdauði. Auk þess að semja handrit Ástríkssókanna var hann höfundur sagnaanna um Lukku-Láka og Flaráð stórvesir.

Geimverur og vatnaskrímsli

Uderzo, sem hafði einbeitt sér að hlutverki teiknarans og aldrei lagt mikið til handritsgerðarinnar, ákvað að halda bókaflökknum áfram einn síns liðs. Sú ákvörðun var skiljanleg þar sem sögurnar móludu gull, fyrir-tæki slógust um að fá að nota Ástrík



... VILDI FREMUR SNAGG-

ARALEGA OG NÁNAST

DVERGVAXNA AÐAL-

SÖGUHETJU.

í auglýsingum sínum, gerðar voru kvikmyndir og jafnvel skemmtigarður í anda Gaulverjabæjar í grennd við París.

Illu heilli reyndist Uderzo þó algjör eftirbátur félaga síns í hlutverki sögumannsins. Frá dauða Goscinny til ársins 2009 samdi hann tíu bækur, sem Ástríkssunnendum ber almennt saman um að standi að baki fyrri sögunum að gæðum. Sumar eru þokkalega samdar, en oftar en ekki er söguþráðurinn óþarflega flókinn, klisjukenndur og ristir grunnt. Botninum var þó náð í bókinni þar sem geimverur frá

öðrum hnöttum börðust í Gaulverjabæ í sögu sem átti augljóslega að vera ádeila á utanríkispólitík George W. Bush Bandaríkjaforseta!

Uderzo lagði pennaveskið á hilluna fyrir fimm árum, þá 84 ára að aldri. Nokkru áður hafði hann tilkynnt þá ákvörðun sína að veita Ástríki framhaldslíf með nýjum höfundum. Nú þegar hafa tver sögur litið dagsins ljós frá höfundinum Jean-Yves Ferri og teiknarannum Didier Conrad. Sú seinni viðheldur þeirri hefð að skírskota til pólitískra samtímaatburða, þar sem Wikileaks og Julian Assange eru í stórum hlutverkum. Fyrri bókinn er hefðbundnari og segir frá heimsókn þeirra Ástríks og Steinríks á Piktaslóðir í Skotlandi. Sem nærri má geta úir þar allt og grúir af staðalmyndabröndurum um niska Skota, hálandaleika, sekkjapípugaul, Loch Ness-skrímsli og grótt viski.

Fyrir nokkrum misserum hófst útgáfa Ástríkssókanna á íslensku að nýju eftir allnokkurt hlé. Fyrir þessi jöl gefst svo íslenskum myndasögumjörðum kostur á að lesa um ævintýri Ástríks í Piktalandi. Sögurnar eru skemmtilegar sem fyrr, en deila má um ágæti þeirra sem kennslurits í sagnfræði.

365

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDALAUSSÍMTÖL & SMS Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB
790 KR

1 GB
1680 KR

5 GB
2680 KR

30 GB*
2990 KR

Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru u-boðir ferðapakkar Evrópski Draumurinn og Ameríski Draumurinn

*30 GB gagnamagn er innifalið. Hverjum mánuði er endalaust gagnamagn fyrir 2.000 ferðir burt úr vörð og innifalið 30 GB

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Ólafur Ingólfsson

lést á Landspítalanum 21. október.
Jarðarförin fer fram í Digraneskirkju
mánudaginn 31. október kl. 13.00.

Emelíta O. Nocon

Emil Ólafur Ólafsson
Fjöla Lára Ólafsdóttir
Emelíta Sóley Ingadóttir
Nikulás Ólafur Ingason

Ingi Már Úlfarsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Einbjargar Hönnu
Jónasdóttur**

Jörfa.

Sérstakar þakkir til kirkjukórs
Kolbeinsstaðakirkju og félaga úr Samkór Mýramanna.

Kristín Jóhannesdóttir
Jónas Jóhannesson
Guðbjörg Jóhannesdóttir
Guðmundur Jóhannesson
Anna Jóhannesdóttir

Sigurður Kr. Sigurðsson
Margrét S. Ragnarsdóttir

Halla Eygló Sveinsdóttir
Birgir F. Erlendsson

ömmubörn og langömmubörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður og afa,
Ólafur Hauks Baldvinssonar
Sólgarði, Fnjóskadal.

Bestu þakkir fær starfsfólk Sjúkrahússins á
Akureyri og Kristnesspítala fyrir hlýja og góða umönnun.

Sigrún Jónsdóttir

Sólrún María Ólafsdóttir
Hafðís Ólafsdóttir
Dagný Ólafsdóttir

Qussay Odeh
Jóhann Hansen

og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Sigurður Vilhelm
Garðarsson**

vélstjóri,

Árnastíg 8, Grindavík,

andaðist að dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hornbrekku
laugardaginn 22. október. Hann verður jarðsungið frá
Grindavíkarkirkju miðvikudaginn 2. nóvember kl. 14.00.

Vilhjálmur Sigurðsson

Jens Sigurðsson

Garðar Hallur Sigurðsson

Jóhanna Harpa Sigurðardóttir

Hjalti Páll Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Helena R. Jónsdóttir

Póra Kristín Sigvaldadóttir

Kristján Steingrímsson

Unnur Guðjónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



„Það er algerlega mögnuð upplifun að búa til persónur og sögur sem maður hafði ekki hugmynd um að væru þarna,“ segir Sigríður Hagalín um skáldsöguna sem hún var að skrifa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kemur upp úr skúffunni

Sigríður Hagalín Björnsdóttir fréttamaður er að gefa út sína fyrstu bók. Eyland, heitir hún og er ástar- og spennusaga með sagnfræðilegu ívafi, samkvæmt höfundinum.

„Þetta var svo falleg og hátíðleg stund að ég er enn þínu meyr,“ segir Sigríður Hagalín Björnsdóttir fréttakona um þá tilfinningu að fá fyrstu bókina sína í hendur. Sú heitir Eyland og er gefin út af Benedikt, nýju forlagi Guðrúnar Vilmundardóttur.

Sigríður kveðst lengi hafa haldið verkefninu algerlega fyrir sig. „Svo leyfði ég manningunum mínum að lesa handritið í sumar og hann sagði, „Sigga, þú ert búin að skrifa bók, en þú þarft faglega aðstoð.“ Þá bað ég Guðrúnu Vilmundardóttur sem þá var nýhætt hjá Bjarti að lesa, bara til að vita hvort það væri eitthvert vit í þessu. Hún greip handritið og var það ánægð með það að hún bauðst til að gefa það út, og síðan hefur allt snúist upp í ótrúlegt ævintýri.“

Hugmyndin að efni bókarinnar kviknaði fyrir tíu árum að sögn Sigríðar. „Ég bjóst alltaf við að einhver annar fengi sömu hugmynd og skrifaði

Bara það að leyfa
ættingjum og vinum að
lesa var miklu stærra skref en ég
ætlaði nokkurn tíma að taka.

um hana en svo gerðist það ekki. Hún var því búin að marinerast í höfðinu á mér í áratug og ég var búin að hugsa plottið og uppbygginguna. Svo tók ég mér þriggja mánaða frí frá síðustu áramótum og skrifaði. Það var ótrúlegt ferli, það lá við að sagan skrifaði sig sjálf. En ég bjóst ekki við að fara með hana neitt lengra.“

Plottið segirðu. Er þetta glæpa-saga? „Nei, það er helst hægt að lýsa henni sem ástar- og spennusögu með pólitísku og sagnfræðilegu ívafi. Samt skáldsaga.“

Hún kveðst aðeins hafa dreift handritinu til sinna nánustu og fengið góð viðbrögð. Það hafi reynst frelsandi. „Bara það að leyfa ættingjum og vinum að lesa var miklu stærra skref en ég ætlaði nokkurn tíma að taka. Ég held þetta sé þínulitid eins og að koma út úr skápnunum – að koma svona upp úr skúffunni. Maður miklar það svo fyrir sér og heldur að það verði svo vandræðalegt og hræðilegt. Svo opnast manni bara nýjar viddir.“

Leitaðirðu eitthvað til Guðmundar Hagalín, langafa þíns, sem skrifaði fjölda bóka á sinni tíð? „Ég veit það ekki. Kannski liggja einhverjir þræðir þarna á milli. Það er algerlega mögnuð upplifun að búa til persónur og sögur sem maður hafði ekki hugmynd um að væru þarna. Þó ég vinni við að skrifa fréttir og það hafi hjálpað mér við að koma textanum frá mér þá hefur skáldskapur ekki verið hluti af starfinu til þessa.“ gun@frettabladid.is

Mergætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**

Útfararstjóri Útfararþjónusta

Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Innilegar þakkir til allra
sem sýndu okkur samúð
og hlýhug við andlát og útför
eiginkonu, móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu okkar,

**Ágústu Fanneyjar
Guðmundsdóttur**

Urriðakvisl 20.

Sérstakar þakkir til þeirra er önnuðust hana
á hjúkrunarheimilinu Eir.

Gunnlaugur Þórhallsson

Vigdís A. Gunnlaugsdóttir

Guðmundur L. Gunnlaugsson

Dagbjört M. Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur I. Gíslason

Dagbjört M. Pálsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Jónína I. G. Melsteð

hjúkrunarfræðingur,
Brekkuseli 26,

sem lést föstudaginn 21. október verður
jarðsungið frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 2. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vildu
minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Gunnar Hjörtur Gunnarsson

Gunnlaugur M. Gunnarsson

Ingibjörg Gunnarsdóttir

Sveinborg H. Gunnarsdóttir

Gísli Héðinsson

Halla Gunnarsdóttir

Pétur Danielsson

Eiríkur G. Ragnars

og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 512 5000.

Það er gefandi að starfa í þessum aldna helgidómi

Í Dómkirkjunni verður hátíðaguðsþjónusta á morgun þegar 220 ár eru liðin frá vígslu hennar. Á eftir bjóða konur upp á messukaffi. Laufey Bööðarsdóttir er kirkjuhaldari.

Dómkirkjan á 220 ára vígsluafmæli á morgun og hefur fagnað því allan þennan mánuð. Við hátíðaguðsþjónustu klukkan 11 predikar sr. Þórir Stephensen þar og fyrrverandi prestar, þau sr. Anna Sigríður Pálsdóttir og sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson, þjóna ásamt settum sóknarpresti, sr. Sveini Valgeirssyni. Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar býður upp á messukaffi á eftir.

Á mánudagskvöldið verður þar svo sálmasýrpa undir stjórn Margrétar Bóasdóttur.

Laufey Bööðarsdóttir sem ólst upp á kirkjustaðnum Búrfelli í Grímsnesi sat í sóknarnefnd Dómkirkjunnar í nokkur ár áður en hún gerðist þar kirkjuhaldari. Hún segir gefandi og skemmtilegt að starfa í þessum aldna og fagra helgidómi. En hvert er hlutverk kirkjuhaldara?

Þetta er höfuðkirkjan og hún þarf að halda í sínar gömlu, góðu hefðir.

„Ég sé um það veraldlega en prestarnir þá andlega,“ útskýrir hún. „Er með fjármálin á minni könnu og sé um viðhald kirkjunnar og safnaðarheimilisins, hvort tveggja eru merkilegar byggingar og ég fæ fagmenn í viðgerðir. Það reynir á að allt gangi upp, hér eru útvarpsupptökur, prestsvígslur og prósessiur. Þetta er höfuðkirkjan og hún þarf að halda í sínar gömlu, góðu hefðir. Svo er ég með prestunum að skipuleggja starfið, þannig að þetta er mjög fjölbreytt vinna og sú skemmtilegasta sem ég hef unnið.“

Laufey segir úrvals starfsmenn í Dómkirkjunni, bæði lærða og leika. „Hér er einhuga og góð sóknarnefnd og förnfúsir sjálfbodaliðar af báðum kynjum sem leggjast á eitt við að efla safnaðarstarfið.“ Hún nefnir sem dæmi Kirkjunefnd kvenna í Dómkirkjunni sem var stofnuð 1930 og hefur í árunna rás „lagt til ófa handtök, öll unnin af kærleika“, eins og hún orðar það. Getur þess líka að konur sem ekki séu í nefndinni komi færandi hendi þegar messukaffi er á borð borði.

Saga Dómkirkjunnar er Laufeyju hugleikin. „Þetta hús geymir mikla sögu, bæði í gleði og sorg og mér finnst mikilvægt að hún gleymist ekki. Slökkvilið borgarinnar hafði til dæmis aðsetur í skruðhúsinu í áratugi og því héldum við slökkviliðsmessu um daginn. Starfsmenn liðsins lásu ritningarlestra, þetta var mjög falleg stund.“

gun@frettabladid.is



Laufey segir starf kirkjuhaldara í Dómkirkjunni það skemmtilegasta sem hún hafi unnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Svanhvít Tryggvadóttir** áður til heimilis að Túngötu 7, Ólafsfirði,

verður jarðsungen frá Ólafsfjarðarkirkju þriðjudaginn 1. nóvember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afpakkaðir, en þeim sem vildu minnst hennar er bent á dvalarheimilið Hornbrekku.

Guðrún Gunnarsdóttir **Jón Gunnarsson**
Finnur Víðir Gunnarsson **Hrefna Magnúsdóttir**
Bergur Gunnarsson **Rósa María Vésteinsdóttir**
Gunnar, Svanhvít, Magnús, Gunnar Konráð,
Freydís Þóra og Katrín Ösp



Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Gyða Sveinbjörnsdóttir

Lambhaga 26, Selfossi,

lést miðvikudaginn 26. október.

Ólafur Th. Ólafsson

börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

Jón Guðmundsson

